2013-2014



Ársskýrsla Grunnskólans á Ísafirði

Grunnskólinn á Ísafirði

júní 2014

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR 1

2. ÝMSAR UPPLÝSINGAR 6

STJÓRNENDUR GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 2013-2014 6
NEFNDIR, RÁÐ OG TEYMI SKÓLAÁRIÐ 2013-2014 6
NEMENDAFJÖLDI SKÓLAÁRIÐ 2013-2014 7
STARFSMENN GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI SKÓLAÁRIÐ 2013-2014 8
FJÖLDI STARFSMANNA/STÖÐUGILDI 9
SKÝRSLA FORELDRAFÉLAGS VETURINN 2013-2014 10

3. SKÝRSLUR UMSJÓNARKENNARA 1.-7. BEKKJA 12

1. BEKKUR 12
2. BEKKUR 16
3. BEKKUR 20
4. BEKKUR 24
5. BEKKUR 28
6. BEKKUR 31
7. BEKKUR 33

4. SKÝRSLUR UNGLINGASTIGS 37

SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA UNGLINGASTIGS 37
8. BEKKUR 40
9. BEKKUR 43
10. BEKKUR 47

5. SÉRGREINAR 52

DANS 52
HEIMILISFRÆÐI 54
ÍÞRÓTTIR 57
TEXTÍLMENNT 58
TÆKNIMENNT 59
TÖLVUVAL 60
HRÆRINGUR 5.-7. BEKKUR 61

6. SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA SÉRKENNSLU 62

7. ÝMSAR SKÝRSLUR 64

BÓKASAFN GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 64
ÁRSSKÝRSLA ÞROSKAÞJÁLFA 65
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF 66
SMIÐJAN 67
TÖLVUSTOFA 67
ÁRSSKÝRSLA VEGNA FABLAB 67
FAGSTJÓRN Í ÍSLENSKU 68
FAGSTJÓRN Í ENSKU 69
FAGSTJÓRN Í DÖNSKU 71
TÆKNIRÁÐ 73
SKÓLARÁÐ 73
FJÁRHAGSÁÆTLUN SKÓLANS 74
STARFSMARKMIÐ VETRARINS 74
SAMRÆMD PRÓF 76
FORFÖLL NEMENDA 76
FORFÖLL STARFSFÓLKS 76
UM INNRA MAT 77
STARFSMANNASAMTÖL 77
AÐKEYPT ÞJÓNUSTA 77
SKRIFSTOFA GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 77
VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ 78
SAMSTARF GRUNNSKÓLANS OG LEIKSKÓLANNA 78

8. SAMVINNA OG TENGSL VIÐ AÐILA UTAN SKÓLANS 79

1. Inngangur

Ársskýrsla Grunnskólans á Ísafirði kemur nú út í ellefta skipti. Sumarið 2004 var fyrstu skýrslu um skólahald GÍ skilað til Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar og fræðslunefndar. Tilgangurinn með ritun hennar er að halda til haga helstu upplýsingum um starfsemi nýliðins skólaárs. Henni er dreift til stjórnar foreldrafélagsins, nemendaráðs, Skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar, fræðslunefndar, bókasafns skólans og stjórnenda skólans. Skýrslan liggur frammi á kaffistofu starfsfólks GÍ og er vistuð á heimasíðu skólans http://grisa.isafjordur.is

Skýrslan er sett saman með það í huga að gefa upplýsingar um allt það góða og fjölbreytta starf sem unnið hefur verið á þessu skólaári í Grunnskólanum á Ísafirði. Skólaárið var viðburðarríkt og einkenndist sem fyrr af gróskumiklu starfi.

Grunnskólinn á Ísafirði var settur 22. ágúst. Þann dag komu nemendur í skólann. Að vanda fjölmenntu foreldrar við skólasetningar og er það alltaf jafn ánægjulegt.

7. bekkur fór í skólabúðirnar að Reykjum 26. september og dvöldu þar við gott yfirlæti í 4 daga.

Nemendur í 10. bekk fóru í vel heppnaða ferð í Jökulfirði í lok ágúst og gengu þeir, ásamt kennurum og nokkrum foreldrum, frá Flæðareyri og yfir í Grunnavík þar sem var gist.

Haustfundir voru í september og október þar sem kennarar kynntu áherslur og viðfangsefni komandi skólaárs.

Norræna skólahlaupið var haldið 11. september og er markmiðið með hlaupinu að hvetja nemendur til þess að æfa hlaup og auka með því útiveru og hreyfingu.

Í september voru líka hinar árlegu fjallgöngur og haustgönguferðir nemenda og starfsfólks. Tilgangur ferðanna er m.a. að upplifa saman nærumhverfi sitt og stórkostlega náttúru og efla samkennd og samvinnu nemenda. Hver bekkur fer í ákveðna gönguferð með kennurum og öðrum starfsmönnum. Gönguleiðin þyngist með hverju ári og í lok 10. bekkjar ættu nemendur að hafa gengið á flest fjöll í nágrenni Ísafjarðar.

Elfar Logi Hannesson (Kómedíuleikhúsið) var með skemmtilega sýningu fyrir 1. bekk og færði bekkjunum hljóðdisk með Galdrasögum.

17. september voru skólatónleikar á vegum Tónlistar fyrir alla. Að þessu sinni var það hljómsveitin Skuggamyndir frá Býsans sem heimsótti okkur.

Styrktarfélag fatlaðra á Vestfjörðum færði Grunnskólanum á Ísafirði gjafabréf að fjárhæð kr. 200.000. Gjöfinni er ætlað að nýtast nemendum með sérþarfir og kemur svo sannarlega að góðum notum.

Breyting var gerð á skóladegi nemenda í 1.-4. bekk. Hlé var gert á skóladegi þeirra í eina klukkustund og þeim gert kleift að sækja frístundir á þeim tíma, svo sem íþróttir, tónlist og valnámskeið í Dægradvöl.

Í 5.-7. bekk var boðið upp á aukið val, sem við köllum hræring. Tvær stundir tvisvar í viku gátu nemendur valið ýmis námskeið, sum voru í níu vikur, önnur allan veturinn. Sem dæmi um námskeið er kór, lúðrasveit, íþróttir, útivist, mósaik, skartgripagerð, dans, spil, skák, skrautskrift og fleira.

20. september afhenti Ómar Helgason skólanum formlega hreystibraut sem sett var upp á skólalóðinni nú í haust. Ómar smíðaði sjálfur þessa braut og setti hana upp, en auk hans lögðu Íslandsbanki, Landsbankinn, 3X Technology, Sjóvá, TM, VÍS og Húsasmiðjan sitt af mörkum til að þessi draumur gæti orðið að veruleika.

Samræmd könnunarpróf voru lögð fyrir 10. bekkingana 23.-25. september í íslensku, ensku og stærðfræði. 26. og 27. september voru svo prófin í 4. og 7. bekk.
Þann 26. september hófst formlega Comeniusarverkefni All diffrent, all same. 10. bekkur var í samstarfi við skóla í Kýpur, Portúgal, Rúmeníu og Póllandi og var áherslan á ýmiss konar samskipti, gagnkvæmar heimsóknir og samskipti á netinu og fóru öll samskipti fram á ensku.

Farkennarinn Julie Fleischmann kom til starfa í G.Í. í september og dvaldi hér fram í desember. Markmiðið með dvöl hennar var að efla dönskukennslu, sérstaklega með tilliti til kennslu í munnlegri tjáningu og miðlun danskrar menningar.

1. október var haldið nemendaþing hér í skólanum. Tilgangurinn með þinginu var að efla vitund nemenda um eigin ábyrgð í skólastarfinu og fá fram sjónarhorn þeirra á hlutverk aðila skólastarfsins og hvað hver og einn getur gert til að hafa jákvæð áhrif á daglegt starf í skólanum. Þátttakendur þingsins voru allir nemendur í 6. - 10. bekk og var aldursblandað í hópa. Borðstjórar voru valdir úr hópi eldri nemenda og voru nokkrir kennarar til aðstoðar.

Boðið var upp á þriggja kvölda námskeið fyrir foreldra barna í 1.bekk. Á námskeiðinu var fjallað um ýmsa hagnýta þætti er varða skólagöngu barna og svo hugmyndafræði Uppbyggingar sjálfsaga – uppeldis til ábyrgðar.

2. október fór allur skólinn í skrúðgöngu sem markaði lok átaksins „Göngum í skólann“. Á fimmta hundrað manns gekk um götur bæjarins og endaði á Silfurtorginu.

Forvarnardagurinn var haldinn 9. október. Dagskrá var af því tilefni hjá 9. bekk.

10. október var nemendum boðið upp á bókmenntadagskrána Skáld í skólum, sem var á vegum Rithöfundasambands Íslands í samvinnu við Miðstöð íslenskra bókmennta. Rithöfundarnir Hildur Knútsdóttir og Ísfirðingurinn Eiríkur Örn Norðdahl lásu ljóð og prósa, sýndu teiknimyndir og leiknar stuttmyndir.

Fimmtudaginn 11. október var haldin hin árlega íþróttahátíð í Bolungarvík. Þar mættust nemendur í 8.-10. bekk af Vestfjörðum og kepptu í ýmsum íþróttagreinun.

Þemadagar, undir yfirskriftinni Framfarir og sköpun voru dagana 31. október og 1. nóvember og voru helstu viðfangsefni Tækninýjungar - saga tækninnar og nýsköpun,Vísindamenn / uppfinningamenn, Skip tengd Skutulsfirði, Ísafjörður - menning og listir, Ísafjörður - framfarir og skipulag.

2.nóvember bauð skólinn öllum foreldrum og starfsmönnum á samræðufund um skólastarfið.

Skáldavika var haldin hér í skólanum um miðjan nóvember og að þessu sinni var það vikan helguð Þórarni Eldjárn.

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur 16. nóvember. Stóra upplestrarkeppnin var sett í Hömrum og unnu nemendur skólans fjölbreytt verkefni í tilefni dagsins. Nemendur og starfsfólk hittus í anddyri skólans og sungu saman nokkur lög í tilefni dagsins
20. nóvember var rýmingaræfing í skólanum í samstarfi við Slökkvilið Ísafjarðarbæjar.

29. nóvember var söngleikurinn Söngvaseiður frumsýndur og var það sýnt í tilefni 1. des hátíðarinnar. Leikarar komu úr hópi nemenda í 8.-10. bekk og leikstýrði Elfar Logi Hannesson söngleiknum

Foreldrafélag skólans stóð fyrir jólaföndurdegi fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra þann 30. nóvember.

Dagur íslenskrar tónlistar var haldinn hátíðlegur 2. desember og sameinuðust starfsfólk og nemendur við útvarpstækin og sungu saman nokkur lög.

2.desember var opinn dagur og foreldrar og aðrir forráðamenn hvattir til að koma við í skólanum.

Í byrjun desember fékk 3. bekkur heimsókn frá starfsmönnum slökkviliðsins í tilefni eldvarnarvikunnar.

Þröstur Jóhannesson rithöfundur kom í heimsókn 16. desember og las upp úr bók sinni Sagan af Jóa fyrir nemendur á miðstigi.

18. desember buðu kórar, skipaðir nemendum úr 1.-4. bekk og 5.-7.bekk, okkur upp á nokkur jólalög.

Wilhelm Norðfjörð skólasálfræðingur var með opinn fyrirlestur um samkipti 20. janúar.

Þorrablót 10. bekkjar var haldið 24. janúar.

Guðríður Sigurðardóttir og Sveinfríður Olga Veturliðadóttir kynntu nemendaþingið á ráðstefnu danska menntamálaráðuneytisins í Kaupmannahöfn 28. janúar.

Hið árlega Rósaball 10.bekkjar var haldið 14. febrúar.

14. febrúar tóku nemendur í 8. - 10. bekk þátt í femíniskri flóðbylgju í Menntaskólanum á Ísafirði. Þar dansaði fjöldi manna af gleði og krafti fyrir mannréttindum kvenna og sýndu í verki að þeim stendur ekki á sama um það ofbeldi sem stúlkur og konur verða fyrir.

Um miðjan febrúar fór fram rithöfundakynning á bókasafni skólans. Rannveig Halldórsdóttir, bókasafnsfræðingur, kynnti og las úr verkum Sigrúnar Eldjárns fyrir yngri nemendur og Þórðar Helgasonar fyrir eldri nemendur.

3.-7. mars var hópur nemenda í 10. bekk ásamt umsjónarkennurum og skólastjóra í Portúgal vegna Comeniusarverkefnisins Öll ólík, öll eins.

Maskadagurinn var með hefðbundnu sniði í skólanum 3. mars.

7. mars var skólakeppni Stóru upplestrarkeppninnar. Tíu nemendur tóku þátt en 6 þeirra voru valdir til að taka þátt í lokakeppninni.

Útivistardagur skólans í Tungudal var 12. mars og áttu allir nemendur í 5.-10. bekk góðan dag á dalnum.

13. mars var grunnskólakeppni í glímu í íþróttahúsinu við Torfnes. Um 60 nemendur í 5.-10. bekk tóku þátt, þar af 45 frá GÍ.

14. mars var lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar. Sigurvegari í ár kom frá Grunnskólanum á Þingeyri en Rakel María Björnsdóttir frá GÍ varð í öðru sæti og Þórður Gunnar Hafþórsson frá GÍ í því þriðja.

GÍ tók þátt í riðlakeppni Skólahreysti MS 27.mars. Keppendur okkar stóðu sig vel en komust þó ekki áfram.

Í mars voru lagðar fyrir nemendur 5. -10. bekkjar nokkrar spurningar varðandi lestrarvenjur þeirra. Sambærilegar kannanir höfðu verið lagðar fyrir þennan aldurshóp þrisvar áður, þ.e. 1999, 2004 og 2009 svo að við höfum nokkuð gott yfirlit yfir þær breytingar sem hafa orðið á lestrarvenjum barna á þessum aldri síðustu 15 árin og einnig koma viðhorf þeirra til lesturs vel fram. Herdís Hübner, kennari við skólann, hefur haft veg og vanda að þessum könnunum og tekið saman niðurstöður.

Árshátíð skólans var dagana 3. og 4. apríl. Allir nemendur tóku þátt og var yfirskriftin að þessu sinni Öll ólík, öll eins.

9. apríl héldu nemendur í 4. og 8. bekk sameiginlega tónleika fyrir bekkjarfélaga sína.

23. apríl kom hópur af erlendum gestum í heimsókn til okkar. Þetta er hópur kennara og nemenda frá Kýpur, Portúgal, Póllandi og Rúmeníu sem var hér í tengslum við Comeniusarverkefni sem skólinn er þátttakandi í og hefur yfirskriftina: All different, all the same, Europe's children

28. apríl n.k. var kynningarfundur ADHD samtakanna haldinn kl. 14.30 í sal Grunnskólans á Ísafirði, í samvinnu við Velferðarráðuneytið.

Þorgrímur Þráinsson var með fyrirlestur fyrir unglingastig 5. maí, Verum ástfangin af lífinu.

7. maí var freestyle keppni í skólanum. Keppnin var fyrir 6. og 7. bekk og hafði Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir veg og vanda af henni.

9. maí fengum við góða heimsókn, frá MND-félaginu, sem hélt sinn mánaðarlega fund hér á Ísafirði í þetta skiptið, undir yfirskriftinni *Lífið er yndislegt*. Guðjón Sigurðsson, formaður félagsins, hélt fyrirlestur um sjúkdóminn fyrir nemendur 8. - 10. bekkjar. Nemendur í 6. og 9. bekk höfðu gert athugun á aðgengi fatlaðra hér í bæ og kynntu niðurstöður sínar á fundinum.

Um miðjan maí bauð Greinigarstöð ríkisins starfsmönnum upp á tvo fræðslufundi um einhverfu.

Í byrjun maí fékk 1. bekkur góða gesti í heimsókn en þá komu Kiwanismenn frá Kiwanisklúbbnum Básum á Ísafirði með reiðhjólahjálma handa öllum árganginum.

Nemendum í 9. g 10. bekk var boðið upp á fjármálafræðslu og fór 9. bekkur í heimsókn í banka bæjarins en skattstjórinn heimsótti 10. bekk.

Starfsfólk skólans bauð 10. bekk í kveðjukaffi á kaffistofunni síðasta kennsludag þeirra.

Nemendur 10. bekkjar lögðu af stað í skólaferðalagið sitt 25. maí. Stefnan var tekin á Steinsstaði í Skagafirði. Nemendur gerðu sér margt til skemmtunar, m.a. flúðasigling, litabolta, þrautir, sund og fleira.

Á vordögum var mikið um uppbrot í kennslunni. 7. bekkur átti skemmtilegan dag með leikskólanemum, 6. bekkur gróðursetti tré, 5. bekkur heimsótti Náttúrustofu Vestfjarða, 4. bekkur fór í skógarferð, 3. bekkur fór í Dýrafjörð, 2. bekkur skoðaði fugla. Ótal ferðir og verkefni eru ótalin og má lesa nánar um þetta í skýrslum árganganna.

Þann 23. maí var 1. bekk boðið í heimsókn til Íslandssögu og Klofnings á Suðureyri til að kynna starfsemi fyrirtækjanna. Þessi heimsókn er orðin árlegur viðburður og hefur ætíð gengið vel í alla staði. Mjög höfðinglega var staðið að heimsókninni þar sem fyrirtækin buðu upp á rútu til að komast á staðinn ásamt því að leysa nemendur og starfsfólk út með fisk í soðið.

28. var í vorverkadagur í skólanum. Dagurinn var samstarfsverkefni Ísafjarðarbæjar og skólans og hluti af grænni viku hjá Ísafjarðarbæ. Árgangar skólans skiptu með sér verkum, sumir gróðursettu plöntur, aðrir tíndu rusl og fegruðu bæinn, það voru settar niður kartöflur og fjörur hreinsaðar.

Leikjadagar voru fyrir yngsta- og miðstig og frjálsíþróttamót fyrir 5.-10. bekk.

Það var sérstaklega skemmtilegur dagur í GÍ þann 4. júní en þá komu tilvonandi fyrstu bekkjar nemendur í heimsókn. Þau unnu skólaverkefni með kennurunum Árnýju Herbertsdóttur og Helgu Aðalsteinsdóttur. Þetta var skemmtilegur hópur og tökum við á móti þeim full tilhlökkunar í haust.

5. júní var útskriftardagur 10. bekkinga. Nemendur voru kvaddir við hátíðlega athöfn. Ræður voru fluttar og viðurkenningar veittar til þeirra nemenda sem skarað höfðu framúr á ýmsum sviðum. Einnig fluttu nemendur í 10. bekk tónlistaratriði.

Eins og fyrr kom fram er tilgangur með ársskýrslu skólans að segja frá því fjölbreytta starfi sem unnið er í Grunnskólanum á Ísafirði. Í innganginum hefur verið stiklað á stóru og nánari upplýsingar er að fá í ýmsum köflum sem hér koma á eftir. Öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum við gerð skýrslunnar eru færðar góðar þakkir.

Ísafirði í júní 2014,

Sveinfríður Olga Veturliðadóttir

Skólastjóri

2. Ýmsar upplýsingar

Stjórnendur Grunnskólans á Ísafirði 2013-2014

Skólastjóri	Sveinfríður Olga Veturliðadóttir
Aðstoðarskólastjóri	Jóna Benediktsdóttir
Deildarstjóri unglingastigs	Guðbjörg Halla Magnadóttir
Deildarstjóri sérkennslu	Rannveig Þorvaldsdóttir
Námsráðgjafi	Inga Bára Þórðardóttir
Húsvörður	Hermann Hákonarson

Nefndir, ráð og teymi skólaárið 2013-2014

Uppeldi til ábyrgðar	Bryndís Bjarnason Erna Sigrún Jónsdóttir Herdís Hübner Jón Hálfdán Pétursson
Heimasíða	Helga Sigfríður Snorradóttir
Fulltrúar í skólaráði	Alma Björk Sigurðardóttir Hlíf Guðmundsdóttir Laufey Eyþórsdóttir
Nemendaverndarráð	Jóna Benediktsdóttir aðstoðarskólastjóri Rannveig Þorvaldsdóttir deildarstjóri Inga Bára Þórðardóttir námsráðgjafi Guðbjörg Halla Magnadóttir deildarstjóri Rakel Ingvarsdóttir skólahjúkr.fr
Skólahjúkrunarfræðingur	Rakel Ingvarsdóttir
Trúnaðarmenn kennara	Helga S. Snorradóttir Erna Sigrún Jónsdóttir (til vara)





Nemendafjöldi skólaárið 2013-2014

Bekkir	**Drengir**	**Stúlkur**	**Alls**	**Umsjónarkennari**
1. HA	5	8	**13**	Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir
1.KO	7	5	**12**	Kristín Berglind Oddsdóttir
2.JH	9	9	**18**	Jón Heimir Hreinsson
2.SG	9	9	**18**	Sigþrúður Gunnsteinsdóttir
4. ÁL	13	14	**27**	Árný Herbertsdóttir Laufey Eyþórsdóttir
5. EJ	10	18	**28**	Erna Sigrún Jónsdóttir
6.BH	11	11	**22**	Bergljót Halldórsdóttir
6.HG	12	10	**22**	Hlíf Guðmundsdóttir
7.AY	9	10	**19**	Auður Yngvadóttir
7.HS	8	11	**19**	Helga Sigfríður Snorradóttir
8.HK	18	19	**37**	Guðný Harpa Henrysdóttir Kristín Ólafsdóttir
9.BG	19	20	**39**	Bryndís Bjarnason Guðríður Sigurðardóttir
10. HM	27	16	**43**	Guðríður Sigurðardóttir Kristín Ólafsdóttir
Alls	**171**	**180**	**351**	

Starfsmenn Grunnskólans á Ísafirði skólaárið 2013-2014

Alma Björk Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi
Amy Melissa Reynisdóttir	Stuðningsfullrúi
Atli Freyr Rúnarsson	Íþróttakennari
Auður Yngvadóttir	Umsjónarkennari 7. bekk
Árni Heiðar Ívarsson	Íþróttakennari
Árný Einarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Árný Hallfríður Herbertsdóttir	Umsjónarkennari 4. bekk
Berglind Árnadóttir	Sérkennari
Bergljót Halldórsdóttir	Umsjónarkennari 6. bekk
Birgitta Rós Guðbjartsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Bryndís Bjarnason	Umsjónarkennari 9. bekk
Bryndís Friðgeirsdóttir	Stundakennari
Carolin Ursula Kraus	Bókavörður
Elísasbet Una Jónsdóttir	Aðstoðarmatráður
Erna Björk Jónsdóttir	Skólaliði
Erna Sigrún Jónsdóttir	Umsjónarkennari 5. bekk
Fríða Rúnarsdóttir	Grunnskólakennari
Guðbjörg Gísladóttir	Stuðningsfulltrúi
Guðbjörg Halla Magnadóttir	Deildarstjóri unglingastigs
Guðbjörg Jónsdóttir	Skólaliði
Guðfinna B. Guðmundsdóttir	Skólaliði
Guðlaug Jónsdóttir	Grunnskólakennari
Guðlaugur Viðar Valdimarsson	Grunnskólakennari
Guðný Harpa Henrysdóttir	Umsjónarkennari 8. bekk
Guðný Stefanía Stefánsdóttir	Íþróttakennari
Guðríður Sigurðardóttir	Umsjónarkennari 9. bekk
Guðrún S. Bjarnadóttir	Skólaritari
Guðrún Valborg Kristinsdótir	Stuðningsfulltrúi
Heiða Dögg Guðmundsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir	Umsjónarkennari 1. bekk
Helga Sigfríður Snorradóttir	Umsjónarkennari 7. bekk
Herdís Magnea Hübner	Umsjónarkennari 10. bekk
Hermann Hákonarson	Húsvörður
Hlíf Guðmundsdóttir	Umsjónarkennari 6. bekk
Inga Bára Þórðardóttir	Námsráðgjafi
Ingvar Örn Ákason	Stuðningsfulltrúi
Jón Hálfdán Pétursson	Íþróttakennari
Jón Heimir Hreinsson	Umsjónarkennari 2. bekk
Jóna Benediktsdóttir	Aðstoðarskólastjóri
Kolbrún Guðjónsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Kristín Berglind Oddsdóttir	Umsjónarkennari 1. bekk
Kristín Ólafsdóttir	Umsjónarkennari 8. bekk
Laufey Eyþórsdóttir	Umsjónarkennari 4. bekk
Magnúsína L. Harðardóttir	Umsjónarkennari 3. bekk
Margrét Björk Ólafsdóttir	Grunnskólakennari
Mariam Esmail	Stuðningsfulltrúi
María Berglind Kristófersdóttir	Skólaliði

María Friðgerður Lárusdóttir	Umsjónarkennari 3. bekk
Monica Mackintosh	Umsjónarkennari 10. bekk
Ragnhildur Inga Sveinsdóttir	Skólaliði
Rakel Rut Ingvadóttir	Hjúkrunarfræðingur
Rannveig Gissurardóttir	Grunnskólakennari
Rannveig Halldórsdóttir	Bókasafnsfræðingur
Rannveig S. Pálsdóttir	Grunnskólakennari
Rannveig Þorvaldsdóttir	Deildarstjóri sérkennslu
Sigfríður Ingibjörg Karlsdóttir	Grunnskólakennari
Sigríður F. Jónbjörnsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sigríður Jónsdóttir	Skólaliði
Sigrún Eva Friðþjófsdóttir	Danskennari
Sigþrúður Gunnsteinsdóttir	Umsjónarkennari 2. bekk
Snorri Gunnlaugur Bogason	Matráður
Sóley Veturliðadóttir	Þroskaþjálfi
Svanfríður Arnórsdóttir	Skólaritari
Svava Traustadóttir	Stuðningsfulltrúi
Sveinfríður Olga Veturliðadóttir	Skólastjóri
Teresa Maria Richter	Skólaliði
Viðar Kristinsson	Leiðbeinandi
Þóra Karlsdóttir	Grunnskólakennari

Fjöldi starfsmanna/stöðugildi

Við skólann starfa 38 kennarar og þar af 4 stjórnendur í samtals 3,2 stöðugildum. Inn í þessari tölu er líka námsráðgjafi í 60% stöðu. Eftir standa 33 kennarar í 32,03 stöðugildum. Þess má geta hér að 11 kennarar eru komnir með kennsluaflslátt, þar af eru 4 kennarar með tveggja tíma afslátt, 5 kennarar með 7 tíma afslátt og 2 kennarar eru í 49% stöðu.
Aðrir starfsmenn eru 26. Þar af eru 12 stuðningsfulltrúar í samtals 7,8 stöðugildum. Fjórir starfsmenn (3,5 stöðugildi) eru í mötuneytinu. Skólaliðarnir eru 6 og hver um sig í fullu starfi sem og húsvörðurinn. Skólaritararnir eru tveir í samtals 0,875 stöðugildi og starfsmennirnir eru tveir á bókasafni skólans í samtals 1,13 stöðugildum. Stöðugildi annars starfsfólks er því samtals 20,3.

Samstarf heimilis og skóla

Grunnskólastefna Ísafjarðarbæjar hefur það að leiðarljósi að skólastarf sé samvinnuverkefni nemenda foreldra og starfsfólk skólanna. Grunnskólinn á Ísafirði leggur áherslu á að stuðla að virku samstarfi við foreldra. Gefin er út skólahandbók á hverju hausti sem er birt á heimasíðu skólans. Heimasíða skólans er uppfærð reglulega og allar upplýsingar og fréttir er varða skólastarfið birtast þar. Foreldrar hafa aðgang að upplýsingum um börn sín í Mentor.is. Nemendur í 1.-7. bekk fá heimavinnuáætlanir í hverri viku en á unglingastiginu er oft sendur tölvupóstur til foreldra um heimavinnu.

Á fyrstu vikum skólaársins boða umsjónarkennarar til kynningafunda fyrir foreldra. Nemendum í tilvonandi 1. bekkjum er boðið að koma í vorskóla og að hausti eru börnin boðuð til viðtals við væntanlegan kennara ásamt foreldrum sínum. Tveir viðtalsdagar voru haldnir á árinu, í nóvember og febrúar. Jafnframt voru foreldrar boðnir í skólann á skemmtanir. Foreldrum og aðstandendum er einnig boðið á sérstakar árshátíðarsýningar.

Kynningarfundur var haldinn í lok maí fyrir nemendur og foreldra í 9. bekk um væntanlegt starf næsta vetrar. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við kennara barna sinna í skólann, símleiðis eða með tölvupósti og skólinn gerir slíkt hið sama. Gott samstarf hefur einnig verið við stjórn foreldrafélags og foreldraráðs.

Skýrsla foreldrafélags veturinn 2013-2014

Í mörg ár hefur Foreldrafélag verið starfandi við Grunnskólann á Ísafirði. Félagar í því félagi eru foreldar og forráðamenn nemenda við Grunnskólann á Ísafirði. Um 180 heimili standa að baki félaginu.

Aðalfundur Foreldrafélags Grunnskólans á Ísafirði (hér eftir nefnt FFGÍ) fór fram þann 2. október 2014. 30 foreldrar mættu á aðalfundinn. Tveir stjórnarmenn gengu úr stjórn, Martha Lilja Marthensdóttir Olsen meðstjórnandi og Þórdís Lilja Jensdóttir gjaldkeri. Ný inn í stjórn komu Gísli E. Úlfarsson, Gunnar Jónsson og Sigríður Ó. Kristjánsdóttir. Stjórnina skipa nú Heiðrún Tryggvadóttir formaður, Sigríður Ó. Kristjánsdóttir gjaldkeri, Thelma E. Hjaltadóttir ritari, Birna Lárusdóttir, Gísli E. Úlfarsson og Gunnar Jónsson meðstjórnendur.

Stjórn FFGÍ hittist nokkrum sinnum í vetur auk þess að eiga í töluverðum tölvupóstssamskiptum. Helstu mál sem stjórnin lagði áherslu á voru m.a.:
Skólalóðin. Eitt af helstu baráttumálum núverandi stjórnar FFGÍ hefur verið bætt skólalóð. Nú hyllir undir áframhaldandi framkvæmdir á lóðinni en töluverðar framkvæmdir fóru fram á lóðinni á síðasta ári. Stjórnin hefur ákveðið að gefa leiktæki á skólalóðina sem vonandi mun nýtast sem flestum börnum.

Málþing um skólamál. Laugardaginn 2. nóvember var öllum foreldrum og forráðamönnum barna í Grunnskólanum á Ísafirði boðið á málþing um skólamál í sal skólans. Um 30 foreldrar mættu ásamt starfsmönnum og stjórnendum GÍ. Sköpuðust áhugaverðar umræður og bauð FFGÍ upp á súpu í málþingshléi.
Jólaföndur. Laugardaginn 30. nóvember 2013 stóð FFGÍ fyrir jólaföndri í sal skólans. Mjög góð mæting var á föndrið en á annað hundrað börn, foreldrar og ættingjar mættu og föndruðu saman, drukku kakó og borðuðu piparkökur.

Fræðslufundur um nýja aðalnámskrá frá Heimili og skóla. Þann 12. september fór fram fræðslufundur um nýja aðalnámskrá grunnskóla á vegum samtakanna Heimilis og skóla. Á vordögum stóð til að halda í samvinnu við önnur foreldrafélög á svæðinu fyrirlesturinn Ást

gegn hatri. Ekki náðist að finna hentugan tíma en stefnt er að því að halda fyrirlestur fljótlega í haust.

Samráðsfundir við skólastjórnendur. Stjórnin hefur lagt á það áherslu við stjórnendur GÍ að hittast á reglulegum samráðsfundum að hausti og að vori. Voru tveir slíkir fundir í vetur, annar í desember og hinn í apríl. Tókust þessir fundir vel og er það von stjórnar að slíkir fundir verði fastir liðir og jafnvel að þeir verði stækkaðir þ.a. fleiri foreldrar komi að umræðunum. Foreldrar eiga tvo fulltrúa í skólaráði en skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Í skólaráði fyrir hönd foreldra sitja nú Heiðrún Tryggvadóttir og Sigríður Ó. Kristjánsdóttir.

Styrkir. FFGÍ hefur að mestu haldið í sjóð sinn svo hægt verði að veita myndarlegan styrk til skólalóðarmála þegar þar að kemur.
Fréttabréf. Stjórn FFGÍ tók þá ákvörðun á síðasta skólaári að gefa út fréttabréf þar sem sagt væri frá helstu verkefnum FFGÍ. Kom í vetur út eitt slíkt sem sent var foreldrum/forráðamönnum í tölvupósti.
Ýmisleg önnur mál komu inn á borð félagsins. Má þar nefna frímínútnamál en félagið hefur beitt sér fyrir aðgerðum til að bæta frímínútnabrag í skólanum. Fleiri mál komu einnig inn á borð stjórnar sem ekki verða tíunduð hér en ljóst er að næg verkefni á hinum ýmsu sviðum bíða FFGÍ á nýju skólaári. Allar hugmyndir og athugasemdir sem varða FFGÍ eða málefni því tengdu eru vel þegnar, þetta er félagið okkar allra og gott og öflugt foreldrafélag skiptir miklu máli í skólastarfi.

Heiðrún Tryggvadóttir, formaður

3. Skýrslur umsjónarkennara 1.-7. bekkja

1. bekkur





Nemendur árgangsins voru 25. Nemendur skiptust þannig í lok skólaársins: 13 í 1-HA og 12 í 1-KO. Helga E. Aðalsteinsdóttir var með 1-HA og Kristín B. Oddsdóttir var með 1-KO. Kennt var í stofum 217 og 218. Árgangurinn fékk 3 tíma á viku í sérkennslu og sá Rannveig S. Pálsdóttir um hana. Aðrir kennarar voru: Guðný Stefanía Stefánsdóttir sem sá um íþróttakennslu og sund í 1-KO. Guðný sá um útivist ásamt Kristínu. Guðlaug Jónsdóttir sá um heimilisfræðikennslu. Elfar Reynisson og Viðar Kristinsson kenndu tæknimennt í báðum bekkjum og Guðríður kenndi sund í 1-HA. Í árganginum var Kolbrún Guðjónsdóttir stuðningsfulltrúi hluta úr vetri. Sóley Veturliðadóttir var með stuðning við 1 nemanda, eina kennslustund í viku.

Eftirfarandi fög voru kennd: Íslenska 7 stundir, stærðfræði 6 stundir, samfélags- og náttúrufræði 4 stundir, kristinfræði og lífsleikni 1 stund, upplýsingatækni 1 stund Myndmennt 2 stundir, handmennt 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, tónmennt 1 stund, tæknimennt 1 stund og dans 1 stund. Heimilisfræði var kennd allan veturinn og var nemendum skipt í 3 hópa. Hver hópur fór á þriggja vikna fresti í tvo tíma á viku í heimilisfræði og á móti henni var kennd handmennt.

Vert er að taka fram að námsgreinar skarast mikið hjá yngstu nemendunum og oft erfitt að greina þar á milli. Þannig var það líka hjá okkur í vetur. Þó svo að hér séu fögum gerð skil á einhvern hátt þá var mjög auðvelt að tengja fögin saman á marga vegu.

Íslenska
Í 1. bekk er aðaláherslan í íslensku á að kenna bókstafi og lestur. Grunnskólinn á Ísafirði tók þátt í þróunarverkefni í vetur á vegum HA sem nefnist Byrjendalæsi og vorum við á síðari ári innleiðingar. Lestrarkennsluaðferðin Byrjendalæsi hefur verið þróuð á vegum Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Hér er um samvirka kennsluaðferð að ræða sem ætluð er til lestrarkennslu barna í 1. og 2. bekk. Meginmarkmiðið er að börnin nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni. Aðferðin gerir ráð fyrir því að hægt sé að

mæta börnum með ólíka þekkingu og færni þar sem áherslan er á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.
Vinnan í lestarkennslunni var mjög fjölbreytt og voru tveir bókstafir lagðir inn í hverri viku. Nemendur fengu að spreyta sig á mörgum og ólíkum verkefnum sem áttu að stuðla að færni og skilningi þegar kom að lestri og ekki hvað síst að því að hafa ánægju af því að lesa. Áhersla á heimlestur var mikil og unnu nemendur einnig hljóðsögu heima í tengslum við stafi vikunnar.
Læsi, lesskimunarpróf voru lögð fyrir í nóvember, febrúar og apríl og voru niðurstöðurnar sendir til HA þar sem lesið var úr og skólinn fékk samanburð á stöðu sinni og annarra skóla sem voru þátttakendur í Byrjendalæsi. Nemendur tóku síðan hraðlestrarpróf í maí og stefnt var að því að nemendur næðu að lesa 50 atkv/mín að vori og einnig var lesskilningspróf lagt fyrir að vori.

Í skrift var lögð áhersla á að nemendur héldu rétt á skriffæri og drægju rétt til stafs. Nemendur unnu skriftaræfingar, bæði frjálst og eftir forskrift, í tengslum við stafi vikunnar auk fjölda annarra skriftarverkefna.

Stærðfræði
Undirstöðuhugtök stærðfræðinnar voru áhersluatriðin hjá okkur í 1. bekk. Áhersla var lögð á að nemendur ynnu með og þekktu tölur frá 0 og upp í 20, plús, mínus, talnaröð, talnalestur, talnalínu og talnaskilning svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fengu einnig þjálfun í að ræða og rökstyðja svör sín og niðurstöður og voru fjölbreytt verkefni unnin í þeim tilgangi. Hlutbundin vinna var mikil og notuðu nemendur t.a.m. kubba, talnagrindur og kennslupeninga þegar unnið var að úrlausnum.
Nemendur tóku lokapróf í stærðfræði sem var lagt fyrir í maí.

Samfélags- og náttúrufræði
Í skólabyrjun var nemendum kynnt nánasta umhverfi skólans. Mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélaga var einnig tekið fyrir og það að tilheyra hópi. Í tengslum við þetta var farið í gönguferðir um skólann og nánasta umhverfi hans og einnig í fjallgöngu í Stórurð og þá voru kennileiti og örnefni í heimabyggð einnig skoðuð. Í þessum ferðum var einnig hugað að veðri og árstíðir og tímaröð voru einnig á dagskrá í tengslum og í framhaldi af þessu sem og hátíðir eins og jól og páskar. Umferðarreglur og aðgát í umferðinni voru einnig umfjöllunarefni okkar og fengum við lögregluna í heimsókn þegar líða fór á vorið sem áréttaði ýmislegt sem vert er að hafa í huga þegar vorið og sumarið eru á næsta leyti. Undir vorið var svo þemaverkefni um fiska á dagskrá og í framhaldi af því var farið í heimsókn í fiskvinnsluna Íslandssögu á Suðureyri.
Undir vorið bárust börnunum svo nytsamlegar gjafir frá Kiwanisklúbbnum Básum sem færði öllum nemendum í 1. bekk hjólahjálma, bolta og buff.

Kristinfræði og lífsleikni
Námsefnið Undrið var viðfangsefni í kristinfræði og lífsleikni. Einnig voru unnin verkefni samkvæmt Olweusaráætlun og uppbyggingarstefnu. Markmiðið var að vekja nemendur til umhugsunar um jafna stöðu fólks og að nemendur fengjust við siðræn viðfangsefni. Áhersla var lögð á að nemendur temdu sér virðingu fyrir öðrum og sjálfum sér. Nemendur fengu einnig að kynnast með frásögnum lífi og starfi Jesú og áhersla lögð á að þeir þekktu sögu og siði tengda jólum og páskum. Farið var í fyrstu 2 kaflana í Vinir Zippýs, þar sem nemendur æfðu sig í að segja frá sinni líðan og hlusta á aðra. Einnig var kennd litahegðun, þar Olweeus og Uppbyggingarstefnan er tengd saman. Þar eru litir tengdir við ákveðna hegðun og unnir út

frá því. T.d. er rauð hegðun neikvæð en græn eftirsóknarverð. Þarna er persónan tekin út og bara horft á hegðun.

Upplýsingatækni
Árgangurinn fékk einn tíma í tölvuveri á viku. Nemendur fengu því kennslu í upplýsingatækni bæði á bókasafni og í tölvuveri. Farið var í jaðartæki tölvunnar, unnið með ýmis kennsluforrit auk þess sem nemendur fengu að kynnast undirstöðuatriðum ritvinnslu.
Á bókasafni fengu nemendur fræðslu um umgengni við bækur auk þess sem bækur voru fengnar til þess að hafa í bekkjarstofum. Einnig sá bókasafnsfræðingurinn okkar, Rannveig Halldórsdóttir, um höfundakynningu og kynnti og las upp úr bókum Sigrúnar Eldjárn. Einnig áttum við góð samskipti við Bæjarbókasafnið og fórum við í 3 heimsóknir, yfir veturinn.

Tónmennt
Af ýmsu var að taka í tónmennt. Nemendur lærðu ýmis sönglög og þjálfuðust í að syngja þau saman. Á árshátíðinni var mikið sungið.

Myndmennt, handmennt og tæknimennt.
Áhersla var lögð á að þjálfa hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Ýmis verkefni voru unnin.

Útivist
Farið var í útivist 1 sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik og holla hreyfingu.
M.a. var farið í gönguferðir, leikið í snjónum, fjöruferðir og Skipagöturóló.

Námsgögn
Íslenska: Ýmis gæðatexti úr barnabókum lagður til grundvallar í lestrarnámi. Lestrarbókin Við lesum A og vinnubók. Léttlestrarbækur af skólavef og ýmsar lestrarbækur við hæfi nemenda. Fjölfölduð skriftarhefti og ýmis fjölbreytt verkefni búin til að kennurum, í anda Byrjendalæsis.

Stærðfærði: Sproti 1a,1b og 2a, nemenda- og æfingabækur.

Samfélags- og náttúrufræði: Komdu og skoðaðu umhverfið, Aðgát í umferðinni. Komdu og skoðaðu land og þjóð. Efni búið til af kennurum: Fiskaþema og tilraunabók.

Kristinfræði og lífsleikni: Undrið og Vinir Zippýs.

Upplýsingatækni: Ýmis kennsluforrit meðal annars á www.nams.is .

Námsmat
Íslenska: Læsi – lesskimun var lagt fyrir í nóvember, febrúar og maí. Niðurstöður úr þessum prófum voru sendar til HA þar sem lesið var úr þeim og fengum við til baka niðurstöður og samanburð við aðra skóla sem taka þátt í Byrjendalæsi. Hraðlestrarpróf í maí. Lesskilningspróf og skriftarpróf einnig lögð fyrir í maí. Stærðfræðipróf var lagt fyrir í maí.
Í öðrum greinum sem umsjónarkennarar kenndu var ekkert formlegt námsmat en umsagnir eru lutu að virðingu, samhug, menntun og ábyrgð, voru gefnar í október, febrúar og maí í flestum námsgreinum.

Viðburðir og vettvangsferðir

Í upphafi skólaársins var farið í vettvangsferðir um skólann og nágrenni hans. Fjallganga í Stórurð var svo farin í byrjun september og nokkrir foreldrar fóru með okkur sem var virkilega gaman.
Nemendur tóku þátt í norræna skólahlaupinu í september og farið var í vettvangsferð í Jónsgarð. Hjúkrunarfræðingur kom svo í bekkina og var með fræðslu fyrir nemendur. Bangsadagur var haldin í 1. bekk. Elvar Logi heimsótti okkur og sýndi leikþáttinn Búkolla og gaf báðum bekkjunum hljóðbækurnar; Galdrasögur og Skrímslasögur.

Í október var haldið foreldranámskeið með foreldrum nemenda í 1. bekk. Á námskeiðinu var lögð áhersla á það að kynna fyrir foreldrum þær aðferðir sem notaðar eru við lestrarkennslu og þau meginatriði sem unnið er eftir í uppbyggingarstefnunni. Námskeiðið var einu sinni í viku í þrjár vikur. Í október fórum við ásamt öllum öðrum nemendum skólans í skrúðgöngu í lok átaksins.„Göngum í skólann“. Mánaðarmótin okt-nóv. voru þemadagar í GÍ, þar sem nemendum var aldursblandað og unnu saman fjölbreytt verkefni.

Í byrjun nóvember þáðum við svo boð leikskólanna Eyrarskjóls og Sólborgar um að koma í heimsókn.
Þann 8. nóvember tókum við þátt í degi gegn einelti.
Foreldraviðtöl 13. nóv. Nemendur fengu umsögn sem byggði á því hvernig þeir höfðu staðið sig í vinnu með lykilþættina virðing, samhugur, menntun og ábyrgð.
Líkt og undanfarin ár var sjónum beint að ákveðnu ljóðskáldi í eina viku. Í þetta sinn var það Þórarinn Eldjárn, sem athyglin beindist að og unnum við verkefni í Byrjendalæsinu, sem tengdist ljóðinu hans Bækur og enduðum á að heimsækja Bæjarbókasafnið að skoða mismunandi bækur.

Þann 5.desember var bekkjarskemmtun og þá var einnig dótadagur. Sú ákvörðun vakti mikla gleði og allir undu sér vel á skemmtuninni þar sem ýmislegt var í boði. Við héldum kakóstund í Jónsgarði með kertaluktum, heitu kakói og smákökum. Jólasýning á Bæjarbókasafninu var heimsótt.
Aðventustundir voru síðan einu sinni í viku. Samsöngur var endurvakin og kom yngsta stigið saman og sungu jólalög.
Þann 19. des var skreytingardagur í skólanum og þann 20. des voru Litlu jólin og í lok þess dags héldu allir glaðir og sáttir í jólafríið.

Janúar rann svo ljúflega af stað og í lok mánaðarins bökuðu foreldrar fyrir okkur pönnukökur og héldum við Sólarkaffi. 6. febrúar voru svo foreldraviðtöl. Skólahjúkrunarfræðingur var með fræðslu fyrir nemendur sem byggði á því að upplýsa börnin og hvetja þau til að segja frá kynferðisofbeldi. Vinabekkur okkar 8. bekkur bauð okkur í heimsókn í kökuveislu og spil. Einnig var aðeins farið að huga að undirbúningi með nemendum fyrir árshátíð skólans sem haldin var 3. og 4. apríl.

Marsmánuður var svo að mestu helgaður árshátíðarundirbúningi. Á bolludag var Maskaball og mættu ýmsar furðuverur í skólann.
Árshátíð skólans var síðan haldin með pompi og prakt og var yfirskriftin að þessu sinni Öll ólík-öll eins . Nemendur 1. bekkjar fluttu söngleikinn Kossinn sem hvarf og gerðu það mjög vel.

Þann 11. apríl var svo komið páskafrí. Skólastarf var nokkuð hefðbundið í apríl en þegar kom fram miðjan maí fór að koma meira uppbrot í vinnuna.

Í byrjun maí fengu nemendur 1. bekkjar reiðhjólahjálma að gjöf frá Kiwanisklúbbnum, ásamt bolta og buffi. Einnig kom lögreglan og fræddi nemendur um aðgát í umferðinni.
Hjúkrunarfræðingur kom með fræðslu um hjálmanotkun. Krakkarnir á Eyrarsól komu í skólaheimsókn og voru 1. bekkingar duglegir að hjálpa þeim yngri. Þann 23. maí fórum við í heimsókn til Suðureyrar í boði fyrirtækjanna Íslandssögu og Klofnings.
Daginn eftir þann 28. maí tóku nemendur þátt í Vorverkadeginum. Þá unnu 1. bekkingar saman með 8. bekk og voru settar niður kartöflur og grænmeti í garði tónlistarskólans, umhverfi skólans hreinsað og farið í leiki á skólalóðinni. Leikjadagur 1.-3. bekkjar var haldinn 30. maí og tókst mjög vel.
Skógarferð var svo á dagsskrá hjá okkur 2. júní. Var þá gengið upp í skógræktina innan við Stórurð, farið í leiki og grillaðar pylsur.
Í maí var útikennsla í heimilisfræði; elduð naglasúpa í Jónsgarði og á skólalóðinni voru bakaðar lummur og hitað kakó yfir eldi.
Afhending vitnisburðar og foreldraviðtöl voru svo þann 5. júní.

Skólastarf vetrarins hjá 1. bekk gekk í heildina litið vel og samvinna kennara með miklum ágætum.

Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir, Kristín Berglind Oddsdóttir

2. bekkur





Í árganginum voru 36 nemendur. Nemendur skiptust þannig: 18 nemendur í 2. JH og 18. nemendur í 2. SG. Umsjónakennarar voru Jón Heimir Hreinsson, 2. JH og Sigþrúður Margrét Gunnsteinsdóttir, 2. SG. Kennt var í stofum 109 og 110.

Sérkennsla/sér úrræði
Árgangurinn átti að fá 6*20 mínútur á viku í sérkennslu, 90 mínútur á hvorn bekk en vegna veikinda féll sú þjónusta niður um miðjan vetur, Rannveig Pálsdóttir sá um þá kennslu. Þóra Karlsdóttir sá um nýbúakennslu sem var alls ein kennslustund á viku. Rannveig Gissurardóttir kenndi einum nemanda myndmennt einn tíma í viku.

Stuðningsfulltrúar voru; Guðrún Valborg Kristinsdóttir 2. SG og Guðbjörg Gísladóttir, 2. JH. Einnig komu Kolbrún Guðjónsdóttir, Birgitta Rós Guðbjartsdóttir, Ingvar Örn Ákason og Guðfinna B. Guðmundsdóttir að sér úrræðum í 2. JH.

Íþróttir og útivist
Atli Freyr Rúnarsson og Árni Heiðar Ívarsson sem sáu um íþróttakennslu og útivist. Guðný Stefanía Stefánsdóttir kenndi sund. Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir kenndi dans.

Hringekja
Árganginum var blandað í þrjá hópa sem rúlluðu yfir skólaárið. Guðlaug Jónsdóttir sá um heimilisfræðikennslu, Jón Heimir Hreinsson sá um tæknimennt og Sigþrúður Margrét Gunnsteinsdóttir kenndi textílmennt. Myndmennt var í höndum umsjónakennara.

Kennsla
Kennsla í 2. bekk einkennist af samþættingu námsgreina undir hatti Byrjendalæsis. Viðmiðunarstundaskrá í eftirfarandi fögum: Byrjendalæsi 17 stundir (þar af Íslenska, 8 stundir, náttúrufræði 3 stundir, samfélagsfræði 3 stundir, tónmennt 1 stund, myndmennt 2 stundir ásamt kristinfræði og lífsleikni), stærðfræði 6 stundir, upplýsingatækni/bókasafn 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund og útivist 1 stund.

Byrjendalæsi
Markmið Byrjendalæsis er að nemendur geti lesið létt lestrarefni sér til ánægju og fróðleiks og auki orðaforða. Markmið hraðlestrar eru að nemendur lesi a.m.k. 70 atkvæði á mínútu í lok skólaársins. Nemendur áttu að lesa heima a.m.k. 5 sinnum í viku. Framhaldssögur voru svo lesnar í nestistímum og stundum var hlustað á sögur af diskum og snældum. Í skrift var megin áherslan á að nemendur haldi rétt á skriffærum, geti dregið rétt til stafs og temji sér vandvirkni í hvívetna. Nemendur lærðu ítalska skrift með tengikrókum. Var það letur notað í allar vinnubækur og alla ritun. Heildarmarkmið með skriftarnáminu er að nemendur geti tjáð sig skriflega á einföldu máli. Þeir temji sér að nota upphafsstafi og litla stafi á réttan hátt og þjálfist í að skrifa skv. eigin hljóðgreiningu.
Unnið var út frá ýmsum barnabókum og samfélags- og náttúrufræðibókum í Byrjendalæsi og fjölbreytt verkefni unnin út frá þeim bæði í lestri og ritun. Einnig var unnið með Ritrúnu 1, 2 og 3. Æfingabók 2 í skrift og ýmis fjölrituð verkefni fyrir hvern og einn.
Nemendur tóku virkan þátt í lestrarátaki skólans. Á hverjum degi var tekinn frá tími fyrir yndislestur þar sem nemendur lásu í 10 – 15 mín. í hljóði.

Stærðfræði
Í stærðfræði var áhersla lögð á að nemendur gætu notað stærðfræði í daglegu lífi. Unnið var m.a. með klukku, tímatal, flatarmál, samhverf form, þrívíð form, sléttar tölur og oddatölur, peninga, einfaldar mælingar ýmis konar og auk þess var unnið með samlagningu, frádrátt og tugakerfið á margvíslegan hátt. Unnið var með tölur frá 1 – 100 og tölfræði s.s. súlurit og flokkun. Notað var nýtt námsefni Sproti 2A nemenda- og æfingahefti og Sproti 2B nemenda – og æfingahefti Auk þess notuðum við eftirtaldar bækur í heimanám ásamt uppsettum dæmum í reiknishefti; Tíu tuttugu, Í undirdjúpunum; samlagning, Í undirdjúpunum; frádráttur og Viltu reyna. Einnig voru ýmis verkefnablöð útbúin af kennurum með auka þjálfunarverkefnum ýmiskonar.

Kristinfræði/lífsleikni og Uppbygginarstefnan

Regnboginn og Trúarbrögðin okkar voru námsefnið sem stuðst var við í kristinfræðikennslunni. Stuðlað var að því að nemendur fengjust við siðræn verkefni. Áfram fengu nemendur að kynnast sögum og siðum er tengjast m.a. jólum, páskum og lífi og starfi Jesú. Áhersla var lögð á að nemendur temdu sér virðingu fyrir öðrum og sjálfum sér og einnig kynntust nemendur öðrum algengum trúarbrögðum. Haldnir voru bekkjarfundir og verkefni unnin skv. Olweusaráætlun og Uppbyggingarstefnu.
Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar, skýru mörkin og lífsgildin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli með áherslu á frímínútur. Áhersla var lögð á þarfir og sérstöðu hvers og eins einstaklings og mikilvægi þess að vera góður bekkjarfélagi. Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni.

Upplýsingatækni
Nemendur fengu kennslu í upplýsingatækni bæði á bókasafni og í tölvuveri skólans. Farið var í innskráningu, vistun skjala, sameign, myndvinnslu í paint og word, einnig var unnið með ýmis kennsluforrit á netinu. Vefsíður á veraldarvefnum voru einnig notaðar til kennslu og fróðleiks. Á bókasafni fengu nemendur fræðslu um umgengni við bækur, höfundakynningu og ákveðin verkefni voru einnig unnin á bókasafni (Ritrún) auk þess sem bækur voru fengnar til þess að hafa í bekkjarstofum.

Hringekja
Í textílmennt var útsaumaður dúkur með ýmsum útsaumssporum.
Í tæknimennt unninn bátur ásamt ýmsum aukaverkefnum. Verkþættirnir sem unnið var með voru að pússa með sandpappír (80 og 400), saga með útsögunarsög og tifsög, raspa með grófum og fínum röspum, líma, mála, lita, bora með standborvél, brenna með brennipenna og mæla með tommustokk. Heimilisfræði var einnig í hringekjunni (sjá nánar í kafla um heimilisfræði).

Útivist og vettvangsferðir
Einu sinni í viku fóru allir í útivist. M.a. var farið í fjöruferðir, fjallgöngu á Hafrafellsháls, skógarferðir, fuglaskoðunarferð. Náttúrustofa Vestfjarða í Bolungarvík var heimsótt á vordögum. Einnig var farið í umhverfisskoðun, frjálsa leiki og umhverfishreinsun svo fátt eitt sé nefnt.

Námsmat
Einkennisorð skólans eru Virðing- Samhugur- Menntun og fengu nemendur vitnisburð samkvæmt því í öllum greinum fyrir foreldraviðtal að hausti. Í lok hvorrar annar fengu nemendur hæfnieinkunn og vitnisburð samkvæmt Samhugur – Virðing – Menntun – Ábyrgð skalanum. Íslenska: Hraðlestrarpróf voru á sex vikna fresti og var lokamarkmiðið 70 atkv. á mín. Áætlað er að auka kröfur fyrir 2. bekk næsta haust.
Lesskilningspróf voru lögð fyrir á haust- og vorönn. Einnig voru lögð fyrir prófin Læsi 1 og 2 fyrir annan bekk og prófið Lesmál, þessi próf tengdust Byrjendalæsi. Lestrarprófin Leið til læsis voru tekin í nóvember og maí.
Skriftarpróf voru á haustönn og vorönn en einnig var vinna vetrarins höfð til hliðsjónar við námsmat í skrift. Hluti af lokaeinkunn á vori var metið samkv. V-S-M-Á.
Stærðfræði: Stærðfræðipróf fór fram á haust- og vorönn, auk þess voru kannanir í lok hvers kafla í Sprotabókunum metnar til einkunnar. Hluti af lokaeinkunn á vori var metin samkv. V-S-M-Á.

Í öðrum greinum sem umsjónarkennarar kenndu var námsmat samkvæmt Virðing – Samhugur – Menntun – Ábyrgð.

Viðburðir og vettvangsferðir

Í september var hugað að kartöfluuppskerunni, en þar sem slegið var yfir kartöflugarðinn var uppskeran heldur dræm. Þó náðu allir að fá nokkrar í soðið. Farið í fjallgöngu upp á Hafrafellsháls. Haustfundur var haldinn með foreldrum og nemendur tóku einnig þátt í Norræna skólahlaupinu. Í september lok fórum við á tónleika/fræðslu Tónlist fyrir alla í Hömrum. Þar var farið yfir framandi hljóðfæri og tónverk flutt frá ýmsum löndum.
Í október gekk skólinn saman á vegum átaksins Gengið í skólann. Þema – Karnival, allir í 2. bekk fengu andlitsmálun.
Í nóvember voru þemadagar þar sem nemendur unnu í fjölbreyttum smiðjum í bland með öðrum bekkjum.
Í byrjun desember var opinn dagur fyrir foreldra, einnig voru haldnar aðventustundir einu sinni í viku. Þá var einnig haldin bekkjarskemmtun.
Í febrúar var grímuball og sameiginleg skemmtun á yngsta stigi í framhaldi af því. Einnig var höfundakynning á bókasafninu sem Rannveig Halldórsdóttir sá um.
Í mars var árshátíðin og við héldum bekkjarskemmtun í kjölfarið.
Í maí fórum við í hóla- og fuglaskoðunarferð inn í Engidal. Einnig fórum við með rútu á Náttúrugripasafnið í Bolungarvík þar sem unnin voru verkefni á safninu. Einnig var leikjadagur þar sem nemendur fóru á milli 5 ólíkra stöðva, Vorverkadagurinn var vellukkaður en þá fórum við á sjúkrahústúnið, tíndum rusl og fórum í útileiki í lokin komum við til Diddu í tónlistaskólagarðinn og gróðursettum grænmeti til að bæta upp fyrir síðasta uppskerubrestinn. Vetrarstarfinu lauk svo á mjög skemmtilegri grillferð upp í Stórurð þar sem grillaðar voru pylsur og farið í ýmsa leiki og náttúran könnuð í sól og blíðu.

Samantekt

Í heild hefur skólastarf í 2. bekk Grunnskólans á Ísafirði gengið nokkuð vel í vetur og samvinna bekkjarkennara hefur mjög verið góð.

Sigþrúður Margrét Gunnsteinsdóttir, Jón Heimir Hreinsson

3. bekkur





Nemendur árgangsins voru í upphafi 35. Tveir nemendur fluttu á tímabilinu. Nemendur skiptust þannig í lok skólaársins: 17 í 3-MH og 16 í 3-ML. Umsjónarkennari í 3-MH var Magnúsína Laufey Harðardóttir og María Lárusdóttir í 3-ML. Kennt var í stofum 111 og 116. Árgangurinn fékk 6 tíma á viku í sérkennslu og sá Bryndís Friðgeirsdóttir um hana. Aðrir kennarar voru: Guðný Stefanía Stefánsdóttir sem sá um íþróttakennslu, Atli Freyr Rúnarsson sá um sundkennslu, Guðlaug Jónsdóttir sá um heimilisfræðikennslu, Magnúsína Laufey Harðardóttir kenndi tæknimennt, Rannveig Gissurardóttir kenndi myndmennt, Fríða Rúnarsdóttir sá um textílmennt. Stuðningsfulltrúar í árganginum voru Amy Melissa Reynisdóttir og Birgitta Rós Guðbjartsdóttir í 3. ML og Alma Björk Sigurðardóttir í 3. MH.

Eftirfarandi fög voru kennd: Byrjendalæsi 15 stundir þar eru fögin íslenska, tónmennt, náttúrufræði, samfélagsfræði og lífsleikni samþætt, stærðfræði 5 stundir, upplýsingatækni 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, myndmennt 2 stundir. Sérgreinar voru kenndar í hringekju og fékk hver hópur 2 kennslustundir í viku í c.a 10 vikur í senn.

Íslenska

Í íslensku var heildarmarkmið að nemendur gætu lesið létt lestrarefni sér til ánægju og skilnings. Stefna skólans var að nemendur gætu lesi a.m.k. 140 atkvæði á mínútu í lok skólaársins en nemendur og kennarar ákváðu að stefna hærra. Ákveðið var að reyna að ná 200 atkvæðum í lok skólaárs. Með þessu teljum við að nemendur hafi lagt meira á sig í lestrinum. Flestir dagar hófust á því að nemendur lásu í 15-20 mínútur. Nemendur byrjuðu á að lesa fyrir sinn lestrarvin og svo var farið í hljóðlestur . Nemendur áttu að lesa heima a.m.k. 5 sinnum í viku. Framhaldssögur voru lesnar í nestistímum. Meginmarkmiðið með lestrarnáminu var að nemendur gætu lesið sér til gagns og ánægju. Áhersla var lögð á góðan og skýran framburð jafnt í upplestri sem í tali. Stefnt var að því að nemendur gætu dregið rétt til stafs og gert sér grein fyrir réttum hlutföllum stafa í skrift. Nemendur lærðu ítalska skrift með tengikrókum og lærðu tengiskrift og æfðu þau sig í að nota hana í alla ritun.
Áfram var haldið með þróunarverkefnið Byrjendalæsi frá HA á yngsta stigi, þar sem nemendur fengust við ýmis verkefni ásamt nokkurri bókavinnu. Í Byrjendalæsi er aðalhugsunin að unnið sé út frá einni bók, þar sem unnið er út frá lykilorði og ákveðinni hugmynd (fjöll, spendýr, landnámsmenn o.s.f.v) sem fléttast saman við ýmis viðfangsefni

íslenskunnar. Unnið var með hverja bók í 1-3 vikur, þar sem unnið er út frá líkani sem byggist á inntaki, sundurgreiningu og úrvinnslu.
Nemendur skrifuðu einnig sögur, ljóð eða önnur ritunarefni í tengslum við námsefnið í hverri viku. Nemendur lærðu ljóð, lög og texta sem sungin voru. Unnið var með efni bókanna á marga mismunandi vegu t.d. voru gerð myndverk af persónum bókanna, gerðar persónulýsingar, ritaðar sögur tengdar efninu, orðflokkagreining o. fl. o. fl. .

Stærðfræði
Í stærðfræði var unnið með grunnaðgerðirnar fjórar, samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu og notað var námsefnið Sproti 3A og 3B. Unnið var með vasareikni og reynt að gera hverjum þætti líka skil á verklegan hátt, t.d. með mæla ganga skólans og páskaföndur úr almennum brotum.

Samfélags- og náttúrufræði
Nemendur lærðu að nota margskonar kort og kynnast örnefnum og merkum stöðum í heimabyggð. Landnámsmennirnir voru teknir fyrir og unnið hópverkefni tengt þeim. Lífið í sveitinni var tekið fyrir og íslenskum húsdýrum og þörfum þeirra gert skil. Ýmsar hringrásir í náttúrunni voru skoðaðar og unnin verkefni út frá því. Einnig var farið í byggingu jarðar og plánetur sólkerfisins okkar skoðaðar.
Einnig var farið í nokkrar vettvangsferðir í tengslum við það sem verið var að vinna á hverjum tíma.

Á vordögum fóru nemendur í heimsókn að Hóli í Önundarfirði þar sem heimboð hafði borist frá ábúendum. Foreldrar sáu um að skipuleggja þá ferð.

Trúarbragðafræði og lífsleikni
Þessi fög féllu undir byrjendalæsið. Unnið var með einelti, uppbyggingastefnu og litahegðun í lífsleikni. Í trúarbragðafræðinni var unnið með kristna trú og ásatrú. Anna Sigga Arndal kom og kynnti ásatrú fyrir börnunum.

Upplýsingatækni
Nemendur fengu kennslu í upplýsingatækni bæði á bókasafni og í tölvuveri skólans. Farið var í jaðartæki tölvunnar, einfalda rit- og myndvinnslu og unnið með ýmis kennsluforrit. Aðaláhersla var á því að nemendur lærðu að nýta sér skólabókasafnið til upplýsingaöflunar og næðu betri tökum á að beita tölvunni sem vinnutæki. Nemendur juku við þekkingu sína í notkun kennsluforrita. Ekkert formlegt námsmat var í upplýsingatækni.
Vefsíður á veraldarvefnum voru einnig notaðar til kennslu og fróðleiks.

Tæknimennt
Kennt var í hringekjuformi tvær kennslustundir samfelldar á viku. Vetrinum var skipt í þrjár lotur. Kennari var Magnúsína Laufey Harðardóttir.
Verkefni vetrarins sem metin voru til hæfnieinkunnar voru tvö, og svo eitt uppfyllingarverkefni sem var tekið strax heim. Verkefni til hæfnieinkunnar voru stór lykill með krókum til að hengja lykla á og bútamynd. Í lyklaverkefninu þurfti að saga út lykilinn, pússa hann vel, líma stuðningsspýtu aftan á, mála, bora göt fyrir króka, skrúfa króka í og setja vír á til að hægt sé að hengja upp. Í bútamyndinni byrjuðu nemendur á að hanna myndina (teikna og lita myndina sem átti að gera), því næst var sóttur platti og fundnir bútar (þeir pússaðir og sagaðir til eftir þörfum)til að setja saman myndina, þá voru bútarnir límdir á plattann og myndin máluð, að lokum var borað eitt gat til að hægt væri að hengja myndina upp. Uppfyllingarverkefnið var að pússa litla kubba og brenna svo á þá andlit og hár, mátti gera eins marga og hægt var.

Námsmat var lykilhæfnin: virðing, samhugur, menntun og ábyrgð. Einnig voru tvö verkefni metin til hæfnieinkunnar.

Útivist og vettvangsferðir
Í útivist var farið vikulega í ýmsa göngutúra, leiki, þrautir, renna í snjó og svelli o.fl.
Í haust var farið í fjallgöngu á Hnífa. Við unnum nokkur útikennsluverkefni sem tengdust viðfangsefnum bekkjarins á hverjum tíma. Við tókum þátt í vorverkadeginum og fórum í frjálsa leiki og umhverfishreinsun svo fátt eitt sé nefnt.

Námsgögn
Íslenska: Þær bækur sem helst var unnið með í íslensku eru Ritrún 1-3 og skrift 3. Einnig byrjuðu sumir nemendur að vinna með Ítalíuskrift. Ýmsar sögubækur notaðar sem unnið var út frá í Byrjendalæsi.

Stærðfræði: Bækurnar Sproti 3A og 3B (Nemendabók og æfingarhefti) voru aðalkennslubækurnar okkar í stærðfræði.

Samfélags- og náttúrufræði: Komdu og skoðaðu landnámið, Komdu og skoðaðu landakort, Í sveitinni með Æsu og Gauta, Litlu landnemarnir, efni unnið af kennurum, Komdu og skoðaðu hringrásir, Komdu og skoðaðu himingeiminn og Húsdýrin okkar.

Lífsleikni: Unnið eftir Olweusaráætlun, Uppbyggingastefnunni og litahegðun.

Uppbyggingarstefna: Þarfirnar voru rifjaðar upp, ásamt hlutverkum nemenda og kennara. Farið var í hvernig manneskja við viljum vera og hvernig við viljum hafa bekkinn okkar. Hvernig eru góðir vinir og ekki góðir vinir.
Námsmat
Íslenska: Hraðlestrarpróf á sex vikna fresti og var lokamarkmiðið 140 atkv. á mín.
Lesskilningsprófið Orðarún á haust- og vorönn.
Námsmat í stærðfræði fór fram á haust- og vorönn. Einnig unnu nemendur kaflapróf í bókum sínum sem voru metin inn í lokaeinkunn.
Skriftarpróf voru lögð fyrir á haust- og vorönn.
Í öðrum greinum sem umsjónarkennari kenndi var ekkert formlegt hæfnismat. Í öllum greinum var metið: virðing, samhugur, menntun og ábyrgð.

Viðburðir og vettvangsferðir
Ágúst
Í ágúst fórum við í hina árlegu í fjallgöngu upp á Hnífa í fínu veðri, nemendur hjóluðu frá skólanum og inn að Bónus en þar voru hjólin geymd og gengið þaðan. Einnig fórum við í fjöruferð niður á Suðurtanga.
September
Við tókum þátt í lestarátaki á haustdögum. Tónlist fyrir alla var í Hömrum og við fórum að hlusta. Þá fórum við út og unnum við nokkrar stærðfræði þrautir. Haustfundur með foreldrum var haldinn, þar sem skólaráðgjafi kynni sig og farið yfir starf vetrarins. Nemendur tóku þátt í Norræna skólahlaupinu.
Október
Skáld í skólum var í október og komu Eiríkur Nordal og Hildur Knútsdóttir og kynntu sín verk í Hömrum.
Við tókum þátt í skrúðgöngu frá skólanum í tilefni af „göngum í skólann deginum“. Dagbjört Ásgeirsdóttir kom og las úr bók sinni „ Gummi og dvergurinn úrilli“.

Nóvember
13. nóvember voru foreldraviðtöl.
Skáldavika var á sínum stað og að þessu sinni var Þórarinn Eldjárn skáld vikunnar. Unnin voru ýmis verkefni með ljóð hans.
Bekkjarskemmtun var haldin þar sem nemendur komu með ýmis atriði, m.a. var spilað á hljóðfæri og sagðir brandarar. Svo fóru þau í ýmis spil.
3.MH bauð til veislu í tilefni af heimkomu Önnu úr læknisferð. 3.ML var boðið í veisluna og komu nemendur í 3.MH með veitingar.
Desember
Slökkviliðsmenn komu í heimsókn og nemendur tóku þátt í getraun er tengdist eldvarnarviku.
Alla aðventuna var aðventustund haldin einu sinni í viku, þá var sest niður, kveikt á kertum á aðventukransi og sungin jólalög. Litlu jólin voru haldin hátíðleg 20. desember eins og fyrri ár. 10. bekkur sem var vinabekkur okkar bauð okkur á aðventustund í desember. Þar var sungið og drukkið kakó og borðaðar smákökur. Svo fórum við að hlusta á barnakór 1.-4. bekkjar í anddyri skólans. 3.ML bauð í kveðjuveislu vegna þess að Borgný var að hætta. Báðir bekkirnir tóku þátt.
Janúar
Í janúar voru annarpróf.
Febrúar
Sólardagurinn var haldin hátíðlegur þegar sem við buðum vinabekk okkar 10. bekk í sólarpönnukökur í boði foreldra. Krakkarnir spiluðu svo í dágóðan tíma ýmis spil.
Rannveig Halldórsdóttir var með höfundakynningu.
Foreldaviðtöl voru 6. febrúar.
Mars
Grímuball var 3. mars.
Þann 5. mars var lestrardagurinn mikli haldinn í GÍ og tók 3. bekkur að sjálfsögðu þátt í því.
Maí
Árshátíð skólans var haldin 3.-4. maí með yfirskriftinni „Öll ólík, öll eins“. 7. apríl hélt svo yngsta stigið auka sýningu fyrir leikskólann Eyrarsól og unglingastig. Eftir árshátíð héldum við bekkjarskemmtun.
Nemendur fóru í fjöruferð í fjöruna við Fjarðarstræti.
Nemendur í 3. bekk tóku próf í lok maí og voru þau öll tekin á skólatíma.
15. maí var vinnustöðvun hjá kennurum vegna kjarabaráttu.
23. maí fór 3. bekkur í frábæra heimsókn að Hóli í Önundarfirði. Ábúendur þar buðu nemendum að koma og skoða sauðfjárbú og kúabú. Farið var með rútu þangað og á heimleiðinni var stoppað í Holtsfjöru.
28. maí var vorverkadagur og sá 3.bekkur um að sá grasfræjum í auða bletti í miðbænum ásamt því að týna rusl.
30. maí var leikjadagur þar sem við vorum í Neðstakaupstað í ýmsa leiki og þrautir.
Júní
Farið var í hjólaferð inn í skóg og nemendur undu þar við leik.
Vitnisburður var afhentur 5. júní.

Samantekt
Í heild hefur skólastarf í 3. bekk Grunnskólans á Ísafirði gengið nokkuð vel í vetur.

Magnúsína Laufey Harðardóttir, María Lárusdóttir

4. bekkur





Nemendur árgangsins voru 26 framan af vetri en um miðjan veturinn bættist 1 drengur við. Síðan bættist 1 stúlka við í apríl svo nú telur árgangurinn 28 nemendur. Árný Herbertsdóttir og Laufey Eyþórsdóttir voru umsjónarkennarar í stofu 117 og 119. Þær kenndu íslensku, stærðfræði og náttúrufræði saman. Árný Herbertsdóttir kenndi tónmennt, myndmennt, samfélagsfræði og útivist. Laufey Eyþórsdóttir sá um ensku og upplýsingatækni. Árgangurinn fékk 10 tíma á viku í sérkennslu og sá Berglind Árnadóttir um það. Aðrir kennarar voru Árni Heiðar Ívarsson, Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Jón Hálfdán Pétursson sem sáu um íþróttakennslu auk þess sem Jón Hálfdán sá um útivist ásamt Árnýju. Guðlaug Jónsdóttir sá um heimilisfræðikennslu. Elfar Reynisson kenndi tæknimennt framan af en þá tók Viðar Kristinsson við af honum. Rannveig Gissurardóttir kenndi myndmennt. Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir kenndi dans. Fríða Rúnarsdóttir sá um textílmennt og samfélagsfræði.

Eftirfarandi fög voru kennd: Íslenska 6 stundir, stærðfræði 5 stundir, samfélags- og náttúrufræði 6 stundir, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, tónmennt 1 stund. Lífsleikni og upplýsingatækni komu inn í önnur fög. Sérgreinarnar heimilisfræði, tæknimennt og textílmennt voru kenndar í hringekju og fékk hver hópur 4 kennslustundir í viku í 12 vikur í senn.

Vert er að taka fram að námsgreinar skarast mikið hjá yngstu nemendunum og oft erfitt að greina þar á milli. Þannig var það líka hjá okkur í vetur. Þó svo að hér séu fögum gerð skil á einhvern hátt þá var mjög auðvelt að samþætta fögin. Aðferð byrjendalæsis nýttist í kennslu í íslensku, ensku, náttúrufræði og samfélagsfræði þar sem minna er um vinnu í vinnubækur, heldur velur kennari gæðatexta af bókasafni sem bekkurinn vinnur með.

Íslenska
Í íslensku var heildarmarkmið að nemendur gætu lesið sér til ánægju og fróðleiks og a.m.k. 190 atkv. á mínútu. Allir áttu að lesa 10-15 mín. heima daglega og kennari hlustaði á hvern nemanda tvisvar til þrisvar sinnum í viku. Framhaldssögur voru lesnar í nestistímum. Auk byrjendalæsisvinnunnar var unnið með lestrarbækur og vinnubækur við hæfi hvers og eins. Áfram var haldið að efla færni nemenda í málfræði og stafsetningu og áhersla var m.a. lögð á nemendur þekktu samheiti og andheiti, greini, samsett orð, kyn orða, eintölu og fleirtölu og æfðust í fallbeygingu svo eitthvað sé nefnt. Orðflokkar voru teknir fyrir og áhersla lögð á að nemendur þekktu muninn á nafnorðum og lýsingarorðum. Lítillega var farið í sagnorð.

Tengiskrift var kennd í gegnum Ítalíuskriftarbækur. Nemendur fengust við fjölbreytt ritunarverkefni og kynntust algengum stafsetningarreglum.
Einnig lærðu nemendur lög og texta sem sungin voru í tónmennt.
Nemendur tóku virkan þátt í lestrarátaki skólans. Bekkurinn var með upplestrarátak sem endaði í veislu þar sem 3. bekk og foreldrum 4. bekkjar var boðið til að heyra nemendur lesa upp og foreldrarnir komu með veitingar.

Stærðfræði
Í stærðfræði var áhersla lögð á að nemendur næðu aukinni færni í samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu auk þess sem tugabrot, almenn brot og rúmfræði voru tekin fyrir. Áhersla var lögð á að nemendur þjálfuðust í notkun vasareiknis og að nemendur lærðu margföldunartöflurnar utanbókar.

Samfélags- og náttúrufræði
Nemendur kynntu sér sögu jarðarinnar og mannkynsins og unnu verkefni tengd helstu og merkustu tímaskeiðum veraldarsögunnar. Nemendur kynntu sér líka mismunandi lífskilyrðum á jörðinni með því að skoða líf í Afríku. Umferðarfræðslan hélt áfram og lítillega var unnið í bókinni „Góða ferð“. Síðan var unnið með íslenska þjóðhætti útfrá gömlu mánaðarheitunum.

Í náttúrufræðinni var farið yfir árstíðirnar og skoðuð þau náttúrufyrirbæri sem tengjast hverri og einni. Hvernig líf kviknar og deyr og leggst í dvala. Bókin Náttúran allan ársins hring leiddi þessa vinnu mjög vel. Við fórum í skoðunarferðir og söfnuðum ýmsu úr lífríkinu og unnum með það.

Kristinfræði og lífsleikni
Í kristinfræðikennslunni var stuðst við bókina Birtan fyrir jól, kristinfræðin tekin föstum tökum. Nemendur fengu að kynnast sögum og siðum er tengjast þessum hátíðum og lífi og starfi Jesú. Áhersla var lögð á að nemendur temdu sér virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, efldu siðferðisvitund sína, samkennd, víðsýni og umburðarlyndi. Unnið var með bekkjarfundi og verkefni skv. Olweusaráætlun og Uppbyggingarstefnu. Námsráðgjafi og Jóna Benediktsdóttir unnu með mörgum nemendum í hópnum varðandi samskipti og skýr mörk.
Einnig var unnið með tilfinningalæsi og litahegðun út frá Cat kassanum ásamt sjálfsstjórnun út frá ART kerfinu. Vinna með þarfirnar í Uppbyggingarstefnunni var samþætt því. Félagshæfnisögur voru notaðar þegar uppbrot varð í skólastarfinu og til að vinna með hegðun í frímínútum. Sjónræn stundatafla var notuð og var sett daglega á krítartöfluna fyrir bekkinn.

Elísabet Lorange fékk strákahóp í nokkrar kennslustundir þar sem unnið var með samskipti í hópnum undir vorið. Röltspjald var til staðar svo nemendur gátu tekið það og rölt aðeins um til að losa um hreyfiþörf milli verkefna.

Útivist
Í útivist var farið vikulega í ýmsa göngutúra, leiki og þrautir. Gönguferðir voru farnar í Stórurð, Jónsgarð, Eyrina o.fl. Fjölmargar fjöruferðir voru farnar, annað hvort við Fjarðarstræti eða við Suðurtanga. Þegar snjórinn kom var hann óspart notaður við snjóhúsagerð, leiki og gerð hinna ýmsu skúlptúra. Þegar voraði var haldið áfram með göngu- og fjöruferðir, leiki, þrautir o.fl.

Vettvangsferðir
Að hausti var farið í fjallgöngu í Naustahvilft og að vori í hjólaferðir í Tunguskóg og Engidal. Á haustdögum fóru nemendur og tíndu jurtir þurrkuðu og unnu verkefni í náttúrufræði út frá því. Náttúruskoðun og frjálsir leikir voru einnig á dagskrá svo eitthvað sé nefnt.

Tónmennt
Nemendur lærðu ýmis sönglög og þjálfuðust í að syngja þau saman. Nemendur söfnuðu sönglögum í möppu og skreyttu með myndum og sungu lögin. Árshátíðaratriði 4. bekkjar byggðist á þulum sem nemendur áttu auðvelt með að læra og þeir lögðu heilmikið á sig til að gera atriðið sitt sem flottast.

Enska
1 kennslustund á viku
Kennari: Laufey Eyþórsdóttir
Námsefni: Right On, myndspjöld af sparklebox.co.uk og kennsluvefir af nams.is. Unnið út frá byrjendalæsi samþætt öðrum námsgreinum, t.d. upplýsingatækni, náttúrufræði og samfélagsfræði. Að mestu leyti talmál, samskiptaleikir og söngur.
Námsmat: Þrjú verkefni sem gilda til einkunnar. Orðaforði um daga og mánuði, líkaminn og litir. Færnieinkunn, virðing, samhugur, menntun og ábyrgð.

Námsgögn
Íslenska: Ýmis verkefni tengd byrjendalæsi. Málrækt, vinnubók.
Stærðfræði: Sproti 4a og 4b og æfingahefti. Vasareiknishefti. Einnig var reynt að hafa aukabækur við hæfi nemenda og nokkrir nemendur voru í öðrum Sprotabókum við hæfi.

Samfélags- og náttúrufræði: Komdu og skoðaðu sögu mannkyns, Góða ferð og Komdu og skoðaðu þjóðhætti. Einnig unnum við með bækurnar Er til lím í Afríku.
Náttúran allan ársins hring, Komdu og skoðaðu hafið auk valinna verkefna úr Lífríkið í vatni.
Námsvefir af nams.is.
Kristinfræði: Birtan.
Enska: Right on vinnubók. Orðaspjöld af Sparklebox.co.uk. Námsvefir af nams.is.

Útivist
Kennarar voru Jón Hálfdán Pétursson og Árný Herbertsdóttir
Í útivist var farið vikulega í ýmsa göngutúra, leiki og þrautir. Gönguferðir voru farnar í Stóruurð, Jónsgarð, Eyrina o.fl. Fjölmargar fjöruferðir voru farnar, annað hvort við Fjarðarstræti eða við Suðurtanga. Þegar snjórinn kom var hann óspart notaður við snjóhúsagerð, leiki og gerð hinna ýmsu skúlptúra. Þegar voraði var haldið áfram með göngu- og fjöruferðir, leiki, þrautir o.fl.

Námsmat
Íslenska: Hraðlestrarpróf á sex vikna fresti og var lokamarkmiðið 190 atkv. á mín.
Lesskilningspróf á haust- og vorönn og framsagnarpróf á vorönn.
Stafsetningarpróf á haust- og vorönn. Málfræði á vorönn.
Námsmat í stærðfræði fór fram á haust- og vorönn, auk þess sem kaflapróf í Sprotabókunum voru notuð í símati.
Skriftarpróf á haust- og vorönn.
Samræmt könnunarpróf í íslensku og stærðfræði í september.
Í ensku var orðaforðapróf á vorönn.

Í öðrum greinum sem umsjónarkennarar kenndu var gefið fyrir virðingu, samhug, menntun, ábyrgð og hæfni samkvæmt nýju námsmatsreglum skólans.

Viðburðir og vettvangsferðir

Í skólabyrjun var farið í fjallgöngu í Naustahvilft. Í september var farið í plöntuskoðunarferð í nágrenni skólans og allt að Jónsgarði. Nemendur söfnuðu plöntum og fóru með þær í skólann til þurrkunar og unnu síðan verkefni í náttúrufræði.
Haustfundur foreldra var haldinn september. Lesskimun og samræmd próf voru síðan tekin 26. og 27. sept. Nemendur tóku einnig þátt í Norræna skólahlaupinu. Að loknum samræmdum prófum var kósýdagur hjá 4. bekk, þá var spilað og horft á bíómynd.
Í nóvember gerðum við ýmsar tilraunir í náttúrufræði t.d. skoðuðum við ávexti og gerðum tilraunir með vind. Vind- og veðurathuganir voru iðkaðar meira og minna allan veturinn.
Í desember tók árgangurinn Jólasveinakvæði Jóhannesar úr Kötlum fyrir og vann ýmis verkefni út frá því í íslensku. Litlu jólin voru haldin 20. desember. Í janúar voru miðsvetrarpróf og námsmat. Þann 3. mars var maskadagsball. 4. bekkur tók fullan þátt í því og allskyns forynjur og furðufuglar sáust á skólagöngunum þann dag.
Marsmánuður einkenndist að mestu af árshátíðarundirbúningi. Framlag 4. bekkjar var þula sem leiddi okkur í gegn um Íslandssöguna. Innblásturinn var bókin Einn dagur, þúsund ár sem var nestissaga. Krakkarnir lögðu mikinn metnað í atriðið sitt og var afraksturinn sýndur á árshátíð GÍ 3. og 4. apríl. Krakkarnir stóðu sig með prýði þrátt fyrir skrykkjóttan undirbúning.

Í maí voru lögð fyrir vorpróf og síðan tóku við útivistardagar. Farið var í hjólaferð inn í Tunguskóg. Þar var farið í náttúrufræðiverkefni og nemendur undu sér svo vel saman. Nemendur voru með eigið nesti. Vorverkadagur á vegum Ísafjarðarbæjar voru til þess ætlaðir að fegra bæinn og létu 4. bekkingar ekki sitt eftir liggja. Þá var aftur haldið í hjólaferð í Tunguskóg og eftir tiltekt voru grillaðar pylsur. 2. júní var svo haldið enn af stað á hjólum í Engidal þar sem nemendur undu sér við fuglaskoðun, fengu að fara á hestbak og svo var leikið. Seinasta kennsludaginn 3. júní en þá tókum við til í stofunni, spiluðum og horfðum á mynd.

Samantekt

Í heild hefur skólastarf í 4. bekk Grunnskólans á Ísafirði gengið vel en verið nokkuð strembið.

Árný Herbertsdóttir, Laufey Eyþórsdóttir

5. bekkur





Nemendur árgangsins voru í vetur, 28 í einni bekkjardeild, EJ. Umsjónarkennari var Erna Sigrún Jónsdóttir. Stuðningskennari var Rannveig Þorvaldsdóttir. Stuðningsfulltrúi var Árný Einarsdóttir. Kennt var í tveimur stofum nr. 103 og 208. Rannveig var 10 tíma á viku með hópkennslu í íslensku og stærðfræði og 4 einstaklingstíma í sömu fögum.
Kennarar árgangsins í vetur voru:
Íslenska: Erna Sigrún Jónsdóttir og Rannveig Þorvaldsdóttir
Stærðfræði: Erna Sigrún Jónsdóttir og Rannveig Þorvaldsdóttir
Lífsleikni: Erna Sigrún Jónsdóttir
Náttúrufræði: Fríða Rúnarsdóttir og Viðar Kristinsson
Samfélagsfræði: Erna Sigrún Jónsdóttir
Upplýsingatækni:Bergljót Halldórsdóttir
Enska**:** Erna Sigrún Jónsdóttir
Íþróttir og sund: Atli Rúnarsson og Árni Heiðar Ívarsson.
Heimilisfræði: Erna Sigrún Jónsdóttir og Sigfríður Ingibjörg Karlsdóttir
Textílmennt: Fríða Rúnarsdóttir.
Tæknimennt: Viðar Kristinsson
Myndmennt: Rannveig Gissurardóttir
Textílmennt, tæknimennt, myndmennt, heimilisfræði og upplýsingatækni voru kennd í hringekju sem skiptist niður í 6 vikna lotur og voru fjórar kennslustundir á viku í hverri grein.

Kennsluhættir
Unnið var eftir vikuáætlunum í öllum fögum.

Íslenska
Námsgögn: Þetta er málið – Vanda málið, lesbók 1 og 2 og vinnubók 1 og 2, Ljóðspor, Skrift 4 og 5 og Ítalíuskrift 4a,Sögusteinn, Mál er miðill grunnbók og vinnubók, lestrarbækur að eigin vali.
Vinnulag: Íslenska var kennd 7 kennslustundir á viku.
Áhersla var lögð á yndislestur og voru teknar nokkrar lestrarlotur þar sem lestur var hafður í fyrirrúmi. Á vorönn var einnig lögð áhersla á upplestur/framsögn á mismunandi textum í bundnu og óbundnu máli. Lestrarhraði var þjálfaður allan veturinn og stefnt að því að nemendur næðu 220 atkvæðum í hraða að vori. Hraðlestrarpróf voru lögð fyrir alla nemendur 3 sinnum í vetur en þeir sem voru undir hraðlestrar markmiðum vetrarins voru prófaðir 6

sinnum. Unnið var með undirstöðuatriði í málfræði og stafsetningu. Í ritun fengu nemendur þjálfun í að skrifa mismunandi texta frá eigin brjósti. Nemendur lærðu ljóðið Fjallganga, eftir Tómas Guðmundsson, fyrsta erindi (Urð og grjót).
Námsmat í íslensku: Hraðlestrarpróf á haust- og vorönn. Lesskilningspróf á haust- og vorönn. Íslenskupróf á haustönn (málfræði og stafsetning). Framsagnarpróf og skriftarpróf á vorönn.

Stærðfræði
Námsgögn: Stika 1a og 1b, nemendabækur og æfingahefti, Merkúríus.
Vinnulag: Stærðfræði var kennd 6 tíma á viku. Nemendur unnu upp heima það sem á vantaði.
Námsmat: Kannanir eftir ákveðna námsþætti.Símat byggt á könnunum var notað til lokaeinkunnar að vori.

Samfélagsfræði
Námsgögn: Land og líf, lesbók og vinnubók. Ísland veröld til að njóta, Brauð lífsins.
Vinnan yfir veturinn: Kennslustundir voru 4 á viku þar sem ýmsir þættir samfélagsfræðinnar voru tvinnaðir saman.
Byrjað var að hausti að skoða nánasta umhverfið og örnefni við Skutulsfjörð og unnið með kort. Síðan var farið í bókina Land og líf ásamt vinnubók.
Í desember var farið í trúarbragðafræði þar sem jólin voru tekin fyrir og í apríl var fjallað um tilurð páskanna, notuð var bókin Brauð lífsins.
Landafræðin tók síðan við fram á vor (Ísland veröld til að njóta).
Námsmat:. Kort, verkefni og vinnubækur voru metnar til einkunnar. Próf voru úr Land og líf og Ísland veröld til að njóta.

Náttúrufræði
Námsgögn: Auðvitað 1 og Lífríki í sjó.
Vinnan yfir veturinn: Kennslustundirnar voru 3 á viku. Fyrri hluta skólaársins var unnið með Auðvitað bókina þar sem farið var í valdar blaðsíður og verkefni tengd þeim unnin í úrklippubók. Á vorönninni var unnið með bókina Lífríki í sjó. Nemendur gerðu einnig vinnubók samhliða Lesbókinni og unnu verkefni ásamt því að horfa á myndbönd tengd efninu. Farið var í fjöruferð og unnin verkefni tengd henni. Í lok skólaársins var farið í heimsókn í Náttúrgripasafnið í Bolungarvík.
Námsmat: Vinnubækur metnar.

Lífsleikni
Hlutverkin og þarfirnar voru rifjuð upp (uppbyggingarstefnan). Haldnir voru bekkjarfundir eftir þörfum. Í nóvember var dagur gegn einelti og unnið var með verkefni tengd honum. Farið var í verkefni um vináttuna og umgengnisreglur í frímínútum.

Myndmennt
Nemendur voru í hringekju 2x2 kennslustundir á viku 6 vikur í einu.
Allir hópar byrjuðu á því að vinna sjálfsmynd þar sem farið var í hlutföll líkama. Nemendur máttu velja sér efni til að vinna með þ.e. vatnsliti, olíuvaxliti, tréliti, o.s.frv.
Unnið var með línur og form og mynd gerð á A3 blað. Myndefnið var frjálst og notaðir tússlitir við gerð myndarinnar.
Nemendur gerðu frjálsa víkingamynd eftir innlögn um víkinga, trúarbrögð, lífshætti og list og handverk þeirra. Myndin var unnin á A3 pappír og efni þ.e. litir frjálst. Einnig gerðu nemendur grafík mynd þar sem þeir völdu sér einfalt form og skáru út dúkristu eða tréristu eftir því hvaða efni var tiltækt. Myndinni var þrykkt á kínapappír og síðan límd á svart karton.

Tekin var fyrir einn myndlistarmaður og í þetta skiptið var það Vincent Van Gogh. Nemendur horfðu á myndband og hlustuðu á lag með Don McLean sem samið var honum til heiðurs. Einnig gerðu nemendur mynd af sólblómum Van Gogh á svart karton með olíuvaxi. Nemendur unnu einnig fullt af frjálsum myndum og voru hvattir til að nota ólík efni og áhöld í verkefni sín.

Viðburðir og vettvangsferðir

- Ágúst - Fjallganga þar sem gengið var upp með Buná að gönguskíðaskála, farið niður utanvert við snjóflóðavarnargarðinn.
- September – Haustfundur foreldra, Norræna skólahlaupið, Dagur læsis.
- Október – Átakinu „Göngum í skólann“ lauk og fóru allir nemendur í skrúðgöngu um bæinn sem endaði á Silfurtorgi. Þemadagar – vísindaþema.
- Nóvember - Dagur gegn einelti og voru unnin verkefni tengd honum. Foreldraviðtöl.
- 1. desember – Opinn dagur í skólanum og fengum við heimsóknir frá foreldrum barnanna.
- Febrúar – Foreldraviðtöl þar sem foreldrar mættu ásamt börnum sínum til kennara.
- 19. febrúar – útivistadagur í Tungudal. Nemendur mættu með skíði, bretti og sleða.
- Mars – Maskaball, árshátíð skólans.
- Maí/Júní – Rútuferð til Bolungavíkur á Náttúrustofu Vestfjarða og í sund, vorverkadagur, unnið að sáningu brekkunnar við Skutulsfjarðarbraut frá Seljalandi að bekk við göngustíg, einnig ruslatínsla meðfram göngustíg frá hringtorgi að Seljalandi, hjólaferð út í Hnífsdal, íþróttadagur á Torfnesi.

Enska

2 kennslustundir á viku
Kennari: Erna Sigrún Jónsdóttir
Námsefni: Portfolio námsefnið Work Out og Speak Out. Unnin voru hópverkefni í tengslum við námsefnið svo sem Fashion Show og Birthday Train.
Námsmat (að vori): Vinnubók 40%, skriflegt próf 30% og munnlegt próf 30%. Færnieinkunn, virðing, samhug, menntun og ábyrgð.

Erna Sigrún Jónsdóttir

6. bekkur





Nemendur árgangsins voru 43 að hausti og 44 að vori, 22 í BH og 21 í HG, þaðan flutti einn nemandi yfir veturinn, en tveir komu í staðinn. Umsjónarkennarar voru Bergljót Halldórsdóttir og Hlíf Guðmundsdóttir. Stuðningskennari árgangsins var Sigfríður Ingibjörg Karlsdóttir og fékk árgangurinn 6 tíma á viku hjá henni. Sérkennari Berglind Árnadóttir. Stuðningsfulltrúi í 6.BH var Svava Traustadóttir og í 6. HG var það Mariam Esmail.

Kennarar árgangsins
Margrét Björk Ólafsdóttir – náttúrufræði og samfélagsfræði í 6. BH
Rannveig Gissurardóttir - myndmennt
Erna Sigrún Jónsdóttir og Sigfríður Ingibjörg Karlsdóttir - heimilisfræði
Elfar Reynisson, fyrir áramót og Viðar Kristinsson, eftir áramót – tæknimennt/smíði
Fríða Rúnarsdóttir – textílmennt/saumar
Bergljót Halldórsdóttir – upplýsingatækni/bókasafn
Bergljót Halldórsdóttir enska í BH og Monica Mackintosh – enska í 6. HG
Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Atli Freyr Rúnarsson og Árni Heiðar Ívarsson – íþróttir og sund
Aðra kennslu árgangsins sáu umsjónarkennarar um.

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 6 stundir á viku, stærðfræði 6 stundir, samfélagsfræði 4 stundir, náttúrufræði 3 stundir, enska 2 stundir, lífsleikni 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, hræringur 4 stundir. Textílmennt, myndmennt, heimilisfræði, upplýsingatækni og tæknimennt voru kenndar í lotum í hringekju, 6 tíma á viku í 5 vikur hvert fag.

Kennsluhættir
Kennt var í bekkjum í stofum 107 og 108 og kom stuðningskennari inn í kennslustundir, ekkert athvarf var annað en kennslustofurnar og anddyrið.
Nemendur fóru ekki í Smiðjuna. Áætlanagerð nemenda var í 6. HG í íslensku og stærðfræði í samráði við kennara. Nemendur gerðu vikulega áætlun um vinnuna og mátu frammistöðu sína í lok vikunnar. Þetta gafst vel, gerði nemendur ábyrgari fyrir námi sínu og jók metnað hjá mörgum.

Stærðfræði
Námsgögn: Stika 1B og 2A,

Námstilhögun: Kennt var í hvorum bekk fyrir sig. Kennarar notuðu hópkennslu og einstaklingskennslu, nemendur unnu ýmist saman eða hver og einn fyrir sig.
Námsmat: Kannanir eftir flesta námsþætti og annapróf. Sjálfamat nemenda.

Íslenska
Námsgögn: Vanda málið – ekki málið, lesbók ásamt verkefnum frá kennurum, Lesið til skilnings ásamt verkefnum, Málrækt 2, Ljóðspor, Skrift 5, 6 og 7.
Námstilhögun: Mikil áhersla var lögð á yndislestur og lesskilning. Farið var í ljóð og hugtök tengd ljóðagerð, einnig var farið í orðtök og ritun. Áhersla var lögð á heimalestur.
Í nóvember var þemaverkefni þar sem unnið var með ljóð Þórarins Eldjárns. Eftir áramót tóku nemendur þátt í teiknimyndagerð fyrir sýningu á dagskránni Börn og Bækur
Námsmat: Prófað var í íslensku á báðum önnum, mismunandi þættir hverju sinni. Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn hjá þeim sem voru komnir vel á veg með lestur en aðrir prófaðir oftar. Markmið að vori voru 250 lesin atkvæði á mínútu. Sjálfsmat nemenda.

Samfélagsfræði
Námsgögn: Sögueyjan 1, Snorra saga, Norðurlönd, lesbók og vinnubók. Kortabók fyrir grunnskóla ásamt myndböndum, Ljós heimsins, Búddhatrú.
Námstilhögun: Söguhlutinn var tekinn á haustönn, þar sem áhersla var lögð á hópavinnu úr Sögueyjunni. Snorra saga var lesin og gerð samantekt á henni. Landafræði, Norðurlönd var tekin seinni hluta vetrar, henni var lokið með þemaverkefni. Trúarbragðafræðin var tekin sem þemaverkefni í desember og janúar.
Námsmat: Kannanir, vinna og vinnubækur nemenda voru metnar til einkunnar.

Náttúrufræði
Námsgögn: Lífríkið á landi, Auðvitað 2 og ýmis myndbönd.
Námstilhögun: Kennslan var með hefðbundnum hætti. Lífvísindin (Lífríkið á landi) voru kennd á haustönn og eftir það tóku eðlisvísindin (Auðvitað 2) við. Farið var í náttúrufræðistofuna þegar færi gafst til tilrauna og einnig í skólastofu, unnið var sérstaklega með tilraunir í tveimur vikum.
Námsmat: Lokapróf úr hvorum þætti fyrir sig og vinnubækur metnar.

Enska
2 kennslustundir á viku
Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Monica Mackintosh
Námsefni: *The Basic Oxford Picture Dictionary* lesbók og vinnubók, einnig hópavinna sem tengdist efni bókarinnar. *Action* lesbók, *A Year of Fun*, glærusögur (*Anita's Big Day* o. fl.). Við horfðum á myndirnar *Tarzan* eða *Beauty and the Beast* . Ítarefni á neti.
Námsmat: Próf á vorönn 40%, verkefni 60%. Færnieinkunn, virðing, samhug, menntun og ábyrgð.

Upplýsingatækni
Kennt var í tölvuveri skólans
Nemendur unnu tvö verkefni í 6 vikna lotum. Fyrra verkefnið var í Word og unnu nemendur tímarit sem unnið var upp úr upplýsingum af netinu. Seinna verkefnið var unnið í Power Point forritinu og gerðu nemendur nokkurskonar heimildarritgerð í formi glærusýningar og fundu þeir heimildir á bókasafni.
Námsmat: Verkefni nemenda voru metin og frammistaða í tímum.

Lífsleikni

Aðaláhersla í lífsleikninni var á bekkjarfundi og notuðumst við meðal annars við námsefnið Verum saman eftir Sigrúnu Aðalbjarnardóttur. Einnig var farið bókina Ertu? og Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Nemendur fengu fræðslutíma hjá hjúkrunarfræðingi varðandi kynþroskaárin og voru fræðslutímarnir kynjaskiptir. Á haustdögum tóku nemendur þátt nemendaþingi og vinnu því tengdri. Í maí gerðu nemendur í 6. bekk könnun á aðstöðu fatlaðra fyrir fund MND félagsins. Í maí var gróðursett í Tungudal og unnin verkefni um hús, styttur og minnismerki í bænum.

Árgangurinn tók þátt í öllum hefðbundnum viðburðir og vettvangsferðir skólans. Auk þess var:

9. sept	Fjallganga á Sandfell og niður Tungudal.
25. jan.	Sólarkaffi.
27. feb.	6. bekk boðið á Skólakeppni Stóru upplestrarkeppninnar.
28. apríl	Keppni í Freestyle dansi.
29. apr. – 9. maí	Könnun á aðstöðu fatlaðra fyrir fund MND félagsins.
27. maí	Heimsókn á bókasafnið.
28. maí	Gróðursetning í Tungudal, - ratleikur í Tunguskógi – hjólaferð.
2. júní	Ratleikur - Húsin í bænum og minnismerki bæjarins
3. júní	Leikjadagur á Torfnesi

Bergljót Halldórsdóttir, Hlíf Guðmundsdóttir

7. bekkur





Nemendur árgangsins voru 40 að hausti og 39 að vori. Umsjónarkennarar voru Auður Yngvadóttir og Helga S. Snorradóttir. Sérkennari árgangsins var Berglind Árnadóttir og fékk árgangurinn 10 tíma á viku hjá henni. Stuðningsfulltrúi í 7.AY var Heiða Dögg Guðmundsdóttir.

Kennarar árgangsins:
Rannveig Gissurardóttir - myndmennt
Guðlaug Jónsdóttir – heimilisfræði auk samfélagsfræði í 7.AY

Elfar Reynisson (fyrir áramót) og Viðar Kristinsson (eftir áramót) – tæknimennt/smíði
Fríða Rúnarsdóttir – textílmennt/saumar
Herdís Hübner – danska í 7.AY
Laufey Eyþórsdóttir – upplýsingatækni í 7.AY
Monica Mackintosh – enska
Guðný Stefanía Stefánsdóttir - íþróttir
Árni Heiðar Ívarsson – íþróttir og sund
Aðra kennslu árgangsins sáu umsjónarkennarar um.

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 7 stundir á viku, stærðfræði 6, samfélagsfræði 3, náttúrufræði 3, enska 2, lífsleikni 1, íþróttir 2, sund 1, upplýsingatækni 1 og danska 3 stundir. Textílmennt, myndmennt, heimilisfræði og tæknimennt voru kenndar í lotum í hringekju, 4 tíma á viku í 9 vikur hvert fag. Auk þess var boðið upp á þá nýbreytni að hafa val í 4 stundir á viku. Þær greinar sem voru í boði voru íþróttir, útivist, myndmennt, skartgripagerð, mósaík, fablab, skák, spil, kór, lúðrasveit, stuttmyndagerð, rauða kross námskeið, dans og skrautskrift og komu hinir ýmsu kennarar að þeirri kennslu.

Kennsluhættir
Kennt var í bekkjum í stofum 102 og 104 og fóru hópar í sérkennslu í stærðfræði og íslensku í stofu 105 á sama gangi og var sú nálægð mjög þægileg.
Á vorönn var farið í áætlanagerð í íslensku og stærðfræði í 7.HS, þar sem nemendur gerðu áætlun um vinnu sína í þeim námsgreinum. Þetta gafst vel og gerði nemendur ábyrgari fyrir námi sínu og jók metnað hjá mörgum. Hjá 7.AY var tekin ákvörðun um að sleppa áætlunum, þar sem það gekk ekki sem skyldi árinu áður. Það er því misjafnt eftir nemendahópum hvað hentar hverjum.

Stærðfræði
Námsgögn: Stika 3A og 3B, vinnubækur 3A og 3B, Stjörnubækur ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum.
Námstilhögun: Kennt í bekkjum, en einnig var skipt í hópa þvert á árganginn í 2 vikur.
Námsmat: Kannanir eftir flesta námsþætti og annapróf.

Íslenska
Námsgögn: Vanda málið – minnsta málið, lesbók og vinnubók, Ljóðspor, Skrift 6 og 7, Mál er miðill, Gunnlaugs saga ormstungu og ýmsar lestrarbækur og viðeigandi vinnubækur, sem unnið var með í lestrarhópum í apríl og maí.
Námstilhögun: Í september, janúar og í apríl var lestrarátak þar sem áhersla var lögð á lesskilning og yndislestur. Lærð voru þrjú ljóð yfir skólaárið og þeir sem lærðu þau á tilskildum tíma fengu 10 í einkunn. Þetta fyrirkomulag var mjög hvetjandi og þurfti enginn nemandi að taka próf.
Ekkert heimanám var í vetur skv. heimanámsstefnu skólans, utan heimalesturs, nema sérstaklega væri um það beðið. Nemendur lásu heima daglega og skrifuðu í þar til gerða stílabók samantekt eða endursögn á því sem þeir lásu. Þetta var gert til að auka lesskilning fyrst og fremst og til að nemendur þjálfuðust í að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Margir komust vel upp á lagið með þetta, á meðan aðrir voru seinni til eins og gengur.
Námsmat: Prófað var í íslensku á báðum önnum, mismunandi þættir hverju sinni. Tvö hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn hjá þeim sem voru komnir vel á veg með lestur en aðrir prófaðir oftar. Markmið að vori voru 280 lesin atkvæði á mínútu.

Samfélagsfræði
Námsgögn: Upprisan og lífið, Sögueyjan 3, Ein grjóthrúga í hafinu, Miðaldafólk á ferð, Evrópa lesbók og vinnubók. Kortabók fyrir grunnskóla ásamt myndböndum. Hindúatrú kynnt á vorönn.
Námstilhögun: Söguhlutinn tekinn á haustönn, þar sem áhersla var lögð á hópavinnu úr Sögueyjunni. Kristinfræðina tókum við í lotum fyrir jól og páska og Hindúatrú í maí.
Námsmat: Vinna og vinnubækur nemenda voru metnar til einkunnar ásamt hópverkefnum. Í maí var lokapróf úr landafræðinni.

Náttúrufræði
Námsgögn: Auðvitað 3, Maðurinn hugur og heilsa og ýmis myndbönd.
Námstilhögun: Kennslan var með hefðbundnum hætti. Eðlisfræðin (Auðvitað 3) var tekin á haustönn og lífvísindin (Maðurinn hugur og heilsa) voru kennd á vorönn. Reynt var að fara í náttúrufræðistofuna þegar færi gafst til tilrauna.
Námsmat: Lokapróf úr hvorum þætti fyrir sig og vinnubækur metnar.

Enska
2 kennslustundir á viku
Kennari: Monica Mackintosh
Námsefni: Action lesbók og Action vinnubók B. Unnin voru hópverkefni í tengslum við námsefnið svo sem að taka viðtal og Frankenstein. Við horfðum einnig á myndirnar Lion King í desember og E.T. fyrir páska.
Námsmat: Próf 40%, vinnubók og stílabók 30% og verkefni 30%. Færnieinkunn, virðing, samhug, menntun og ábyrgð.

Danska
Dönskukennarar í 7. bekk voru Helga S Snorradóttir og Herdís Hubner
7. bekkur er á fyrsta ári í dönsku. Markmiðin þar eru að nemendur geti skilið þegar talað er á einföldu skýru máli, lesið stuttan texta og myndað einfaldan texta.
Á haustönn var hér gestakennari Julie Fleischmann og var aðaláherslan lögð á talað mál
Námsgögn Start les-og vinnubók ásamt hlustunarverkefnum.
Þemaverkefni: En rejse til Danmark er verkefni útbúið af kennurum.
Samantekt
Á haustönn unnu nemendur þemaverkefni í samvinnu við gestakennara þar sem áhersla var lögð á talað mál. Nemendur bjuggu til persónu og unnu verkefnið út frá henni. Síðan unnið í kennslubóknni Start. Á vorönn var þemaverkefni Rejsen til Danmark. Undir vor unnu nemendur ýmis verkefni úti. Nemendur horfðu á Min søsters børn, Min søsters børn i sneen, Min sösters börn på bryllupsrejse og Guldregn

Upplýsingatækni
Kennt var í tölvuveri skólans.
Nemendur fengu þjálfun í fingrasetningu, á ritvinnsluforrit og vélabúnað tölvunnar auk ýmissa forrita s.s. Movie Maker, Power Point, Excel o.fl. Reynt var eftir mætti að samþætta upplýsingatæknina við aðrar námsgreinar, þannig að tölvuvinnslan nýttist sem best til verkefnagerða í öðrum námsgreinum.
Námsmat: Upplýsingatækni - tölvufærni og ástundun nemenda metin.

Lífsleikni

Unnið var með uppbyggingarstefnuna. Talsverð áhersla var á gildin og þarfir og gerður bekkjarsamningur í kjölfarið á því. Áhersla var lögð á almenn samskipti fólks m.a. með formlegum bekkjafundum. Umferðarfræðsla og fjármálafræðsla að vori.

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar, skýru mörkin og lífsgildin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli sem allir gátu sætt sig við og skrifað undir. Áhersla var lögð á þarfir og sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika. Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni.

Viðburðir og vettvangsferðir auk hefðbundinna viðburða skólans

26. – 30. ágúst	Skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði
17. sept.	Tónlist fyrir alla – Skuggamyndir frá Býsans
1.okt.	Nemendaþing G.Í.
2.okt.	Göngum í skólann – skemmtiganga í bæinn með karnivalstemningu
30.okt.	Jól í skókassa – árgangurinn sendi 15 börnum í Úkraínu jólagjafir
31.okt.-1.nóv.	Þemadagar – Framfarir og sköpun
18.nóv.	Stóra upplestrarkeppnin sett
2.des.	Opinn dagur
2.des.	Dagur íslenskrar tónlistar
13.des.	Farið á jólasýningu Safnahússins
17.des.	Þröstur Jóhannesson rithöfundur las úr bók sinni fyrir nemendur
24.jan.	Sólarkaffi
24. jan.	Skautaferð 7.HS
24.feb. – 14.mars	Kennaranemar í 7.HS
3. mars	Maskadagur / maskaball
7.mars	Skólakeppni Stóru upplestrarkeppninnar
12. mars	Skíða- og útivistardagur í Tungudal
14. mars	Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar
17. mars	Nemendur tóku þátt í Grunnskólamótinu í glímu
3. – 4. apríl	Árshátíð skólans
28. maí	Vorverkadagur, þar sem var hjólað inn í skóg og tekið til hendinni
30. maí	Samvera með börnum á Eyrarsól, þ.e. verðandi vinabekk.

Auður Yngvadóttir, Helga S. Snorradóttir

4. Skýrslur unglingastigs

Skýrsla deildarstjóra unglingastigs

Í unglingadeild voru 120 nemendur. Í öllum árgöngum er einn bekkur með tvo umsjónarkennara. Í 8. og 9. bekk var nemendum skipt í tvo hópa í öllum greinum en í íslensku og stærðfræði kom þriðji kennarinn inn í þrjá tíma á viku í hvoru fagi. Í 10. bekk var skipt í tvo hópa í öllum fögum nema íslensku og stærðfræði þar sem skipt var í þrjá hópa í öllum tímum.

Nemendur á unglingastigi taka ákveðinn fjölda tíma á viku í vali. Í 8. bekk eru það 5 tímar á viku en 7 tímar í 9. og 10. bekk. Valgreinar sem allir árgangar sóttu í vetur voru: dans, fab-lab, fata/bútasaumur, heimanám, heimilisfræði, hraðlestur, líkamsrækt og þjálfun, næringarfræði, prjón/hönnun, skák, skólahreysti, myndmennt, trésmíði, tölvuval-grunnur, tölvuval-framhald og tækniráð. Nemendur í 10. bekk sóttu einnig tíma í fornámi ökunáms og smáskipanámi sem kennt var í Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Nemendur gátu einnig fengið metið sem val nám í tónlistarskóla, starf með björgunarsveit og skipulagðar æfingar með íþróttafélögum.

Samræmd próf í 10. bekk og voru 23. – 25. september. Prófað var í stærðfræði, íslensku og ensku.

Íþróttahátíðin í Bolungarvík var haldin þann 11. október. Á Íþróttahátíðinni keppa unglingastigsnemendur af öllum Vestfjörðum í fjölbreyttum íþróttagreinum og fagna svo samverunni með dansleik um kvöldið.

9. bekkur tók þátt í forvarnardeginum þann 9. október og unnu ýmist verkefni tengd líðan, fjölskyldu og tómstundum.

4.-7. nóvember bauð Vá-Vest hópurinn öllum nemendum í 8. bekk á sjálfstyrkingarnámskeið sem Elísabet Lorange ráðgjafi stýrði. Nemendum var skipt í 4 hópa sem hver var í einn dag hjá Elísabetu. Síðasta daginn bauð Elísabet svo upp á einstaklingsviðtöl ef nemendur óskuðu eftir því.

29. nóvember var haldin hátíð á unglingastigi til að fagna fullveldi Íslands. Hópur nemenda setti upp sýninguna “Sound of music” Leikstjóri var Elvar Logi Hannesson

Í desember var höfð föndurlota á unglingastiginu eins og undanfarin ár, nemendur gátu valið sér ýmislegt föndur t.d. pappírsgerð, þæfingu, kertagerð, piparkökubakstur og smíðavinnu ásamt því að ljúka við bekkjarjólakortin til nemenda skólans.

Föstudaginn 24. janúar á bóndadaginn var haldið, í 32 skipti, hið árlega þorrablót 10. bekkinga í sal skólans. Þar bjóða foreldrar nemendum upp á þorramat og skemmtiatriði og á eftir er stiginn dans við harmonikkuundirleik. Eva Friðþjófsdóttir danskennari hafði fengið krakkana til sín í upprifjun á gömlu dönsunum og bauð foreldrum einnig upp á stutt kvöldnámskeið. Blótið heppnaðist vel og skörtuðu margir íslenskum búning í tilefni dagsins.

Árshátíð skólans var haldin 3. og 4. apríl, þar undirbjuggu nemendur sín atriði með aðstoð kennara, þegar komið er upp í unglingadeild sjá nemendur nánast alfarið sjálfir um sín atriði en fá alla þá aðstoð frá kennurum sem þeir óska sér. Á unglingastigi voru árshátíðarlotur síðustu tvær loturnar fyrir árshátíð en þá voru æfingar og undirbúningur en hefðbundin kennsla þess á milli.

Grunnskólinn á Ísafirði keppti í Skólahreysti en komst ekki í úrslitin þetta árið. Liðið skipuðu: Gunnar Þór Valdimarsson, Friðrik Þórir Hjaltason, Guðný Birna Sigurðardóttir og Katrín Ósk Einarsdóttir. Varamenn voru Andri Fannar Sóleyjarson og Kolfinna Rós Veigarsdóttir.

5. maí kom Þorgrímur Þráinsson í heimsókn í skólann. Hann byrjaði á því að hitta 8. og 9. bekk og lesa upp úr bók sem hann er með í vinnslu en hún gerist að miklum hluta í gamla skólanum í Reykjanesi. Hann hitti síðan 10. bekk og hélt sinn árlega fyrirlestur um hvernig ætti að setja sér markmið og vinna að jákvæðu hugarfari.
Vikuna 5.-9. maí bauð Vá-Vest hópurinn öllum nemendum í 9. bekk upp á sjálfstyrkingarnámskeið sem Elísabet Lorange ráðgjafi stýrði. Til stóð að halda þetta námskeið í janúar en þar sem flug fell niður í marga daga var það flutt til vorsins. Nemendum var skipt í 4 hópa og fór hver hópur einn dag frá 9:40-14.00 á námskeiðið. Á föstudeginum gátu síðan nemendur komið í einkaviðtöl til Elísabetar og var það vel nýtt.
Þann 6. maí var haldinn aðalfundur nemendafélags Grunnskólans á Ísafirði, þar var 7. bekkur boðinn velkominn í félagið ásamt hefðbundnum aðalfundarstörfum. Á fundinum urðu stjórnarskipti: Pétur Ernir Svavarsson tók við formennsku af Magðalenu Jónasdóttur og Hekla Hallgrímsdóttir tók við sem varaformaður af Huldu Pálmadóttur.
Þann 25.-28. maí fóru nemendur 10. bekkjar í vorferðalag. Áfangastaðurinn var Skagafjörður þar sem farið var í flúðasiglingar, paintball og margt fleira skemmtilegt. Að venju fylgdu umsjónarkennarar hópnum ásamt nokkrum foreldrum.
Böll eru haldin reglulega yfir veturinn sum eru á vegum fjáröflunarnefndar 10. bekkjar en önnur á vegum félagsmiðstöðvar. Helstu böllin eru Busaball, deshátíðin, Rósaball, Samfés, árshátíð og lokaball. Þar að auki fer alltaf hópur suður til að fylgjast með úrslitakeppni söngvakeppni Samfés sem heitir Samfestingurinn. Böllin eru ýmist haldin í félagsmiðstöð eða í sal skólans en yfirleitt er lokaballið á nýjum stað. Í ár var það haldið í Edinborgarhúsinu. Að venju er 7. bekkingum boðið á lokaballið.
3. júní var íþrótta og leikjadagur fyrir nemendur í 5. – 10. bekk. Keppni hófst klukkan níu á víðavangshlaupi og síðan gátu nemendur valið um að fara í fótbolta, ratleik eða inn í íþróttahús í leiki. Skiptingin varð nokkuð jöfn og skemmtu nemendur sér vel.

Skólaslit voru þann 5. júní og að venju voru veittar viðurkenningar til nemenda á unglingastigi.
Í 8. bekk fékk Guðrún Ósk Ólafsdóttir viðurkenningu Rotary klúbbsins á Ísafirði fyrir ástundun og framfarir og Pétur Ernir Svavarsson fékk viðurkenningu fyrir hæstu meðaleinkunn.
Í 9. bekk fékk Guðný Birna Sigurðardóttir viðurkenningu Rotary klúbbsins á Ísafirði fyrir ástundun og framfarir og Hekla Hallgrímsdóttir fékk viðurkenningu fyrir hæstu meðaleinkunn.
Eftirtaldar viðurkenningar voru veittar í 10. bekk:
15. nemendur í 10. bekk luku Smáskipaprófi sem er bóklegi hlutinn fyrir skipstjórnarréttindi á skip sem eru styttri en 12 metrar. Þessir nemendur eru: Aðalbjörn Jóhannsson – Baldur Björnsson – Eggert Karvel Haraldsson – Einar Óli Guðmundsson – Friðrik Þórir Hjaltason – Gísli Jörgen Gíslason – Halldór Ágúst Hlynsson – Ívar Orri Guðmundsson – Julo Thor Rafnsson – Magnús Ingi Traustason – Sigrún Lísa Torfadóttir – Sigþór Hilmarsson Lyngmó – Suwat Chaemram – Telma Rut Sigurðardóttir – Vilmar Ben Hallgrímsson
Rotary klúbburinn á Ísafirði veitir viðurkenningu fyrir fyrirmyndarástundun alla sína skólagöngu. Þá viðurkenningu hlaut Særún Thelma Veigarsdóttir Olsen.
Viðurkenningu fyrir góða ástundun og námsárangur í íslensku hlaut Ingunn Rós Kristjánsdóttir.
Viðurkenningu fyrir góða ástundun og námsárangur í stærðfræði hlaut Ingunn Rós Kristjánsdóttir
Þrír nemendur hlutu viðurkenningu fyrir góða ástundun og námsárangur í samfélagsfræði það voru þau Fróði Benjamín Þrastarson, Ingunn Rós Kristjánsdóttir og Veturliði Snær Gylfason.

Viðurkenningu fyrir góða ástundun og námsárangur í náttúrufræði hlaut Veturliði Snær Gylfason Viðurkenningu fyrir góða ástundun og námsárangur í ensku hlutu Ingunn Rós Kristjánsdóttir og Veturliði Snær Gylfason.
Danska Menntamálaráðuneytinu gaf viðurkenningu fyrir góða ástundun og námsárangur í dönsku, verðlaunin hlaut Veturliði Snær Gylfason

Kvenfélagið Hlíf gaf viðurkenningar fyrir verk og listgreinar.
Viðurkenningu fyrir áhuga, vandvirkni og vinnubrögð í textílmennt hlaut Hafdís Haraldsdóttir
Viðurkenningu fyrir framfarir og vinnubrögð í tæknimennt hlaut Fróði Benjamín Þrastarson
Viðurkenningu fyrir framfarir og skapandi vinnubrögð í myndmennt hlaut Dagur Benediktsson
Viðurkenningu fyrir áhuga metnað og iðni í heimilisfræði hlaut Hulda Pálmadóttir
Viðurkenningu fyrir áhuga, vandvirkni og vinnubrögð í stafrænni smiðju sem kölluð er Fab-Lab hlaut Særún Thelma Veigarsdóttir Olsen

Stúdíó Dan gaf viðurkenningar góða ástundun og námsárangur fyrir íþróttir. Þá viðurkenningu fengu Dagur Benediktsson og Aldís Huld Höskuldsdóttir

Ísfirðingarfélagið í Reykjavík gefur peningagjöf til minningar um Hannibal Valdimarsson. Þessi viðurkenning er veitt nemanda í 10. bekk fyrir lofsverða ástundun, framfarir í námi og virka þátttöku í félagsstarfi. Helga Þórdís Björnsdóttir fékk þá viðurkenningu.

Viðurkenningu fyrir hæstu meðaleinkunn vorið 2014, hlaut Veturliði Snær Gylfason.

Guðbjörg Halla Magnadóttir

8. bekkur





Nemendur árgangsins voru 37 í upphafi skólaárs og voru allir í einum umsjónarbekk. Umsjónarkennarar voru Harpa Henrysdóttir og Kristín Ólafsdóttir. Sigríður Jónbjörnsdóttir var stuðningsfulltrúi í árganginum. Eftirfarandi fög voru kennd: íslenska, danska, enska, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, leikfimi og sund ásamt valgreinum. Nemendur fengu einn íþróttatíma á viku og tvo sundtíma. Það var kynskipt í sundinu og er gert ráð fyrir að nemendur ljúki sundnámi sínu í 9. bekk.

Inntak og áherslur
Að hausti var áhersla lögð á að hópurinn lærði að skipuleggja námsgögnin sín, því nú þurfa nemendur að flakka á milli stofa í stað þess að vera í einni heimastofu eins og í 7. bekk.
Áhersla var lögð á að hrista hópinn saman sem eina heild, strax að hausti.
Í íslensku og stærðfræði kom þriðji kennarinn inn þrjá tíma í viku í hvoru fagi fyrir sig. Skipulag á þeim kennslustundum var sveigjanlegt, ýmist var hópnum skipt upp í þrjá hópa, tveir kennarar voru að vinna með sama námshópinn, einstaklings kennsla allt eftir þörf hverju sinni. Tímabundin þemavinna var innan einstakra faga og hóparnir voru ekki alltaf þeir sömu. Haldnir voru nokkrir bekkjarfundi í lífsleiknitímum. Á haustönn var boðið upp á leiklistarnámskeið í lífsleiknitímum. Árganginum var skipt upp í tvo hópa og var annar hópurinn á leiklistarnámskeiði á meðan að hinn vann að ýmsum lífsleikniverkefnum, í fjórar vikur í senn.

27. ágúst var farið í hina árlegu fjallgöngu, gengið var frá Dagverðardal yfir Fellsháls og niður í Engidal. Þátttakendur voru bæði úr hópi nemenda, kennara og foreldra.

11. september tóku nemendur þátt í Norræna skólahlaupinu.

Haustfundur var haldinn 27. september. Farið var yfir fyrirkomulag vetrarins og í lokin voru umræður. Mjög góð mæting var á fundinum.

Þriðjudaginn 1. október var haldið nemendaþing í skólanum, þar sem nemendur fjölluðu í blönduðum hópum um ýmislegt tengt menntun sinni og önnur málefni tengd skólanum.

10. október komu skáldin Eiríkur Norðdahl og Hildur Knútsdóttir í heimsókn og lásu upp úr verkum sínum fyrir nemendur. Athöfnin fór fram í Hömrum.

11. október var íþróttahátíð í Bolungarvík og tóku nemendur 8. bekkjar þátt í henni.

21. október var vetrarfrí.

Þemadagar voru haldnir 31. október og 1. nóvember.

4. – 7. nóvember var haldið sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir 8. bekk undir stjórn Elísabetar Lorange, gekk það mjög vel.

Vikuna 18. til 22. nóvember var skáldavika. Að þessu sinni var fjallað um skáldið Þórarinn Eldjárn.

2. desember var dagur íslenskrar tónlistar haldinn í Hömrum.

4. desember var jólaföndur á unglingastigi þar sem nemendur skiptu sér í hópa og föndruðu.

6. febrúar var foreldradagur.

7. febrúar bauð 8.bekkur vinabekk sínum 1.bekk í heimsókn. Borð svignuðu undan veitingum, sem foreldrar höfðu framreitt, kökur og fernudrykkir. Vinirnir fóru í leiki og spil, vel fór á með öllum. Svo miklar voru veitingarnar að boðið var upp á kökuhlaðborð á kaffistofu að veislu lokinni, við mikla ánægju starfsfólks.

28. febrúar var útivistardagur í Tungudal.

3. og 4. apríl var árshátíð grunnskólans haldin. Árshátíðarundirbúningur tók mikinn tíma síðustu tvær vikur fyrir hátíðina.

9. apríl var 8. bekkur með skólatónleika í Hömrum ásamt 4. bekk þar sem nemendur sem stunda tónlistarnám buðu til tónleika.

28. maí var vorverkadagur. 1. og 8. bekkur settu niður kartöflur og grænmeti í matjurtargarð á lóð tónlistarskólans ásamt því að snyrta í nánasta umhverfi skólans. Einnig var farið í leiki.

2. júní fór 8.bekkur í ferð á Hrafnseyri til að skoða safn Jóns Sigurðssonar og fræðast um Hrafn Sveinbjörnsson. Hópurinn kom einnig við í Mjólká.

3. júní var útivistardagur á Torfnesi undir stjórn íþróttakennara. Tókst sá dagur mjög vel að allra mati.

Íslenska
6 kennslustundir á viku
Kennarar: Guðlaugur Viðar Valdimarsson, Harpa Henrysdóttir og Kristín Ólafsdóttir.
Árganginum var tvískipt í íslensku og kom þriðji kennarinn inn 3 tíma á viku. Þá var hann ýmist til aðstoðar eða með einn hóp.

Bókmenntir og lestur
Við byrjuðum á því að lesa bókina Galdrastafi og unnum verkefni úr henni. Síðan tókum við valdar sögur úr Svört verða sólskin og voru unnin verkefni úr þeim, ýmist ritun, myndverk eða unnið með spurningar.
Eftir áramót var hafist handa við lestur á Laxdælu. Bókin var kynnt fyrir nemendum. Ættartré var unnið Nemendum var ætlað að lesa heimavið bókina aðra hverja viku. Þegar þeim lestri var lokið fór í gang ýmiss konar vinna sem tengdist lesefninu. Meðal annars voru stutt leikrit sett upp. persónulýsingar skrifaðar, sagan færð til nútímans og blað unnið.
Nemendur lásu einnig bækur að eigin vali
Málfræði
Í málfræði var unnið með Finn I og hliðarbækurnar Málfinn og Skriffinn. Notast var lítillega við nýja kennslubók í íslensku, *Kveikjur*. Aukaverkefnum í málfræði var dreift.
Farið var í orðflokkagreiningu. Lögð var sérstök áhersla á fornöfn, nafnorð og lýsingarorð.
Ritun og stafsetning: einn ritunartími var í viku og voru verkefni af margvíslegu tagi.
Nemendur 8.bekkjar tóku þátt í öllum þeim viðburðum sem skólinn stofnaði til, s.s. degi íslenskrar tungu og lestrarátak o.s.frv.

Enska
4 kennslustundir á viku
Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Monica Mackintosh
Námsefni: Aðaláhersla var lögð á að vinna í Spotlight 8 lesbók og vinnubók. Einnig voru nokkrir nemendur með léttara námsefni; Picture Dictionary og A málfræðihefti. Auk þess notuðum við ýmislegt annað efni.
Einnig lásu allir nemendur enskar bækur að eigin vali og líka saman í hóp, svo sem Mary Queen of Scots, Monkey‘s Paw, The Canterville Ghost og The Elephant Man. Við horfðum einnig á myndirnar Christmas Carol og Billy Elliot.
Námsmat: Próf 40% og vinna 60%. Færnieinkunn, virðing, samhug, menntun og ábyrgð.
8. bekkur

Danska
Dönskukennarar í 8. bekk voru Guðríður Sigurðardóttir og Kristín Ólafsdóttir. Nemendur árgangsins voru 38. Kennt var í heimastofum árgangsins.
Markmið: Geti skrifað einfaldan stuttan texta með einföldum orðaforða. Að geta lesið stuttan texta og skilið aðalatriðin. Skilji allt venjulegt talað mál í tengslum við námsefnið.
Námsgögn: Smart lesbók og vinnubók, Tænk les-og vinnubók ásamt hlustunarverkefnum og önnur verkefni útbúin af kennurum.
Nemendur lásu bækurnar Dumme sms og Sofies dagbog og unnu verkefni. Nemendur horfðu á og unnu verkefni með myndunum Mirakel, Det var en dreng og Af banen.
Á haustönn var hér gestakennari Julie Fleichmann og var aðaláherslan lögð á talað mál.
Þemaverkefni Konfirmationen
Samantekt:
Kennslan á haustönn fór fram með gestakennara og var áhersla lögð á talað mál.
Á vorönn var farið í Tænk 1. Kafla og Konformationen. En film: Millie. Lesbækurnar Sofies dagbog og Nye tricks.
Konfirmationen var unnin í hópavinnu og skilin munnleg.

Náttúrufræði
3 kennslustundir á viku
Kennarar: Árný Herbertsdóttir og Harpa Henrýsdóttir
Árgangurinn var tvískiptur í náttúrufræði.
Námsbækur: Lífheimurinn, Kraftur og hreyfing og annað ítarefni.
Í september fór hópurinn upp í Stórurð að tína sveppi og greina þá. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að halda vel utan um vinnubók sem síðan með metin til einkunnar bæði á haust- og vorönn. Í Lífheiminum voru tekin kaflapróf sem voru metin til einkunnar á haustönn. Stórt hópaverkefni var unnið úr fiski, fugla og spendýrakafla Lífheimsins og það var mjög vel lukkað. Námsmat vorannar var símat sem byggðist á síðasta kaflaprófi úr Lífheiminum, hópaverkefninu og verkefnavinnu í vinnubók úr Krafti og hreyfingu.

9. bekkur





Nemendur í árganginum voru 39. Nemendum var skipt í hópa eftir námsgreinum. Umsjónarkennarar voru Bryndís Bjarnason og Guðríður Sigurðardóttir.
Bekkjarnámskrá var birt á heimasíðu bekkjarins.
Eftirfarandi fög voru kennd: íslenska, danska, enska, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, myndmennt, heimilisfræði, textílmennt, tæknimennt, leikfimi, lífsleikni og sund.

Ástundun var send heim vikulega, mæltist það vel fyrir, en hefði mátt hafa betri áhrif á ástundun einstakra nemenda.
Nemendur geymdu bækur og möppur í læstum skápum í skólanum eða fóru með þær heim.
Mikil áhersla var lögð á góða umgengni í skólanum.
Unnið var í anda uppbyggingarstefnunnar og var unnið með hlutverkin, bekkjarsáttmálinn frá árinu áður skoðaður og samþykkt að hafa hann áfram. Einnig var unnið með sjálfsmyndina og óskaveröldina. Mikill tími fór í að ræða einelti og afleiðingar þess.

Atburðir á skólaárinu
27. ágúst var hin árlega fjallganga og gengið var á Kistufell. Ferðin gekk mjög vel, frábært veður og útsýni á Kistufelli eins og best gerist.
6. september var starfsdagur og haustþing kennara.
11. september. Norræna skólahlaupið.

18. september var haldinn haustfundur með foreldrum kl:8.00 þar sem rætt var um starfið framundan. Foreldrar 11 barna mættu.
30. september Göngum saman dagurinn
1. október Nemendaþingsdagur
9. október. Forvarnardagur 9. bekkinga Tókum við þátt í honum. Nemendum var kynnt verkefnið. Íþrótta- og æskulýðsstarf var kynnt og Pétur Markan framkvæmdastjóri kom og ræddi við nemendur um íþróttir og forvarnir. Nemendur fengu að sjá myndband varðandi forvarnir sem var útbúið í tilefni dagsins og eftir það tók við hópavinna.
10. október. Skáld í skóla í Hömrum. Eiríkur Norðdahl og Hildur Knútsdóttir
11. október var íþróttahátíð í Bolungarvík.
22. október var starfsdagur kennara.
31. október og 1. nóvember: Þemadagar
8. nóvember var eineltisdagurinn haldinn í skólanum. 9. bekkur vann með verkefni í tengslum við einelti. Einnig var heimsókn frá alnæmissamtökunum þennan dag. Einar Þór Jónsson fræddi nemendur um alnæmi.
13. nóvember voru foreldraviðtöl.
16. nóvember var Dagur íslenskrar tungu. Hann féll saman við þemadaga skólans. Því var ein stöð með ljóðagerð, í tilefni dagsins.
2. desember. Dagur tónlistar
4. desember var jólaföndur frá kl. 11:15 – 12:35
19. desember var skreytingadagur. Nemendur föndruðu, skreyttu stofuna og undirbjuggu litlu jólin.
20. desember voru litlu jólin. Hópurinn var saman og skemmti sér vel. Skipuð hafði verið skemmtinefnd sem sá um dagskrána. Skipst var á gjöfum og fóru allir glaðir heim.
24. janúar bauð 9. bekkur vinarbekknum sínum í sólarpönnukökur og spil.
6. febrúar voru foreldraviðtöl.
21. febrúar fengu nemendur 9. bekkjar að sjá myndina " Fáðu já " stuttmynd um mörkin á milli ofbeldis og kynlífs. Eftir það voru umræður um myndina í tveimur hópum og var Rakel Rut Ingvadóttir með stúlkunum og Pétur Markan framkvæmdastjóri HSV með drengjunum. Nemendum gafst kostur á að spyrja út í efnið og spunnust góðar umræður.
12. mars var útivistadagur sem heppnaðist mjög vel.
3. og 4.apríl árshátíð skólans haldin undir yfirskriftinni „Öll ólík öll eins.“ 9. bekkur sýndi frumsamið leikrit eftir nemendur úr árganginum. Gengu æfingar og sýningar mjög vel.
5.-9. maí var sjálfstyrkingarnámskeið undir stjórn Elísabetar Lorange
5. maí kom Þorgrímur Þráinsson í heimsókn og las upp úr óútkominni bók sinni sem gerist að miklu leyti á Vestfjörðum
8.maí aðalfundur nemendafélagsins, kosinn formaður
9.maí var MND félagið með fyrirlestur. Seinna sama dag kynntu tveir nemendur verkefni sem 9.bekkur hafði unnið í samvinnu með 6. bekk um aðgengi fatlaðra á Ísafirði. Verkefnið var síðan sett upp til sýningar í Stjórnsýsluhúsinu.
14.maí fór 9. bekkur í heimsókn í banka og fékk fræðslu í fjármálum.
Í maí var unnið sameiginlegt verkefni í ensku og dönsku. Búnir til ferðabæklingar um Ísafjörð og nemendur fóru með kennurum í göngu um bæinn og gáfu leiðsögn á ensku og dönsku. Verkefnið tók 2 vikur.
26.-30. maí prófavika.
28.maí var vorverkadagur þar sem 9. bekkur fékk það verkefni að mála girðinguna kringum Austurvöll
2. júní var heimsókn í Súðavík. Þar voru Murr og Melrakkasetrið heimsótt og endað í Raggagarði.
3.júní var vel heppnaður íþróttadagur á Torfnesi.

5. júní skólaslit.

Íslenska
6 kennslustundir á viku
Kennarar: Guðlaugur V. Valdimarsson, Herdís M. Hübner og Þóra Karlsdóttir.
Árganginum var þrískipt 3 kest í viku og tvískipt 3 kest í viku. Herdís og Guðlaugur kenndu 6 kest og Þóra 3. Einu sinni í viku var skipt eftir kynjum, á móti sundkennslu. Þessar margvíslegu skiptingar höfðu vond áhrif og ollu ýmsum vandræðum.
Bókmenntir og lestur
Við byrjuðum á því að lesa bókina Smásagnasmáræði og unnum verkefni úr henni. Eftir áramót lásum við bókina Mávahlátur eftir Kristínu Marju Baldursdóttur. Síðan lásum við Milljón holur. Nemendur lásu einnig bækur að eigin vali og skiluðu skýrslu mánaðarlega um bókina sem þeir lásu.
Höfundakynningar
10. október komu tveir rithöfundar í heimsókn í tengslum við verkefnið Skáld í skólum, Eiríkur Örn Norðdahl og Hildur Knútsdóttir. Kynningin fór fram í Hömrum, höfundarnir lásu upp úr verkum sínum og spjölluðu við nemendur.
18.-22. nóv. var skáldavika í skólanum og að þessu sinni var Þórarinn Eldjárn kynntur. 9. bekkur tók að sjálfsögðu þátt í því, kynnti sér verk Þórarins og vann verkefni um þau.
21.feb. var höfundarkynning á bókasafni og þar var Þórður Helgason kynntur og Rannveig Halldórsdóttir las úr verkum hans.
Kvikmyndir
Við sýndum kvikmyndina Mávahlátur að loknum lestri bókarinnar og nemendur skrifuðu greinargerð um myndina. Einnig sýndum við kvikmyndina Milljón holur þegar við höfðum lesið bókina.
Málfræði
Í málfræði var unnið með Finn II og Málfinn. Farið var í orðflokkagreiningu og sagnir, setningarhluta og annað sem er á gátlistanum fyrir Finn II.
Ritun og stafsetning: Mánaðarlega skrifuðu nemendur greinargerð um bók sem þeir höfðu valið sjálfir og lesið. Önnur bókmenntatengd verkefni voru m.a. unnin úr Smásagnasmáræði og þeim sögum sem lesnar voru í skólanum. Ýmiss konar önnur ritunarverkefni voru lögð fyrir vikulega allan veturinn í kynjaskiptu hópunum og reynt að gæta þess að þau væru fjölbreytt og margvísleg.
Námsmat
Á haustönn var ekki lagt fyrir sérstakt annarpróf heldur mynduðu hlutapróf og verkefni lokaeinkunn annarinnar. Á vorönn gilti annarprófið 40% á móti verkefnavinnu.

Enska
4 kennslustundir í viku
Kennarar: Laufey Eyþórsdóttir og Monica Mackintosh
Námsefni: Spotlight 9 var kennslubók vetrarins. Nokkrir nemendur voru með léttara námsefni s.s. Let‘s go, Picture Dictionary, Hickory, Dickory, Dock og ABC málfræðihefti. Auk þess notuðum við ýmislegt annað efni.
Við horfðum líka á DVD myndir; Christmas Vacation og Romeo og Juliet eftir að við höfðum lesið stytta útgáfu af leikritinu.
Undir vorið unnum við verkefnið Guided Tour samþætt dönskuvinnu. Nemendur unnu saman í hópum, bjuggu til ímyndaða ferðaskrifstofu og settu saman bækling með áfangastöðum á eyrinni. Munnleg skil fóru fram útidyra, bæklingur og dagbók giltu til einkunnar.
Nemendur völdu sér frjálslestrarbækur til að lesa þegar tími gafst til og fjögur sagnapróf voru tekin á vorönn.

Námsmat: Símat 60% próf 40%. Færnieinkunn, virðing, samhug, menntun og ábyrgð.

Danska
Dönskukennarar í 9. bekk voru, Guðríður Sigurðardóttir og Kristín Ólafsdóttir. Nemendur árgangsins voru 39 og fjórir nemandur voru ekki í dönsku. Kennt var í heimastofum árgangsins í tveimur hópum.
Markmið: Að skilja aðalatriðin í töluðu máli um málefni sem þau þekkja. Geti lesið texta og leitað eftir tilteknum upplýsingum á neti og í uppflettiritum. Geti sagt frá texta með aðstoð minnispunkta. Geti skrifað stuttan texta út frá lykilorðum.
Á haustönn var hér gestakennari Julie Fleichmann og var aðaláherslan lögð á talað mál.

Námsgögn: Tænk les-og vinnubók ásamt hlustunarverkefnum. Unnið var úr kaflanum Hjemmet og Fritid,
Lesnar voru bækurnar Blodhævn, Nye triks og Onde mobilfotos og unnin verkefni.
Þemaverkefni: Ferðabæklingur (unnin í samvinnu við enskukennsluna)
Hringekjuverkefni þar sem unnin voru blönduð verkefni.
Samantekt
Kennslan á haustönn var unnin í samvinnu við gestakennara þar sem áhersla var lögð á talað mál.
Vorönn byrjaði á Tænk les og vinnubók í henni voru unnir kaflarnir Hjemmet og Fritid. Hringekja með ýmsum verkefnum, í lok vorannar var unnin ferðabæklingur í samvinnu við enskukennslu.

Samfélagsfræði
Kennarar: Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Rannveig Gissurardóttir.
Kennslustundir á viku: 3
Í samfélagfræði 9. bekkjar var vetrinum tvískipt. Á fyrri önn var landafræði en á þeirri síðari var saga 20. aldarinnar skoðuð.
Landafræði
Nemendur fengu í hendurnar nýja kennslubók í landafræði,, *Um víða veröld - heimsálfur.* Bókin er að efni til keimlík þeirri kennslubók sem notuð hefur verið í landafræðikennslu í 9. bekk. Ýmsar tölur hafa verið uppfærðar og myndefni bætt við. Að innihaldi er hún svipuð og eldri kennslubókin, að sumu leyti rýrari þó.
Drjúgur tími fór í að skoða þætti sem tengjast fólksfjöldanum í heiminum. Fólksfjöldaþróunin var skoðuð út frá ýmsum sjónarhornum. Nemendur unnu nokkur netverkefni þar sem þeir áttu að bera saman tölulegar upplýsingar um lífskjör og lífshætti fólks. Áhersla var lögð á að bera saman þau lönd sem við teljum vera fátæk og þau lönd sem teljast efnuð. Aðallega var notaður netsíðan CIA world factbook. Að þessu loknu var Asía tekin fyrir. Tölur voru skoðaðar varðandi mannfjölda og lífskjör. Nemendur unnu síðan saman í hópum, völdu sér tiltekið land í Asíu og fengu frjálsar hendur um útfærslu og efnistök. Samhliða var kaflinn um Asíu lesinn og valin verkefni í kennslubók unnin. Horft var á valda kafla úr heimildamyndinn *Wild China.*
Ameríka var næst tekin fyrir. Tölur voru skoðaðar og nemendur völdu sér ríki í Bandaríkjunum til þess að fjalla um. Horft var á valda kafla úr heimildamynd Stephens Fry um Bandaríkin.
Lesnir voru valdir kaflar um Afríku og verkefni unnin.
Lögð var áhersla á símat, ýmis verkefni voru unnin í tengslum við efnið og kaflapróf tekin.
Saga
Byrjað var á því að lesa um og horfa á myndefni sem tengist Titanic slysinu. Í framhaldinu unnu nemendur að netverkefni í tengslum við efnið.

Drjúgur tími fór í að lesa um og ræða fyrri heimsstyrjöldina. Myndefni var mikið notað. Valin verkefni í kennslubók voru unnin og nemendur unnu netverkefni.
Þegar kom að kaflanum um rússnesku byltinguna unnu nemendur að netverkefni um rússsnesku keisarafjölskylduna . Valin verkefni í kennslubók voru unnin og myndefni skoðað (*Peoples century* – BBC).
Nemendur unnu að netverkefni um Adolf Hitler – æska og uppvaxtarár, áður en hafist var handa við að skoða kaflann um Hitler og Þýskaland. Nemendur unnu síðan verkefni heimavið um mikilvæga þætti í hugmyndafræði nasista. Nemendur áttu að færa rök fyrir hvernig fordómar og kynþáttahatur birtist í Evrópu í dag. Meðal annars áttu nemendur að afla sér upplýsinga um stöðu Roma fólks.
Námsmatinu var þannig háttað að verkefni voru unnin jafnt og þétt og kaflapróf tekið og einu skilaverkefni skilað.

10. bekkur





Nemendur í árganginum voru 54. Umsjónarkennarar voru Herdís M. Hübner og Monica Mackintosh. Ingvar Örn Ákason var stuðningsfulltrúi en hann tók við af Álfheiði Elínu Bjarnadóttur sem fór í barneignarleyfi í nóvember.
Nemendum var skipt í þrjá hópa í íslensku og stærðfræði og tvo hópa í ensku, dönsku, samfélagsfræði, náttúrufræði, leikfimi. Í lífsleikni var árgangurinn meira og minna saman.
Eftirtaldar valgreinar voru einnig kenndar: Dans, fablab, fatasaumur, bútasaumur, fornám ökunáms, heimanám, heimilisfræði, hraðlestrarnámskeið, líkamsrækt og þjálfun, næringarfræði, prjón og hönnun, smáskipanám, skák, skólahreysti, tölvuval, tækniráð.
Nemendur geta einnig fengið tónlistarnám, íþróttaþjálfun og þátttöku í björgunarsveitum metið sem valgrein.
Inntak og áherslur
Lögð var áhersla á hópinn í heild og reynt að efla samstöðu innan árgangsins. Góð samskipti, fordómaleysi og víðsýni voru í forgrunni. Lífsleikni var að miklu leyti samþætt við inntak Comeniusarverkefnisins og enskukennslu.

Viðburðir og vettvangsferðir
20. ágúst var farið í haustferð í Grunnavík og gist þar eina nótt. Siglt var að Flæðareyri og gengið þaðan í Grunnavík og tók gangan um 6 klst. með viðkomu á Höfðaströnd þar sem nemendur stóðust ekki mátið að fá sér sundsprett í sjónum, enda var blíðu veður og sólskin.

Gist var í tjöldum í Grunnavík en hópurinn hafði þó aðstöðu í bústað sem er í eigu fjölskyldu Gabríels og fullorðna fólkið gisti þar eina nótt.
Auk umsjónarkennaranna voru fulltrúar foreldra, þau Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir, Torfi Einarsson og Gylfi Þór Gíslason með í för.
Yfirgönguvörður var Jón Björnsson sem er kunnugur á svæðinu og mikil fjallageit.
Allir skemmtu sér vel og komu glaðir og kátir til baka.
Busaballið var haldið fimmtudaginn 5. september og gekk það ljómandi vel, hópurinn var mjög samtaka í undirbúningi og frágangi svo að til fyrirmyndar var.
Norræna skólahlaupið fór fram 11. september og 10. bekkur tók að sjálfsögðu þátt í því.
17. september voru haldnir tónleikar í Hömrum á vegum verkefnisins Tónlist fyrir alla. Hljómsveitin Skuggamyndir frá Býzans flutti þar lög frá fjarlægum löndum.
Á haustmánuðum nutum við þeirra forréttinda að hafa hér danskan sendikennara, Julie Fleischmann sem vann með dönskukennurum skólans og færði okkur nýja strauma beint frá Danmörku.
20. september kl. 8 að morgni var haldinn haustfundur með foreldrum til að kynna starfið framundan.
Samræmd próf í íslensku, ensku og stærðfræði voru dagana 23., 24. og 25. september. Prófin voru umdeild að venju og sú ákvörðun tekin að þau skyldu ekki hafa áhrif á skólaeinkunn í vor.
Á Evrópska tungumáladeginum, 26. september var Comeniusarverkefnið „All different, all the same, Europe‘s children," kynnt fyrir nemendum en það átti eftir að setja mark sitt á vetrarstarfið hjá 10. bekk að stóru leyti. Um er að ræða tveggja ára samstarfsverkefni 5 landa sem auk Íslands eru Rúmenía, Pólland, Portúgal og Kýpur. Markmið verkefnisins er að eyða fordómum og auka víðsýni og umburðarlyndi. Sérstök áhersla er á aðstæður minnihlutahópa, ekki síst Róma-fólks sem býr í öllum hinum þátttökulöndunum. Tungumál verkefnisins er enska og því voru ýmis enskuverkefni tengd þessu viðfangsefni.
26. september fékk 10. bekkur kennslu í spilavist og gerði hún góða lukku.
Þann 1. október var haldið nemendaþing í skólanum þar sem nemendur skólans fjölluðu í blönduðum hópum um ýmis málefni tengd skólanum og menntun sinni. 10. bekkur tók virkan þátt í nemendaþinginu.

10. október komu gestir á vegum verkefnisins Skáld í skólum og kynntu verk sín í Hömrum. Þetta voru þau Eiríkur Örn Norðdahl og Hildur Knútsdóttir.
11. október var íþróttahátíðin í Bolungarvík haldin en þrátt fyrir vasklega framgöngu, m.a. 10. bekkinga, tókst G.Í. ekki að sigra að þessu sinni en varð að lúta í lægra haldi fyrir Bolvíkingum.
Þemadagar voru 31. október og 1. nóvember. Þemað í ár var Framfarir og sköpun og unnið var í hópum þvert á árganga.
8. nóvember. Dagur eineltis: Í tilefni dagsins kom Inga Bára námsráðgjafi og ræddi um einelti við nemendur 10. bekkjar.
Um kvöldið var svo haldið Halloween-ball í sal skólans.
18.-22. nóvember var skáldavika í skólanum. Skáldið sem kynnt var að þessu sinni var Þórarinn Eldjárn.
29. nóvember var 1. des. hátíð skólans og fór hún vel fram að venju. Söngleikurinn Söngvaseiður var settur á svið að þessu sinni. Skv. hefð komu nemendur spariklæddir í skólann þennan dag svo við notuðum tækifærið til að smella af þeim myndum og var ein þeirra valin til að prýða dagatal sem nemendur létu prenta í tengslum við fjáröflun fyrir ferðasjóð.
Jólaföndur var í miðlotu skóladagsins 4. desember. Þá fór hópur úr árganginum og útbjó jólakort frá 10. bekk til annarra nemenda skólans. Aðrir fóru á ýmsar föndurstöðvar.

5. desember var samverustund vinabekkjanna, 3. og 10. Komið saman í stofu 10. bekkjar og sungið, lesin saga og drukkið kakó. Þetta var hin ljúfasta stund.
Litlu jólin voru 20. desember og kom árgangurinn allur saman í einni stofu, auk þess sem dansað var kringum jólatré í nýja anddyrinu.
Dansæfingar fyrir þorrablót undir stjórn Evu Friðþjófsdóttur stóðu yfir allan janúar. Einnig var fjöldasöngur æfður í íslenskutímum fyrir blótið.
Þorrablótið var frábært og hápunktur viðburða ársins. Það var haldið 24. janúar á sal skólans. Hver og einn kom með sitt trog á blótið fyrir sig og sína. Flutt voru skemmtiatriði á vegum foreldra og starfsfólks. Foreldrar stjórnuðu fjöldasöng og sáu um veislustjórn. Að loknu borðhaldi var salurinn rýmdur og dansað af hjartans lyst. Allir skemmtu sér vel og var það mál manna að þetta þorrablót hefði tekist einstaklega vel eins og alltaf er eftir hvert ball. Dans- og söngæfingar fyrir þorrablótið höfðu gengið vel og skiluðu sér á ballinu.
5. febrúar: 3.bekkur sem er vinabekkur 10.bekkjar bauð árganginum í sólarkaffi.
14. febrúar: Rósaballið var haldið og tókst mjög vel.
10.-14. febrúar: Höfundakynning á skólabókasafni. Þórður Helgason kynntur fyrir unglingastiginu.
3.-8. mars héldu umsjónarkennarar ásamt skólastjóra og 10 nemendum úr 10. bekk til Leiría í Portúgal í tengslum við Comeniusarverkefnið. Ferðin gekk mjög vel, nemendur voru sjálfum sér og skólanum til mikils sóma og allir skemmtu sér hið besta. Í þeirri viku var fremur fámennt í skólanum, þriðjudagur var starfsdagur og Samfés var haldið á föstudagskvöldinu.
12. mars var útivistardagurinn haldinn – sem átti upphaflega að vera 28. feb.
13. mars var haldið grunnskólamót í glímu og þar tóku m.a. þátt nemendur úr 10. bekk.
27. mars: Skólahreystikeppni. GÍ tók þátt í skólahreysti en komst ekki áfram í lokakeppnina.

Árshátíð grunnskólans sem átti upphaflega að vera 27. og 28. mars var færð til 3. og 4. apríl. Yfirskrift hátíðarinnar að þessu sinni var: Öll ólík, öll eins, þ.e. í takti við Comeniusarverkefnið.
Á föstudagskvöldi var haldið árshátíðarball. Það var mjög fámennt og slegið af kl. 22.30.
8. apríl fór stór hópur nemenda úr 9. og 10. bekk skólans í fótboltaferðir, annars vegar fóru strákarnir til Manchester í Englandi og hins vegar fóru stelpurnar í æfingabúðir á Spáni.
9. apríl komu Hildur Halldórsdóttir og Stella Hjaltadóttir frá Menntaskólanum á Ísafirði og kynntu skólann og inntökuferlið, en koma þeirra hafði frestast nokkuð vegna verkfalls framhaldsskólakennara.
25. apríl – á sumardaginn fyrsta – var menningarkvöld 10. bekkjar haldið í Edinborgarhúsinu. Erlendir gestir sem hér voru vegna Comeniusarverkefnisins tóku þátt, svo um var að ræða sannkallað fjölmenningarkvöld. Dagskráin var fjölbreytt og glæsileg og10. bekk til mikils sóma.
26. apríl voru gestir á vegum Comeniusarverkefnisins í skólanum og nemendur 10. bekkjar sáu um að sýna gestum sínum skólann. Þann dag var þeim einnig boðið á sýningu Kómedíuleikhússins á Gísla Súrssyni sem fram fór á ensku.
5. maí**:** Þorgrímur Þráinsson kom í heimsókn og ræddi við nemendur um að setja sér markmið í lífinu. Námskeiðið hét: Verum ástfangin af lífinu.
6. maí: Ferð í Haukadal á slóðir Gísla Súrssonar, ásamt íslenskukennurum. Hún tókst mjög vel, í blíðu veðri. Við fengum aðstöðu í sumarhúsi fjölskyldu Suwats.
7. maí var haldið námskeið í skyndihjálp á vegum Rauða kross Íslands. Hermann Níelsson og Auður Ólafsdóttir sáu um fræðsluna.
8. maí var nemendum 10. bekkjar boðið í heimsókn í Menntaskólann á Ísafirði.
9. maí var fyrirlestur á sal á vegum MND samtakanna.
Skólaprófin fóru fram dagana 21.-23. maí.
Vorferðalag var farið dagana 25.-28. maí.

Ferðin í ár var að Steinsstöðum í Skagafirði. Þar var farið í flúðasiglingu, litabolta, sjóstöng og Samgönguminjasafnið heimsótt. Nemendur stóðu sig almennt með prýði og voru sér og sínum til sóma. Fararstjórar voru foreldrarnir Gylfi Þór Gíslason, Guðrún Jónsdóttir og Björn Baldursson. Starfsmenn voru Herdís, Monica og Jón Hálfdán.

Lokaballið var haldið í Edinborg 30. maí. Fenginn hafði verið DJ úr Reykjavík, mæting var mjög góð og allir ánægðir.
Starfskynningar fóru fram 30. maí og 2.-3. júní. Hver nemandi fór á tvo vinnustaði, einn dag á hvorn. Einn frídagur var gefinn á móti sunnudeginum sem var fyrsti dagur skólaferðalagsins.
Fjáröflun
Mikil fjáröflun var í gangi allan veturinn. Í upphafi vetrar tók hópur nemenda að sér að skipuleggja vinnuna og halda utan um fjáröflunina. Hittist hópurinn vikulega og fór yfir málin. Í allt söfnuðust í kringum 2.3 milljónir kr.
Foreldrar voru mjög duglegir að vinna að fjáröfluninni.
Meðal þess sem gert var má nefna: Seldir voru bolir með nöfnum og GÍ-merki, vöfflubakstur á foreldradögum, dansleikir, kaffimeðlæti á kennarastofu, kleinubakstur, dagatal, lan og flóamarkaður. Nýr liður í fjáröflun var frímínútnagæsla sem nemendur 10. bekkjar tóku að sér allan veturinn, fjórir á dag.

Lífsleikni
1 kennslustund í viku.

- Tíðir bekkjafundir og umræður m.a. um einelti.
- Hópavinna til að efla félagsfærni.
- Hjúkrunarfræðingurinn kom með fræðslu.
- Dansæfingar fyrir þorrablótið.
- Námsráðgjafi tók hvern og einn nemanda a.m.k einu sinni í viðtal á skólaárinu, oftar ef með þurfti.

Aðrir tímar voru nýttir til að taka allar þær kannanir sem velta inn á vorin, undirbúa böll og njóta þess að vera saman. Ef einhver mál komu upp þá voru þau rædd í þessum tímun.

Herdís M. Hübner, Monica Mackintosh

Íslenska
6 stundir á viku. Kennarar: Þóra Karlsdóttir, Guðlaugur V. Valdimarsson og Herdís M. Hübner.
Kennt var í 3 hópum, 6 kest. á viku.
Bókmenntir og lestur
Við byrjuðum á að lesa Engla alheimsins eftir Einar Má Guðmundsson og nemendur unnu verkefni úr henni. Samnefnd kvikmynd var einnig sýnd. Lesnir voru valdir kaflar úr bókinni Með fjaðrabliki og unnin margvísleg verkefni úr henni. Eftir áramót var lesin Gísla saga Súrssonar og einnig unnið verkefni úr henni. Kvikmyndin Útlaginn var sýnd og einnig var farið í Haukadal á söguslóðir Gísla sögu. Einnig sáu nemendur leiksýningu Kómedíuleikhússins um Gísla Súrsson, flutta á ensku í tengslum við heimsókn erlendra gesta. Stutt kynning fór fram á Halldóri Laxness, lesin sagan Ungfrúin góða og húsið og horft á samnefnda kvikmynd. Nemendur lásu eina bók að eigin vali í hverjum mánuði og skiluðu greinargerð um hana. Sýnd var kvikmyndin Nói albinói og unnið verkefni úr Með fjaðrabliki í tengslum við hana.
Málfræði

Við byrjuðum á upprifjun í málfræði fyrir samræmda prófið, sem haldið var 23. september. Undir vorið var tekin önnur upprifjunarlota í málfræði. Notast var aðallega við Finn en einnig efni úr ýmsum áttum.
Ritun
Nemendur unnu stór verkefni úr bókunum, Englum alheimsins, Gísla sögu Súrssonar og Ungfrúnni góðu og húsinu. Lestrarverkefnum var skilað mánaðarlega. Auk þess voru ýmis önnur ritunarverkefni, stór og smá og reynt að hafa verkefnin fjölbreytt og af ýmsum toga.
Höfundakynningar
10. október komu tveir rithöfundar í heimsókn í tengslum við verkefnið Skáld í skólum, Eiríkur Örn Norðdahl og Hildur Knútsdóttir. Kynningin fór fram í Hömrum, höfundarnir lásu upp úr verkum sínum og spjölluðu við nemendur.
18.-22. nóv. var skáldavika í skólanum og að þessu sinni var Þórarinn Eldjárn kynntur. 10. bekkur tók að sjálfsögðu þátt í því, kynnti sér verk Þórarins og vann verkefni um þau.
21.feb. var höfundarkynning á bókasafni og þar var Þórður Helgason kynntur og Rannveig Halldórsdóttir las úr verkum hans.
Í apríl var tveimur dögum varið til kynningar á Halldóri K. Laxness og verkum hans.
Námsmat
Nemendur tóku samræmt próf í íslensku að hausti. Annarpróf á vorönn gilti 40% á móti vinnueinkunn annarinnar en á haustönn gilti einungis vinnueinkunnin. Skólaeinkunn í íslensku var reiknuð þannig að haustannareinkunn gilti 50% og vorannareinkunn 50% en ákveðið að samræmdu prófin hefðu ekki áhrif á hana að þessu sinni. Einnig var gefin færnieinkunn í íslensku á hvorri önn, fyrir virðingu, samhug, menntun og ábyrgð.

Samfélagsfræði
Kennari: Guðlaugur Valdimarsson .
Tímar á viku: 3.
Saga
Byrjað var á því að lesa lokakaflann í bókinni *Styrjaldir og kreppa*, um síðari heimsstyrjöldina. Að því loknu fór drjúgur tími í að fjalla um stöðu mála í Evrópu eftir að stríðinu lauk. Fjallað var m.a. um stofnun Sþ og um mannréttindayfirlýsingu Sþ. Drjúgur tími fór í að skoða kalda stríðið og framvindu þess og talsvert af myndefni skoðað jafnhliða. Lesið var um þróun mála í Mið-Austurlöndum.út frá ýmsum sjónarhornum.
Námsmatinu var þannig háttað að eftir hvern kafla var tekið próf. Úr hverjum hluta námsefnisins voru unnin netverkefni. Valin verkefniu úr kennslubók voru unnin

Enska
Kennarar: Herdís Hübner og Monica Mackintosh.
Námsefni: Spotlight 10 og Spotlight 8 fyrir *. Auk þess notuðum við ýmislegt annað efni.
Aðaláhersla var á lestur og ritun. Einnig voru nokkrir nemendur með léttara námsefni s.s. Picture Dictionary og Listen First.
Samræmt próf í ensku var í september.
Nemendur lásu skáldsögur að eigin vali og skiluðu tveimur verkefnum úr þeim. Þau lásu líka bókina Ghost stories í bekkjarsetti. Horft var á myndina King Arthur og nemendur skrifuðu um myndina. Sagnapróf voru lögð fyrir vikulega í 9 vikur á vorönn. Nemendur unnu verkefni fyrir Comeniusarverkefni og skiluðu munnlegri upptöku, glærusýningar, verkefni um löndin og ýmislegt annað.
Námsmat: Á haustönn var símat 60% og annarpróf 40%. Á vorönn var símat 60% og annarpróf 40%.
Skólaeinkunn var 50% haustönn og 50% vorönn.
Voreinkunn var færnieinkunn, virðing, samhugur, menntun og ábyrgð.

Danska
Dönskukennarar í 10. bekk voru Guðríður Sigurðardóttir og Kristín Ólafsdóttir. Nemendur árgangsins voru 50. Einn nemandi var ekki í dönsku.
Hóparnir voru tveir og kennt í tveimur blönduðum hópum. Kennt var í stofum árgangsins.
Námsgögn: Ekko, les-og vinnubók ásamt hlustunarverkefnum, Dejlige Danmark, les-og vinnubók. hringekjuverkefni með ýmsum verkefnum frá kennurum. Koldt blod, (tvær bækur) sem hóparnir lásu og unnu verkefni úr. Sagnapróf.
Litli hópur notaði mest Smart les og vinnubók.
Á haustönn var hér gestakennari Julie Fleichmann og var aðaláherslan lögð á talað mál.
Samantekt:
Kennslan á haustönn var unnin í samvinnu við getsakennara þar sem áherlsa var lögð á talaða mál.
Vorönn, sagnapróf voru lögð fyrir vikulega síðustu 12 vikur vetrarins.
Kaflinn Livstil unninn í Ekko. Hringekja var á vorönn með blönduðum verkefnum.
En film: Store drömme
Koldt blod með verkefnum

Eins kemur fram hér að ofan þá voru unnin þemaverkefni og hringekjuverkefni á hverju stigi. Hefur sú vinna leitt það af sér að minna er um hefðbundna les-og vinnubókarvinnu sem okkur finnst skila betri árangri.
Í dönskunni var unnið með einstaklingsmiðaðnám og í hverjum árgangi voru nokkur mismunandi verkefni í gangi og miðaðist námsmat við það.

Náttúrufræði
Kennarar voru Jón Hálfdán Pétursson og Auður Yngvadóttir.
Vetrinum var tvískipt og var árgangnum skipt í tvo hópa. Kenndar voru 3 kennslustundir á viku. Á haustönn var bókin *Erfðir og þróun* lesin. Kenndir voru kaflar 1-4, spurningum svarað eftir hvern kafla. Að auki voru tekin próf eftir hvern kafla. Einnig gerðu nemendur verkefni er snéru að þekktum erfðafræðingum og merkum uppgötvunum í erfðafræði.
Á vorönn var bókin *Orka* lesin og farið yfir kafla 2 og 3, en áætlun gerði ráð fyrir köflum 2,3 og 4. Því miður tókst ekki að fylgja því eftir. Nemendur svöruðu spurningum eftir hvern kafla og gerðu verkefni. Einnig voru kaflapróf eftir hvorn kafla.
Fjallað var um mismunandi gerðir orku, eðli varma, rafmagns og ljóss út frá ýmsum sjónarhornum.
Ekki var mikið um verklega tíma. Léleg nettenging í kennslustofum gerði það að verkum að ekki var mikið um sýningar fræðslumynda af netinu.

5. Sérgreinar

Dans

1.bekkur
Í vetur voru 25 nemendurí 1. bekk. Þeim var skipt upp í tvo hópa sem voru



einu sinni í viku allt skólaárið. Nemendur lærðu almennar dansreglur, að bjóða upp, taka upp hald, grunnspor í dansi, hliðar saman hliðar, hæll, tá, fram og aftur, barnadansa, tvo latin dansa, línudans, leik og tískudansa. Farið var í hlustun á takt í tónlist. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálslega við mismunandi tónlist og kæmu fram við hvort annað að virðingu. Einkunn fyrir hæfni, virðingu, samhug, ábyrgð og menntun eru gefnar í bókstöfum. Danssýning var í lok vetrar.

2. bekkur
Í vetur voru 36 nemendur í 2. bekk. Þeim var skipt upp í tvo hópa sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Rifjaðar voru upp almennar dansreglur, hvernig eigi að taka upp hald, einnig var farið betur í hlustun á tónlist og kennt hvaða tónlist er notuð við mismunandi dansa. Horft var á keppni í dansi af dvd disk. Nemendum kennt að tengja saman spor í dansi, bætt var sporum í þeim samkvæmisdönsum sem nemendur höfðu lært og kenndir aðrir samkvæmisdansar ásamt línudansi, tískudansi og leikdönsum.
Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálslega við mismunandi tónlist og kæmu fram við hvort annað að virðingu. Einkunnir fyrir hæfni, virðingu, ábyrgð, samhug og menntun eru gefnar í bókstöfum. Danssýning var í lok vetrar.

3. bekkur
Í vetur voru 34 nemendur voru í 3. bekk. Þeim var skipt upp í tvo hópa sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Farið var yfir dansa frá fyrra skólaári. Þau lærðu gamlan dans (skottís), einn viki vaki, þrjá Latin dansa (Samba, Cha cha cha og Jive), línudans og tískudansa og Zúmba. Einnig var haldið áfram með hlustun á takt í tónlistinni, áhersla var lögð á sköpun. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálslega við mismunandi tónlist og hvernig sé hægt að nýta sér mismunandi hreyfingar, stíla í sköpun og að nemendur komi fram við hvern annan af virðingu. Einkunnir fyrir hæfni, virðingu, ábyrgð, samhug og menntun eru gefnar í bókstöfum. Danssýning var í lok vetrar.

4. bekkur
Í vetur voru 27 nemendur voru í 4. bekk. Þeim var skipt upp í tvo hópa sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Farið var yfir dansana frá fyrra skólaári og halið áfram að bæta við sporum. Að auki lærðu nemendur Zúmba, að nýta sér netið (Youtube) við kennslu í dansi og að sækja sér hugmyndir á netinu. Áhersla var lögð á sköpun, en nemendum var skipt upp í hópa sem unnu saman. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálslega við mismunandi tónlist gætu sett saman stutta dansa, kæmu fram við hvern annan af virðingu. Nemendur sýndu dans á árshátíð skólans. Einkunir fyrir hæfni, virðingu, ábyrgð, samhug og menntun eru gefnar í bókstöfum. Danssýning var í lok vetrar.

5. 6 og 7. bekkur
Þeim var skipt upp í tvo hópa sem voru einu sinni í viku, 9 vikur í senn, svokallaður hræringur.
Nemendur gátu valið um hvort þau vildu samkvæmisdansa eða tískudansa (Hip hop, Street).
Nemendur lærðu Zumba, Popping, Locking, Hip hop dans ásamt dönsum úr Step up revolution myndinni. Nemendur lærðu hvernig hægt er að nota hreyfingar úr daglegu lífi til að búa til dansa og einnig væri hægt að segja sögu með dansi. Einkunnir fyrir hæfni, virðingu, ábyrgð, samhug og menntun eru gefnar í bókstöfum.

10. bekkur
Nemendur í 10. bekk fengu 10 tíma upprifjun í gömlu dönsunum. Farið var yfir allflesta gömlu dansana ásamt tangó en það hefur komið beiðni um að bæta því við. Foreldrum 10.

bekkjar stóð til boða örnámskeið til að rifja upp dansana. Námskeiðið endaði svo með þorrablóti þar sem nemendur dönsuðu við hvern annan og sína gesti.

Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Heimilisfræði





1.bekkur
Í vetur voru 25 börn í 1. bekk. Þeim var skipt upp í þrjá hópa þannig að hver hópur kom í heimilisfræði þriðju hverja viku allan veturinn, tvær kennslustundir í hvert skipti.
Stuðst var við kennslubókina Gott og gaman en einnig var notað annað eldra efni við kennsluna. Helstu þættir sem farið var inn á voru almenn heimilisstörf, hvernig börnin geta hjálpað til á heimilum, hvernig við eigum að ganga snyrtilega um og einnig persónulegt hreinlæti. Kynnt voru helstu áhöld, fæðuhringurinn skoðaður og rætt heilmikið um mun á hollum og óhollum mat. Í framhaldi af því var fjallað um tannheilsu og afleiðingar lélegs mataræðis. Nemendur fengu að æfa sig í notkun hnífa og nokkurra einfaldra áhalda. Þau fengu einnig svolítið að kynnast bakstri. Helstu markmið sem unnið var út frá voru að nemendur myndu kynnast helstu áhöldum í eldhúsi og tileinka sér gildi hollrar næringar. Einkunn fyrir hæfni var gefin að vori í formi bókstafs, einnig fengu nemendur einkunnir í bókstöfum fyrir virðingu, samhug, menntun og ábyrgð.

2.bekkur
Í vetur voru 37 börn í 2. bekk. Þeim var skipt upp í þrjá hópa í hringekju og fékk hver hópur úthlutað þriðjungi vetrar, hausthópur, vetrarhópur og vorhópur. Nemendur fengu tvær samfelldar kennslustundir í viku á tímabilinu.
Bókin Hollt og gott 1 var notuð í vetur. Megin áherslur í kennslunni voru svipaðar og í 1. bekk en verkleg kennsla þó töluvert aukin. Mikil áhersla var lögð á hreinlæti. Nemendur lærðu að vaska upp og ganga frá og fengu heilmikla þjálfun í því. Farið var betur í fæðuhringinn, nemendur fengu að útbúa ávaxtasalat, grænmetiskarla, baka brauðbangsa og ýmislegt fleira. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur tileinkuðu sér hollt og gott mataræði, þekktu einföld eldhúsáhöld og lærðu að nota þau. Gerðu sér grein fyrir hvernig og hvers vegna þyrfti að þvo hendur og þekktu mikilvægi góðrar tannhirðu. Einkunn fyrir hæfni var gefin að vori í formi bókstafs, einnig fengu nemendur einkunnir í bókstöfum fyrir virðingu, samhug, menntun og ábyrgð.

3.bekkur
Í vetur voru 34 nemendur í 3. bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju og fékk hver hópur úthlutað þriðjungi vetrar, hausthópur, vetrarhópur og vorhópur. Nemendur fengu tvær samfelldar kennslustundir í viku á tímabilinu. Bókin Hollt og gott 3 var notuð í vetur. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur þjálfuðust í samvinnu og sjálfstæðum vinnubrögðum, lögð var áhersla á tengsl hollustu og heilbrigðis, mikilvægi hreinlætis og komið var inn á þætti sem falla undir umhverfisvernd. Námsmat var byggt á þáttunum virðing, samhugur, menntun og ábyrgð og þar gefnir bókstafir. Einkunn fyrir hæfni var einnig gefin í bókstöfum að vori.

4. bekkur.
Í vetur voru 28 nemendur í 4. bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju og fékk hver hópur úthlutað þriðjungi vetrar, hausthópur, vetrarhópur og vorhópur. Nemendur fengu tvisvar sinnum tvær samfelldar kennslustundir á viku á hverju tímabili og er þetta meiri tími heldur en oftast hefur verið. Bókin Hollt og gott 3 var notuð í vetur. Þetta er í raun þriðjabekkjarbók en vegna samkennslu þriðja og fjórða bekkjar í fyrra þurfti að leysa málin á þennan hátt. Bætt var við nokkrum verkefnum. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur fengju áframhaldandi þjálfun í meðferð áhalda og tækja. Í lok tímabilsins áttu þau að geta matreitt einfalda rétti og bakað eftir einföldum uppskriftum. Nemendur áttu að tileinka sér þekkingu varðandi slysahættu á heimilum, mikilvægi hreinlætis, tengsl hollustu og heilbrigðis og einnig var heilmikið komið inn á umhverfisfræði. Námsmat var byggt á þáttunum virðing, samhugur, menntun og ábyrgð og þar gefnir bókstafir að vori. Einkunn fyrir hæfni var einnig gefin í bókstöfum að vori.

5. og 6. bekkur - Erna Sigrún og Ingibjörg
Í vetur voru 28 nemendur í 5. bekk og 44 nemendur í 6. bekk. Þeim var skipt upp í 6 hópa, 5. bekk í 2 hópa og 6. bekk í 4 hópa. Hver hópur var í um það bil 6 vikur samfellt í heimilisfræði, 3 x 2 kennslustundir á viku. Bókin Gott og gagnlegt 1 var notuð við kennsluna hjá 5. bekk og Gott og gagnlegt 2 hjá 6. bekk. Kennslan skiptist í 2 verklega tíma í viku og 1 bóklegan tíma. Kennt var í báðum eldhúsunum.
Í 5. bekk voru helstu markmið kennslunnar að auka leikni í meðferð áhalda í eldhúsi og þjálfun í matreiðslu og góðum vinnubrögðum. Nemendur fengu fræðslu um hvernig varast megi þær hættur sem geta verið á heimilum. Lögð var áhersla á fræðslu um hollustu og heilbrigði auk umræðunnar um nauðsyn hreinlætis við matreiðslustörf. Mikil áhersla var lögð á umhverfisvernd og endurvinnslu. Einnig að halda vinnusvæðum, áhöldum og tækjum hreinum, temja sér góða borðsiði og taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald.
Í 6. bekk voru helstu markmið kennslunnar að auka þekkingu á helstu næringarefnum og hlutverkum þeirra með áherslu á kjöt- og fiskflokk. Einnig var áhersla á að nemendur gerðu sér grein fyrir að rétt fæðuval og góðar matarvenjur hafa mikla þýðingu fyrir góða heilsu og tileinki sér jákvætt viðhorf til umhverfisverndar og þekki umhverfismerkin. Þeim voru kynnt helstu þvottaleiðbeiningar á fatnaði. Einnig að halda vinnusvæðum, áhöldum og tækjum hreinum, temja sér góða borðsiði og taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald.
Námsmat var með þeim hætti að nemendur fengu einkunnir í bókstöfum fyrir virðingu, samhug og menntun. Einnig var gefin einkunn fyrir hæfni að vori.

7.bekkur
Í vetur voru 38 nemendur í 7. bekk. Þeim var kennt í hringekjuformi, skipt upp í fjóra hópa og voru tvo daga í viku í heimilisfræði, 2 kennslustundir í senn. Tímabilið náði yfir um það bil 9 vikur. Verkleg kennsla var í fyrirrúmi en einnig unnu nemendur vinnubók og önnur verkefni í

bóklegum tímum. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur gerðu sér grein fyrir því að hæfileg næring er ein meginforsenda fyrir andlegu og líkamlegu heilbrigði. Einnig að nemendur gætu matreitt og framreitt einfaldar máltíðir eftir greinargóðum uppskriftum og leiðbeiningum. Áhersla var á góð vinnubrögð og góðar vinnustellingar. Bókin Gott og gagnlegt 3 var notuð við kennsluna. Námsmat var með þeim hætti að einkunnir í bókstöfum voru gefnar fyrir virðingu, samhug, menntun og ábyrgð. Nemendur tóku lítið próf sem gilti 10% en færni í verklegri vinnu gilti 90%. Út úr þessum þáttum var reiknuð einkunn sem kallast hæfni og var að lokum sett inn sem bókstafur. Allar einkunnir voru gefnar að vori.

8.bekkur

Í vetur voru 21 nemandi í vali í 8.bekk. Þeim var skipt í 2 hópa, 1 fyrir áramót og 1 eftir. Hvor hópur fékk 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn. Kennslan fólst aðallega í því að þjálfa nemendur í verklegri vinnu með áherslu á hollan og næringarríkan mat. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur myndu auka hæfni sína í verklegri vinnu í eldhúsi. Einnig var áhersla á ábyrgð hvers einstaklings en um leið á samvinnu á milli nemenda. Markmið með kennslunni voru einnig þau að nemendur myndu temja sér fallega borðsiði og tileinka sér ánægjulegar og uppbyggjandi aðstæður í kringum máltíðir. Námsmat var með þeim hætti að nemendur fengu einkunnir í bókstöfum fyrir virðingu, samhug, menntun og ábyrgð. Einnig var gefin einkunn í bókstöfum fyrir hæfni. Allar einkunnir voru gefnar að vori.

9.-10.val

Í vetur voru 49 nemendur í 9. og 10. bekk í vali, 2 hópar fyrir áramót og 2 eftir. Hver hópur fékk 3 kennslustundir á viku hálfan veturinn. Kennslan fólst aðallega í því að þjálfa nemendur í verklegri vinnu með áherslu á hollan og næringarríkan mat. Einnig var ýmiss konar fræðsla aukin og var þar stuðst við bókina Næring og lífshættir. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur gerðu sér grein fyrir því að hollt og gott mataræði ásamt hæfilegri hreyfingu og hvíld væru meginforsenda fyrir andlegu og líkamlegu heilbrigði. Hlutverk helstu næringarefna, sjálfbær þróun, almennt hreinlæti og fallegir borðsiðir voru allt atriði sem unnið var með. Námsmat var með þeim hætti að nemendur fengu einkunnir í bókstöfum fyrir virðingu, samhug, menntun og ábyrgð. Nemendur þreyttu lítið próf sem gilti 10 %. Verkleg vinna gilti 90 %. Samanlögð einkunn úr þessum tveimur þáttum var gefin í tölustöfum hjá 10. bekk en fundin var út einkunn í bókstöfum fyrir 9.bekk. Allar einkunnir voru gefnar að vori.

Guðlaug Jónsdóttir, Erna Sigrún Jónsdóttir





Íþróttir

Íþróttir 1.-5. bekkur

Kennslan var með hefðbundnu móti, útileikfimi að hausti, innileikfimi frá október til maí og útileikfimi að vori. Kennslan gekk vel, var fjölbreytt og engin teljandi vandræði urðu. Sparkvöllur við lóð grunnskólans var mikið notaður við útikennslu.
Á hverju ári fara nemendur 1. bekkjar í hreyfiþroskapróf. Í því prófi er ýmislegt tekið fyrir m.a að hoppa, kasta, raða eldspýtum og grípa prik.
Viðfangsefni vetrarins voru fjölbreytt: Boltaleikir, leikir, fimleikar, frjálsar íþróttir, badminton, blak, samvinnuleikir, hugtakaleikir, þol og styrktaræfingar ásamt öðru sem tilgreint er í aðalnámsskrá grunnskóla.
1-4 bekkur tekur þátt í Norræna skólahlaupinu sem er í september ár hvert.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson, Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Jón Hálfdán Pétursson

Íþróttir 6.-10. bekkur

Kennslan var með hefðbundnu móti, útileikfimi að hausti, innileikfimi frá október til maí og útileikfimi að vori. Aðstaða til íþróttakennslu er mjög góð bæði til úti- og innikennslu á Torfnesi. Farið var yfir fjölbreytt svið í viðfangsefnum vetrarins boltaleiki, fimleika, frjálsar, samvinnuleiki auk þess sem meiri áhersla er lögð á þol- og styrktaræfingar hjá þessum aldurshóp. Þennan vetur var boðið upp á valtímabil sem gengu mjög vel. Einnig var boðið upp á kynningar frá íþróttafélögum innan HSV.
Námsmat fer fram með símati auk prófa í þoli, styrk, boltafærni og fimleikum.

Á hverju skólaári eru ýmsir viðburðir sem eru fastir liðir og má þar nefna Norræna skólahlaupið sem haldið er í september og Íþróttahátíðin í Bolungarvík þar sem keppt er í hinum ýmsu greinum allt frá knattspyrnu til fatahönnunar. Grunnskólinn á Ísafirði stóð sig vel að venju. Undanfarin ár höfum við verið með tvö lið til að leyfa fleirum að taka þátt. Haldinn var leikjadagur á Torfnesi fyrir 5-9.bekk þar sem nemendur hlupu allir víðavangshlaup og fengu svo að velja á milli fótbolta, leikja og ratleiks. Gekk þessi dagur mjög vel og var mikil virkni hjá öllum stigum.

Við sendum keppendur í Skólahreysti og fór undankeppnin fram í íþróttahúsinu Smáranum í Kópavogi 14. mars. Það voru fimm lið af Vestfjörðum sem tóku þátt í undankeppninni og hafnaði GÍ í öðru sæti.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson, Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Jón Hálfdán Pétursson

Sund 1.-4. bekkur:
Unnið var með grunnþætti helstu sundaðferða, bringusund, skriðsund, baksund, handa og fótatök æfð, leikir, köfun, grunnþættir björgunar, flot, stunga og annað tilkallandi. Mun meiri áhersla er á tækni og ánægju heldur en hraða og keppni Töluverðar framfarir nást í sundkennslu á þessum árum og því mikilvægt að börnin mæti vel og ekki sé mikið að falla niður kennsla, því einungis er um að ræða einn tíma á viku. Lögð er áhersla á öruggt og gott umhverfi þar sem öryggi og gleði barnsins er í fyrirrúmi.
Froskalappir eru mjög þýðingamikið kennslutæki hjá þessum aldurshóp og var staðan á þeim betri þetta árið.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson, Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Jón Hálfdán Pétursson

Sund 5.-10. bekkur:
Áframhaldandi kennsla með grunnþætti sundkennslunnar, en gerðar meiri kröfur eftir því sem ofar dregur. Áfram lögð áhersla á öryggi barna og unglinga og verið að höfða til þess að þau fari í sund í frítíma sínum og hafi ánægju af því að vera í vatni. Tímatökur og aðrir færniþættir sem tilgreindir eru í aðalnámsskrá hafðir til hliðsjónar við námsmat. 5. og 9. bekkur fara í fatasund á hverju vori og er mikil spenna fyrir þá tíma. Það gefst þeim tækifæri til að synda í níðþungum fötum.
Endurskoða þarf reglur varðandi lán á sundfatnaði fyrir næsta ár.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson, Jón Hálfdán Pétursson og Guðný Stefanía Stefánsdóttir.

Textílmennt

3. bekkur
Nemendur í 3. bekk færðu mynd af blaði (drógu upp) á léreft og lituðu myndina. Einnig settu þeir nafnið sitt og bekk á eftir. Úr þessu varð svo handavinnupoki sem nemendur munu nota undir handavinnuna sína um ókomin ár í skólanum. Nemendur lærðu að fitja upp (húsgangsfit) og þónokkrir lærðu að prjóna.

4. bekkur
Nemendur í 4. bekk prjónuðu orma sem ýmist urðu einlitir eða röndóttir. Sá háttur er hafður á að allir nemendur prjóna í jafnlangan tíma og eru þar af leiðandi með mislanga orma. Þetta gekk vel hjá öllum. Því næst saumuðu nemendur bútasaumspúða með flettisaum. Sumir fóru í ýmis smá aukaverkefni s.s. skrímslagerð.

5. bekkur
5. bekkingar prjóna orm þar sem þeir nota þekkingu síðasta vetrar þar sem þeir lærðu að prjóna garðaprjón, en nú bætist einnig við brugðin lykkja. Þetta verkefni gekk vel hjá langflestum. Næsta verkefni var bútasaumspúði þar sem notaður var flettisaumur og aukaverkefni fyrir 5. bekkinga er flíshúfa. Allir náðu að klára verkefnin sín.

6. bekkur
Nemendur í 6. bekk læra að hekla og hanna eigið verkefni og voru ýmsar hugmyndir; hekla buddu, utan um síma, spilastokk eða það sem þeim datt í hug. Því næst sauma nemendur út í

mjög grófan java þar sem notuð voru útsaumssporin: augnsaumur, fléttusaumur og krosssaumur. Þegar því er lokið sauma nemendur útsaumsstykkið á gallaefni sem er nýtt úr gömlum gallabuxum.

7. bekkur
7. bekkingar sauma frjálsan útsaum í filtefni og búa svo til myndaramma úr því. Næsta verkefni eru náttbuxur og síðasta verkefnið er að stensla nafnið sitt á stuttermabol sem nemendur fá hjá kennara. Nafnið eru nemendur búnir að vinna í tölvum í tölvuveri og hefur verið samvinna þar milli textílmenntakennara og tölvukennara.

8. bekkur
Nemendur velja verkefni eftir getu í samráði við kennara. Ýmislegt var gert s.s. peysur, húfur, kragar (mjög vinsælir) og ýmislegt fleira.

9. – 10. bekkur (valgrein)
Nemendur völdu verkefni í samráði við kennara. Þar má nefna; leggings, boli, kjóla, buxur ofl.

Samantekt
Yfir heildina litið hefur kennslan gengið mjög vel og nemendur tilbúnir í að vinna verkefnin sín.

Tæknimennt

Kennari: Viðar Kristinsson frá 1.jan 2014





1. bekkur
Nemendur voru í 1x40min á vikur í smíðum hjá Viðari. Farið var yfir helstu verkfæri sem þau hafa þroska og getu til að nota. Unnið var með hamar, trélím, sandpappír og tálgunarhnífa. Lagt var upp með að nemendur myndu skapa sitt eigið verk. Var í boði fullur kassi af allskonar trébútum, hamar, naglar og lím. Síðan var ímyndunarafl krakkanna látið taka völdin. Var þeim kennt að nota hníf til tálgunar. Farið var yfir hvernig maður beitir hníf og hagar sér í kringum hnífa.

4. bekkur Hringekja
Nemendur voru 2x80 á vikur í tæknimennt. Nemendur skera út dýr sem er síðan málað með krítartöflu málningu. Órói er ýmist sagaður út með fjaðursög og málaður í þeim lit sem nemendur velja. Eftir þessa tvo hluti voru nemendur gefnar frjálsar hendur hvað þau vildu skapa og búa til.

5. bekkur Hringekja
Nemendur voru 2x80 min á vikur í 9 vikur. Skylduverkefnið var að gera kúluspil. Var þeim útvegað timbur og áttu þau að hanna og búa til. Eftir það var frjálst val um verkefni. Reynt var að fá þau til að móta hugmynd og hanna og síðan aðstoðaði kennarinn við að smíða hlutinn. Ýmislegt kom úr því. Ýmist var tálgað eða sagað eitthvað form sem nemendur voru hrifnir af. Strákar voru duglegi að búa til sverð og hnífa á meðan stúlkur voru meira í því að brenna myndir á spjald. Í einum hóp þá tóku stúlkur sér saman og bjuggu til Ísafjarðar mónapólý.

6. bekkur Hringekja
Nemendur 2x80 min á vikru í 9 vikur. Fengu nemendur frjálsar hendur til að hanna og skapa það sem þau vildu. Verkefnið var að vinna hugmynd og koma henni frá sér í verki. Ýmis verk komu frá þeim. Stelpur voru duglegar að búa til brenni myndir og dúkkuhús úr efni sem var í boði. Strákarnir voru einbeittari að smíða vopn. Sverð, hnífa, skildi og byssur. Allt var þetta gert úr timbri og hugmyndin var að þau myndu hafa gaman að því að búa til það sem þau vildu.

7. bekkur Hringekja
Nemendur voru 2x80 min á viku í 9 vikur. Skylduverkefnið var að búa til lampa í rennibekk. Ferlið var að sjá hvernig óunnið timbur verður að lampa. Hannað og frágengið af þeim sjálfum. Tengdum ljósastæði. Eftir það voru þeim gefnar frjálsar hendur. Ýmislegt kom úr því. Gefinn var tími til þessa að nemendur mynduðu sér hugmynd og aðstoðaði kennarinn við full móta hana og koma í verk.

Unglingastig Val/Tæknimennt
Nemendur voru í tveimur hópum. Hver hópur var 2x80 min allan veturinn.
Nemendur fengur frjálsar hendur að búa til það sem þeir vildu. Hvort það var að búa eitthvað til frá grunni eða gera upp eitthvað. Nokkur dæmi það sem var smíðað. Kaðlakassi fyrir jeppa, endurgert reiðhjól, skartgripakassi, útskurður í tré, bogi. Setti kennari upp keppni milli tveggja hópa. Smíða átti catapúlt og keppni fólst í því hver myndi skjóta tennisbolta lengra. Og ef tennisboltinn myndi fara lengra en 50m eða yfir hálfan fótboltavöll þá myndu nemendur fá hæstu einkunn.

Námsmat var símat sem byggðist á þáttunum: virðing, samhugur, menntun og lokaeinkunn í bókstaf A-D nema 10. bekkingar sem fengu tölustafi.

Viðar Kristinsson

Tölvuval

Fyrir áramót var grunnhópur nemenda út 8. og 9. bekk í tölvuvali. Vegna vesens á tölvukerfi var varla hægt að kenna stóran hluta hverrar kennslustundar. Einnig þurfti að takmarka mikið hvað væri hægt að kenna vegna þess að margt virkaði svo stopult. Suma tímana var kerfið alveg úti og ekkert hægt að gera. Þá tíma fengu nemendur umræðuverkefni varðandi

samskipti á netinu, vélbúnað tölva og vírusvarnir. Þar sem gögn nemenda vildu týnast milli tíma enduðum við mikið á því að nýta okkur vefsíður til að vinna, tölvupóst til að skila verkefnum og fórum mikið í skýjatækni með Google Drive. Seinni part hauststins varð kerfið aðeins skárra. Þá unnum við með skjalavörslu, í myndvinnsluforritum og vídeóvinnslu. Svo unnu nemendur nokkur verkefni eftir áhugasviði. Við skilgreindum líka hlutverk nemenda og kennara og settum upp límmiða í tölvuverinu sem nemendur í Fablab vali útbjuggu fyrir okkur. Einnig hélt ég úti læstum Facebook hóp þar sem nemendur skráðu sig í byrjun. Þar inni bætti ég ítarefni sem ég heyrði nemendur nefna að þeir nýttu sér heima til að auka við kunnáttu sína.

Tölvuval framhald

Eftir áramót var framhaldshópur nemenda úr 9. og 10. bekk í tölvuvali. Þar sem mikið vesen var á tölvukerfinu framan af gekk kennslan ekki sem skyldi. Mikið var farið í samskipti á netinu og hversu miklar upplýsingar eru um okkur þar, allrahanda hönnun í umbroti, hljóðvinnslu, myndvinnslu, vídeóvinnslu, forritun, vélbúnað tölva, viðhald þeirra og ýmislegt fleira. Svo unnu nemendur eftir áhugasviði. Mikil áhersla var lögð á að gera nemendur sjálfstæða í þekkingarleit sinni, þannig að þau læri hvernig á að læra á eigin spýtur. Við vorum svo heppin að fá forritunarnema í heimsókn og upp úr því fóru þrír nemendur á flug í HTML og JAVA forritun fyrir vefsiðugerð. Það var gaman að sjá áhugasemina, því nemandi mætti í tíma með Skype þegar hann var veikur heima. Einnig hélt ég úti læstum Facebook hóp þar sem nemendur skráðu sig í byrjun. Þar inni bætti ég ítarefni sem ég heyrði nemendur nefna að þeir nýttu sér heima til að auka við kunnáttu sína.

Laufey Eyþórsdóttir

Hræringur 5.-7. bekkur

Í útivist var farið vikulega í ýmsa göngutúra, leiki og þrautir. Gönguferðir voru farnar í Stóruurð, Jónsgarð, Eyrina o.fl. Fjölmargar fjöruferðir voru farnar, annað hvort við Fjarðarstræti eða við Suðurtanga. Þegar snjórinn kom var hann óspart notaður við snjóhúsagerð, leiki og gerð hinna ýmsu skúlptúra. Einnig var Stórurð notuð óspart til sleðaferða. Útieldhúsið var notað í vetur til baksturs og kakógerðar, á meðan snjóaði og blés hressilega. Þegar voraði var haldið áfram með göngu- og fjöruferðir, leiki, þrautir. Farnar voru nokkrir hjólreiðatúrar inn Skutulsfjörð, Engidal og Tungudal.

Jón Hálfdán Pétursson

6. Skýrsla deildarstjóra sérkennslu

Á skólaárinu voru 93 kennslustundir til ráðstöfunar til sérkennslu á viku. Mestur hlutinn fór til sérkennslu í íslensku og stærðfræði en einnig í íþróttum. Tímafjöldinn fyrir árgang var allt frá 3 stundum upp í 11 stundir á viku eftir þörf. Ekki voru allir sérkennslutímar fastsettir á stundatöflu og hafði sá kennari sem sinnti kennslunni frjálsar hendur um, í samráði við viðkomandi kennara, með hvaða hætti sérkennslunni var háttað. Kennarar eru mikið farnir að sinna sérkennslu inni í bekk og er það markmiðið, en þó er ekki raunhæft að ætla að öll sérkennsla geti farið fram við þær aðstæður. Þarfir hvers einstaklings þarf að meta þannig að tímarnir skili sem mestu. Það voru 6 kennarar sem höfðu bóklega hluta sérkennslunnar með höndum, þar af voru 3 kennarar sem eingöngu sinntu sérkennslu.
Á unglingastigi var ekki um eiginlega sérkennslu að ræða heldur var farin sú leið að fjölga kennurum í íslensku og stærðfræði. Þannig voru 3 námshópar í íslensku og stærðfræði í 10. bekk allar kennslustundir vikunnar. Í 8. og 9. bekk var fyrirkomulagið þannig að í íslensku og stærðfræði kom einn kennari til viðbótar inn í námsgreinina 3 tíma á viku. Kennarar unglingastigs sáu um þá kennslu og skiptu með sér verkum eftir því hvað hentaði.
Sérkennslutímar voru einnig nýttir í öðrum námsgreinum, m.a. dansi og íþróttum og voru það fagkennarar í þeim greinum sem sáum um þá kennslu. Ekki varð af sérkennslutímum í sundi þetta skólaár þar sem sundhöllin var upptekin þegar sundkennarar voru lausir.
Nemendur af erlendum uppruna voru 45 í skólanum í vetur, en þar er átt við nemendur þar sem annað foreldri eða bæði hafa annað móðurmál en íslensku. Mjög misjafnt er hversu mikla þörf þessir nemendur hafa fyrir sérstaka íslenskukennslu til viðbótar við sérkennslu í íslensku, en það voru 5-10 nemendur á hverjum tíma sem nutu þessarar kennslu í alls 8 kennslustundir á viku, mest í einstaklingstímum.
Þroskaþjálfi var ráðinn til starfa við skólann í 100% starf í byrjun skólaárs og fékk það hlutverk að móta nýtt starf þar sem langt er síðan þroskaþjálfi starfaði við skólann. Hann kom mest að starfi með yngstu nemendunum með fatlanir og aðrar greiningar, stýrði teymisfundum og tók nemendur í þjálfun að meðaltali í 21 kennslustund á viku. Einnig veitti hann kennurum og stuðningsfulltrúum ráðgjöf varðandi vinnulag og verkefni, útbjó félagshæfnisögur, skipulag við stundatöflur og þau spjöld sem á þurfti að halda.
Við skólann störfuðu 12 stuðningsfulltrúar í tæplega 9 stöðugildum. Það er aukning frá fyrra ári sem kemur til vegna breytingar á skóladegi hjá yngstu börnunum. Stuðningsfulltrúar störfuðu í samstarfi við kennara, þroskaþjálfa og deildarstjóra sérkennslu með nemendum með miklar sérþarfir. Þeirri meginreglu var fylgt að að nemendur voru sem mest inni í sínum bekk en fengu aðlagað námsefni til að vinna að og sérkennslu og þjálfun eftir því sem við varð komið og þörf var á.
Kennslustofur sem nýttar voru til sérkennslu utan bekkjar voru stofur 105, 208 og 216. Talkennari var í stofu 106, þroskaþjálfi í stofu 114 og nýbúakennari hafði aðstöðu í stofu 215. Að auki höfðu nemendur með fatlanir afdrep í fjórum litlum herbergjum en það voru stofur nr. 101, 112 og 215, og glerskáli í tengibyggingu á efri hæð afdrep fyrir einn nemanda. Stofa 112 er enn notuð í þessum tilgangi en aðstaða þar er mjög léleg. Bæði er um að ræða geymslu fyrir sérkennslugögn en svo eru loftræstimálin í ólagi eftir framkvæmdir við nýbyggingu fyrir nokkrum árum.
Sérkennari lagði greinandi próf fyrir 33 nemendur vegna vísbendinga um lestrarvanda. Gögn vegna athugana og greininga bárust frá sérfræðingum Skólasviðs fyrir 35 nemendur. Frá greiningarstofnunum utan svæðis bárust gögn vegna 6 nemenda.
Skólinn hefur síðustu ár verið að þróa skimunaráætlun sem miðar að því að finna nemendur með námsfrávik eins fljótt og auðið er svo hægt sé að bregðast við. Á skólaárinu var Tove

Krogh prófið og hreyfiþroskamat lagt fyrir í 1. bekk, lestrarskimun í 1. og 2. bekk, samræmd próf í 4., 7., og 10. bekk og GRP14 lestrargreiningarprófið í 9. bekk. Niðurstöðurnar eru svo skoðaðar m.t.t. hvort þörf er á frekara mati.
Í samræmdu könnunarprófunum sem haldin voru í september var sótt um 9 undanþágur frá próftöku og 29 stuðningsúrræði. Undanþágu frá próftöku geta nemendur með fötlun eða alvarlega námserfiðleika fengið en jafnframt má sækja um undanþágu fyrir nemendur af erlendum uppruna frá próftöku í íslensku. Stuðningsúrræði geta verið í formi lestrarstuðnings, lengds próftíma, ritun á tölvu eða aðlöguðu prófhefti.
Þjónusta skólasálfræðinga var með sama sniði þetta skólaár og það síðasta. Tveir sálfræðingar komu u.þ.b. tvo daga í mánuði til að sinna málum sem vísað hafði verið til þeirra. Utanumhald og skipulag innanhúss, innheimta spurningalista, fundarboðun og annað slíkt kom í hlut deildarstjóra sérkennslu, en þessi verk voru áður í höndum skólasálfræðings þegar hann var hér á svæðinu.
Mikið samstarf var við ýmsar þjónustustofnanir innan bæjar og utan. Mest við Skólasvið Ísafjarðarbæjar, Félagssvið Ísafjarðarbæjar og Heilbrigðisstofnunina. Einnig var samstarf við leikskóla og framhaldsskóla varðandi færslu milli skólastiga. Talsvert samstarf er ár hvert við greiningaraðila utan svæðis. Reglulegir samráðsfundir voru haldnir í Vestfjarðabrú BUGL, en þar koma saman fulltrúar frá BUGL, Félagssviði, Heilbrigðisstofnun, Skólasviði og skóla til að ræða og leita úrræða fyrir börn í vanda. Þeir fundir reyndust mjög skilvirkir og mikilvægt að hafa aðgang að sérfræðiráðgjöf í heimabyggð. Jafnframt voru töluverð samskipti við Greininga- og ráðgjafarstöð ríkisins varðandi nemendur sem bíða greiningar hjá þeim, en fulltrúar þeirra komu í skólann á vordögum með fræðslu, ráðgjöf og til að sinna greiningum.
Auk skilafunda vegna vegna greininga og athugana sátu sérkennarar, þroskaþjálfi og deildarstjóri sérkennslu teymisfundi vegna nemenda með fötlun reglulega yfir skólaárið. Jafnframt hafði deildarstjóri sérkennslu milligöngu um túlkaþjónustu vegna funda með foreldrum nemenda af erlendum uppruna. Skólinn hefur markað sér þá stefnu að kalla til túlk í föstum foreldraviðtölum og alltaf á öðrum tímum þegar þörf er á.
Á vordögum var hafinn undirbúningur að nýju skólaári. Fundur var haldinn með fulltrúum leikskóla varðandi þann hóp sem innritast í skólann í haust. Einnig var fundað með fulltrúa menntaskólans varðandi nemendur sem fara á starfsbraut. Jafnframt var foreldrum útskriftarnema sendur tölvupóstur þar sem þeir voru hvattir til að setja sig í samband við námsráðgjafa þess framhaldsskóla sem nemendur fara í varðandi einhverjar sérþarfir, t.d. dyslexíu eða athyglisvanda því þær upplýsingar flytjast ekki sjálfkrafa á milli.
Á hverju vori sækja umsjónarkennarar um sérkennslu fyrir nemendur sína fyrir næsta skólaár þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir því hvers vegna nemendur þurfa slíka þjónustu. Sérkennarar taka saman hvað hefur verið gert með nemendum. Þeir skila vorskýrslu um viðfangsefni vetrarins og hvaða nemendum þeir sinntu og stuðningsfulltrúar skrifa vorskýrslu þar sem fram kemur hversu mikla aðstoð nemendur hafa þurft og hversu sjálfstæðir þeir eru í öðru. Allar þessar upplýsingar eru svo notaðar til að skipuleggja sérkennslu og stuðning á nýju skólaári. Jafnframt þarf að taka ákvörðun um með hvaða hætti á að veita þjónustuna.
Næsta skólaár er fyrirhugað að fækka stuðningsfulltrúum í skólanum og auka umsjón fagaðila, þ.e. sérkennara og þroskaþjálfa, með þeim nemendum sem mesta aðstoð þurfa, og setja á laggirnar námsver við skólann. Í skólastarfi þarf stöðugt að vera að leita leiða til að þróa og breyta og koma í veg fyrir stöðnun. Sérkennsla er viðkvæmur málaflokkur innan skólanna en má ekki frekar en annað vera undanskilin því að þróast og breytast. Allar breytingar á að líta á sem tækifæri og þau á að nýta til hagsbóta fyrir nemendur.

Rannveig Þorvaldsdóttir deildarstjóri sérkennslu.

7. Ýmsar skýrslur

Bókasafn Grunnskólans á Ísafirði



Starfsemi bókasafnsins veturinn 2013-2014 var með hefðbundnu sniði.
Safnkosturinn er allur skráður í tölvukerfið Gegni. Útlán bóka fer einnig í gegnum þetta kerfi.
Á haustin og vorin eru ákveðnir álagstímar á bókasafninu, þegar afgreiðsla og skil bóka/námsbóka stendur yfir.
Allar námsbækur og gögn frá Námsgagnastofnun koma á bókasafnið til skráningar og/eða plöstunar eftir því sem við á. Útlán námsbóka til 7.-10. bekkjar fer í gegnum bókasafnið og er það farið að ganga vel. Skil á þeim mættu hins vegar vera betri og eru alltaf þónokkrar bækur sem þarf að afskrifa, vegna þess að þær skila sér ekki frá nemendum.
Það þyrfti að gera átak í því að gera nemendur ábyrgari fyrir því að skila því sem þeir fá að láni.
Mikil heimilda- og verkefnavinna fer alltaf fram á bókasafni og er það gert í samstarfi við kennara í hverri grein eða árgangi fyrir sig.
9. september var Bangsadagur hjá okkur í tengslum við Bókasafnsdaginn.
Í september tókum við þátt í Bókaverðlaunum barnanna, sem er verkefni sem bókasöfn á landinu standa fyrir, til að hvetja börn til lestrar.
Starfsfólk bókasafnsins fór á námskeið 11. október í tengslum við útlánakerfið Gegni. Námskeiðið bar heitið, Leitir opnar dyr, og var aðaláherslan lögð á að kenna okkur á vefsíðuna leitir.is. Einnig var skerpt á nokkrum hlutum varðandi Gegni og okkur kynntar nýjungar þar.
Skáldavika var 18.-22. nóvember. Þá kynntum við höfundinn Þórarinn Eldjárn í samvinnu við íslenskukennara.
Rithöfundakynningar voru 17.-22. febrúar á bókasafninu í samstarfi við fagstjóra í íslensku og tókust þær vel. Tvö skáld voru kynnt og lesin texti úr einni bók þeirra.
Þau skáld sem kynnt voru:
Sigrún Eldjárn í 1.-6. bekk og
Þórður Helgason í 7.-10. bekk.
Bækurnar sem lesið var upp úr eru: Nýir vinir (Kuggur; 1) e. Sigrúnu Eldjárn,
Strokubörnin á Skuggaskeri e. Sigrúnu Eldjárn og
Vinur, sonur, bróðir e. Þórð Helgason.

Samstarf við Bæjarbókasafn
Mikið og gott samstarf hefur alltaf verið við Bæjarbókasafnið.

Innkaup
Bókasafnsfræðingur sér um innkaup á bókum til safnsins. Þetta árið hefur örlítið rofað til varðandi fjármagn til kaupa á bókum, en ég held í vonina um aukna fjárveitingu næstu árin.
Bókakostur safna rýrnar alltaf eitthvað á hverju ári og ef litlu fjármagni er veitt til bókakaupa, eins og nú er gert, þá minnkar geta okkar til að sinna því hlutverki sem okkur er ætlað. Þ.e. að vera upplýsingamiðstöð fyrir kennsluna og að eiga bækur fyrir nemendur til yndislestrar.

Bókagjafir
Í vetur hafa bókagjafir enn aukist frá hinum ýmsu velunnurum skólabókasafnsins í bæjarfélaginu. Kunnum við þeim hinar bestu þakkir fyrir. Það er gott að vita af því að fólk hugsar hlýtt til okkar, þegar við þurfum á því að halda.

Aðföng
Veturinn 2013-2014 voru keyptir eða gefnir titlar alls; 797.
Þar af voru gefnir titlar 540 og titlar fyrir úthlutunarkvóta frá Námsgagnastofnun 55.
Þannig að þeir titlar sem skólasafnið keypti fyrir eigið fjármagn voru einungis 202.
(Inni í þessum tölum eru; skáldsögur, fræðibækur, hljóðbækur, forrit, geisladiskar og DVD myndir .)

Opnunartími
Safnið er opið mánudaga-föstudaga frá kl. 8-14. þ.e. 30 tímar á viku.

Starfsfólk
Á bókasafninu eru tveir starfsmenn:
Carolin Ursula Kraus bókavörður
Rannveig Halldórsdóttir bókasafnsfræðingur

Rannveig Halldórsdóttir

Ársskýrsla þroskaþjálfa

Þar sem þessi staða þroskaþjálfa er ný skólanum var ekki til skipulag sem hægt var að ganga inn í. Það fór því tími í það í upphafi haustannar að móta og festa í sessi fyrirkomulag sem gafst vel. Var það unnið í góðu samstarfi við deildarstjóra sérkennslu og skólastjórnendur.
Nemendurnir:
Í vetur hafa 9 nemendur komið til þroskaþjálfa í einstaklingstíma. Hver tími er 30 mínútur.
Fjöldi nemenda hefur verið breytilegur í vetur.

Fimm sinnum í viku	=	3 nemendur
Fjórum sinnum í viku	=	1 nemandi
Þrisvar sinnum í viku	=	2 nemendur
Tvisvar sinnum í viku	=	3 nemendur

Börnin eru í 1. – 7. bekk, en eitt þeirra er á leikskóladeildinni Eyrarsól. Það var samkomulag á milli grunnskólans og leikskólans að það barn fengi tími hjá þroskaþjálfa vegna fyrri tengsla.
Eins hefur þroskaþjálfi komið að málum tveggja annarra barna á Eyrarsól. Haustið 2013 tók þroskaþjálfi Hljóm próf af nokkrum leikskólabarnanna því að enginn starfsmanna Eyrarsólar hafði leyfi fyrir prófinu. Síðar kom leikskólakennari með réttindin til starfa og kláraði fyrirlögn Hljóm prófanna. Þroskaþjálfi tók þau Hljóm próf sem þurfti að endurtaka eftir áramót.
Þroskaþjálfi hefur komið að málum nokkurra nemenda í viðbót með því að sitja skila- og teymisfundi.
Þroskaþjálfi hefur setið vikulega samráðsfundi starfsmanna í sérkennslu í grunnskólanum.
Endurmenntun:
Fræðsla um byrjendalæsi á skólaárinu og voru nokkrar smiðjur haldnar.
Skólinn fékk ráðgjöf frá Klettaskóla vegna tveggja nemenda og fór þroskaþjálfi í heimsókn þangað í desember. Á vorönn var farið heimsókn í Hraunvallaskóla í Hafnarfirði og í Kársnesskóla í Kópavogi til að skoða námsver.

Í maí fór þroskaþjálfi á ráðstefnu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins sem bar yfirskriftina Fjölskyldumiðuð þjónusta – ávinningur og áskoranir.

Sóley Veturliðadóttir, þroskaþjálfi

Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2013 til 2014 var starfandi náms- og starfsráðgjafi við grunnskólann í 60% starfshlutfalli.

Viðtöl

Í upphafi skólaárs voru tekin stutt viðtöl við nemendur í 9. og 10. bekk, alls 82 nemendur. Rætt var um áhuga á framhaldsnámi, líðan í skólanum og óútkljáð vandamál, ef einhver, sem upp hafa komið á skólagöngunni. Yfir veturinn voru síðan tekin viðtöl við 82 nemendur vegna hegðunarvanda, vanlíðunar, lítilla framfara í námi eða samskiptaörðugleika. Á yngsta stigi voru þetta 32 nemendur, 53% voru stúlkur en 47% strákar. Á miðstigi komu 26 nemendur í viðtöl, 73% stúlkur og 27% strákar. Á unglingastigi komu í viðtöl 24, 58% stúlkur og 42% strákar. Þetta er fyrir utan ráðgjafaviðtölin við 9. og 10. bekk. Auk þessa komu þó nokkuð margir hópar til að leita ráða og/eða fá aðstoð við að leysa vandamál sem upp komu í dagsins önn og einstaka nemendur komu við til að leita svara eða fá álit. Viðtöl við kennara fóru nær öll óformlega fram á þeirra vinnusvæði eða þar sem næði fékkst til að ræða einslega saman. Rætt var við foreldra eða þeim sendur tölvupóstur með upplýsingum þegar tilefni þótti til.

Önnur störf

Þar sem náms- og starfsráðgjafi er einnig dr. í skólasálfræði þá aðstoðaði hún við skimun vegna gruns um athyglisbrest með/án ofvirkni og gerði nánari sálfræðilegar athuganir á börnum sem ekki voru á formlegum biðlista þeirra skólasálfræðinga sem starfa við stofnunina ef alvarlegur vandi kom upp t.d. varðandi mikla vanlíðan í skóla. Farið var í alla bekki frá 7. og upp úr og haldinn stutt fræðsluerindi um einelti, hvað það er og hvernig er best að bregðast við þegar grunur um einelti vaknar. Náms- og starfsráðgjafi sat einnig vikulega samstarfsfundi með þeim aðilum sem komu að sérkennslu í grunnskólanum og fundi Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar, Barna- og unglingageðdeildar, félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar og fulltrúa skólastofnana í Bolungarvík og Ísafjarðarbæ.

Inga Bára Þórðardóttir, náms- og starfsráðgjafi

Nemendaverndarráð

Haldnir voru 15 fundir og fjallað um málefni 21 barns eða um 6% nemenda. Þar af voru fjögur mál aðeins til umræðu einu sinni. Af þeim 17 málum sem eftir standa þarf að fylgjast sérstaklega vel með 8 málum alveg frá skólabyrjun. Þeir nemendur eru merktir með * í trúnaðarmálabók. Sendar voru 25 beiðnir um ráðgjöf frá sérfræðingum til skólasviðs, þar var oftast um að ræða beiðnir um greiningar. Einnig voru sendar 13 tilkynningar til barnaverndar í tengslum við fundi nemendaverndarráðs. Tveir nemendur fengu skólavist í öðru sveitarfélagi í samstarfi félagsþjónustu og skóla. Sú breyting var gerð í nóvember að fulltrúi barnaverndar hætti að sitja alla fundi nemendaverndarráðs. Fulltrúi skólaþjónustu kom í staðinn.

Jóna Benediktsdóttir

Smiðjan

Smiðjan var á sínu fjórða starfsári veturinn 2013-2014. Áður hafði einn starfsmaður veitt Smiðjunni umsjón, en í ár var umsjón Smiðjunnar skipt á milli tveggja kennara. Smiðjustjórar skólaárið 2013-2014 voru Jón Hálfdán Pétursson íþróttakennari og Árni Heiðar Ívarsson íþróttakennari. Smiðjan var opin í kennslustundum frá 09:40-12:35. Markmiðið með Smiðjunni var að veita nemendum sem áttu einhverra hluta vegna erfitt með að vera í kennslustundum tækifæri til að vinna í friði eða ná áttum ef þeir þurftu á því að halda. Einnig að nemendur sem ekki stunda nám í ákveðnum námsgreinum, t.d. dönsku gætu átt ákveðinn samastað. Einn nemandi átti fastan samastað í Smiðjunni, þar sem að hann lærði undir leiðsögn stuðningsfulltrúa og sótti svo þess á milli tíma í bekk. Flestar heimsóknir voru í miðlotunni frá 09:40-11:00. Flestar heimsóknir í Smiðjuna voru nemendur af unglingastigi sem voru að sækja sér vinnufrið eða til að taka próf. Verulega fækkaði heimsóknum nemenda af yngsta- og miðstigi.

Tölvustofa

Fyrir áramót var mikið vesen á tölvukerfi og oft var varla hægt að kenna stóran hluta hverrar kennslustundar. Einnig þurfti að takmarka mikið hvað væri hægt að kenna vegna þess að margt virkaði svo stopult. Suma tímana var kerfið alveg úti og ekkert hægt að gera. Nemendur í tölvuvali skilgreindu hlutverk nemenda og kennara og settu upp límmiða í tölvuverinu sem nemendur í Fablab vali útbjuggu.
Eftir áramót var framan af mikið vesen var á tölvukerfinu og því gekk kennslan ekki sem skyldi. Notkun á tölvuverinu minnkaði yfir veturinn því fólk gafst upp á kerfinu. Þegar leið á vorið skánaði kerfið og þá jókst notkunin eitthvað. Nú í lok skólaársins er ennþá loggon vesen þar sem tákn hringsnýst á Welcome skjánum í allt að hálftíma áður en notandinn kemst inn.
Heyrnatólin þurfa endurnýjunar við, það má gera ráð fyrir því að einn umgangur af heyrnatólum gangi úr sér á ári. Þessi hafa enst nokkuð vel en eru í stærra lagi fyrir yngri nemendur. Heyrnatólin sem voru áður voru alltof veikburða og hrundu í sundur eins og skot.
Það má gera ráð fyrir því að þau klárist flest næsta veturinn og svo var ég að fjarlægja óvirk heyrnatól af nokkrum tölvum um daginn. Eitthvað af heyrnatólum á að vera til inni á bókasafni, en ég er búin að nota öll heyrnatól sem ég hafði til vara til að setja í staðinn fyrir þau sem hafa gengið úr sér. Svo eru fjórar tölvur (númer 13, 18, 23 og 24) sem eru með ónýtar innstungur fyrir heyrnatól þannig að þar notar maður bara hátalarana. Ég er búin að merkja það við innstungurnar á tölvunum.

Skanninn er úreltur og virkar ekki lengur með tölvunni. Það er ekki til ný útgáfa af rekli (driver) fyrir hann.

Prentarinn sem er hjá kennaratölvunni er í fínu lagi, en auðvitað ótengdur eftir að Nýherji setti núverandi prentara upp (ljósritunarvélarnar).

Ljósritunarvélin sem er hjá hillunum er væntanlega í lagi, en þar er sama og með prentarann.

Laufey Eyþórsdóttir

Ársskýrsla vegna Fablab

Eftir prufukeyrslu á Fablab sem hluta af tölvuvali hjá Laufeyju vorið 2013 renndum við af stað með Fablab valfag haustið 2013, bæði á miðstigi og unglingastigi. Þar sem eftirsókn varð

miklu meiri ef gert hafði verið ráð fyrir, var fleiri hópum bætt við og fleiri kennarar fengnir inn í þetta valfag. Um haustið hittust þeir sem kenna Fablab á grunnskólastigi til að æfa sig á græjurnar og undirbúa tímana. Okkur gekk vel að vinna saman og samvinnan við Albertínu og Þröst gekk vel. Eftir því sem leið á veturinn gerði tímaskortur vart við sig og okkur skorti svigrúm til að læra meira sem hópur. Auðvitað gerðu tæknilegir hikstar vart við sig, en við notuðum það tækifæri til að vinna þá hluta verkefnanna sem sneru að því sem var í lagi.
Fablab smiðjan er stafræn smiðja sem gerir fólki kleift að skapa hluti í tölvu og framleiða þá í vélunum sem eru á staðnum. Við nýttum vínylskerann og laserinn, en kennararnir þurfa að fá tíma til að læra á þrívíddarprentarann og stóru útsögunarvélina líka. Nemendur fá fræðslu um hugsanleg áhrif þessa á samfélagið okkar og hugsjónirnar á bakvið slíka smiðju. Farið er yfir hlutverk okkar í smiðjunni og þá ríku þörf að við hjálpumst að, sýnum þolinmæði, reynum að finna út úr hlutunum sjálf og kennum hvort öðru það sem við lærum, ásamt því að koma fram við fólkið og umhverfið af virðingu. Það tókst svakalega vel og nemendur voru okkur til sóma í þessum tímum. Þau voru virkilega þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að læra á Fablab, mættu tímanlega í kennslustundirnar og vildu helst ekki fara í lok tímans. Eins urðu þau mjög svekkt ef tími féll niður. Margir vildu mæta í Fablab í almenningstímum, en þá er skilyrði að þau séu í fylgd 18 ára eða eldri einstaklings. Við hvetjum þau eindregið til að fá foreldrana með sér í almenningstíma. Sem sumir gerðu.

Laufey Eyþórsdóttir

Fagstjórn í íslensku

Fundað var vikulega á þriðjudögum klukkan 14:30.

Alþjóðlegur dagur læsis var 8.september. Lestrarlota í skólanum var 9.9 – 20.9. Lesið var í a.m.k 15 mínútur dag hvern í skólanum.

Byrjendalæsi hélt áfram á yngsta stigi. Nokkrar smiðjur voru yfir veturinn þar sem kennarar á svæðinu komu saman, ýmist undir stjórn leiðbeinanda frá HA eða Magnúsínu Laufeyjar Harðardóttur, leiðtoga verkefnisins á svæðinu.

Hraðlestrarprófum var raðað niður um það bil á 6 vikna fresti yfir veturinn á yngsta stigi og þrisvar á miðstigi.
Á næsta skólaári er fyrirhugað að hækka viðmið hraðlestrarmarkmiða um 10 atkv. á árgang.
Lesskilningsprófin Orðarún af vef Mentor voru lögð fyrir í 3.-7.bekk sem gafst vel.
Læsi skimunarpróf og lesmál voru lögð fyrir í 2.bekk og Læsi var lagt fyrir í 1.bekk.

Framsagnarprófi var dreift til kennara 4. – 7.bekkjar (í maí) ásamt fyrirmælum um mat á framsögn og skráningarblað.

Stóra upplestrarkeppnin var sett í Hömrum á degi íslenskrar tungu (16.nóvember) af skólastjóra. Skáldavika var í þessari viku, skáldið að þessu sinni var Þórarinn Eldjárn. Allir árgangar unnu fjölbreytileg verkefni tengd skáldinu.

Stóra upplestrarkeppnin
Framkvæmd
Fagstjórar í íslensku sáu um að útvega dómara í bekkjakeppnina og umsjónarkennarar 7.bekkjar prenta út blöð fyrir dómarana
Dómarar í fyrri umferðum: Bergljót Halldórsdóttir, Margrét Björk Ólafsdóttir, Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Margrét Óskarsdóttir.
Skólakeppnin var haldin 7.mars, Rannveig Þorvaldsdóttir var dómari fyrir hönd skólans.

Lokakeppnin fór fram í Hömrum 14.mars. Skóla - og tómstundasvið sá um undirbúning.

Litla upplestrarkeppnin
4.bekkur vann verkefni að fyrirmynd Litlu upplestrarkeppninnar. 4.bekkur næsta árs mun sækja formlega um (tímanlega) og taka þátt í keppninni á næsta skólaári.

Rithöfundakynningu var á bókasafni skólans vikuna 18.-21 febrúar.
Sigrún Eldjárn og verk hennar voru kynnt fyrir öllum árgöngum skólans
Kynningin tókst vel.

Í tilefni af degi barnabókarinnar sem haldinn er á fæðingardegi H.C Andersens 2. apríl, gáfu IBBY samtökin á Íslandi íslenskum börnum smásöguna Blöndukútur sem Þórarinn Eldjárn samdi af því tilefni. Ýmist var hlustað á söguna á Rás 2 eða hún var lesin og eftir atvikum unnin verkefni.

Á næsta skólaári er fyrirhugað þróunarverkefni í íslensku frá HA sem ætlað er að stuðla að kennslu sem miðar að betri lesskilningi nemenda. Verkefnið er hugsað fyrir alla kennara skólans til að byrja með.

Erna Sigrún Jónsdóttir, Kristín Berglind Oddsdóttir

Fagstjórn í ensku

4. bekkur
Enska: 1 kennslustund á viku
Kennari: Laufey Eyþórsdóttir
Námsefni: Right On, myndspjöld af sparklebox.co.uk og kennsluvefir af nams.is. Unnið út frá byrjendalæsi samþætt öðrum námsgreinum, t.d. upplýsingatækni, náttúrufræði og samfélagsfræði. Að mestu leyti talmál, samskiptaleikir og söngur.
Námsmat: Þrjú verkefni sem gilda til einkunnar. Orðaforði um daga og mánuði, líkaminn og litir. Færnieinkunn, virðing, samhug, menntun og ábyrgð.

5. bekkur
Enska: 2 kennslustundir á viku
Kennari: Erna Sigrún Jónsdóttir
Námsefni: Portfolio námsefnið Work Out og Speak Out. Unnin voru hópverkefni í tengslum við námsefnið svo sem Fashion Show og Birthday Train.
Námsmat (að vori): Vinnubók 40%, skriflegt próf 30% og munnlegt próf 30%. Færnieinkunn, virðing, samhug, menntun og ábyrgð.

6. bekkur
Enska: 2 kennslustundir á viku
Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Monica Mackintosh
Námsefni: The Basic Oxford Picture Dictionary lesbók og vinnubók, einnig hópavinna sem tengdist efni bókarinnar. Action lesbók, A Year of Fun, glærusögur (Anita‘s Big Day o. fl.). Við horfðum á myndirnar Tarzan eða Beauty and the Beast . Ítarefni á neti.

Námsmat: Próf á vorönn 40%, verkefni 60%. Færnieinkunn, virðing, samhug, menntun og ábyrgð.

7. bekkur
Enska: 2 kennslustundir á viku
Kennari: Monica Mackintosh
Námsefni: Action lesbók og Action vinnubók B. Unnin voru hópverkefni í tengslum við námsefnið svo sem að taka viðtal og Frankenstein. Við horfðum einnig á myndirnar Lion King í desember og E.T. fyrir páska.
Námsmat: Próf 40%, vinnubók og stílabók 30% og verkefni 30%. Færnieinkunn, virðing, samhug, menntun og ábyrgð.

8. bekkur
Enska: 4 kennslustundir á viku
Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Monica Mackintosh
Námsefni: Aðaláhersla var lögð á að vinna í Spotlight 8 lesbók og vinnubók. Einnig voru nokkrir nemendur með léttara námsefni; Picture Dictionary og A málfræðihefti. Auk þess notuðum við ýmislegt annað efni.
Einnig lásu allir nemendur enskar bækur að eigin vali og líka saman í hóp, svo sem Mary Queen of Scots, Monkey‘s Paw, The Canterville Ghost og The Elephant Man. Við horfðum einnig á myndirnar Christmas Carol og Billy Elliot.
Námsmat: Próf 40% og vinna 60%. Færnieinkunn, virðing, samhug, menntun og ábyrgð.

9. bekkur
Enska: 4 kennslustundir í viku
Kennarar: Laufey Eyþórsdóttir og Monica Mackintosh
Námsefni: Spotlight 9 var kennslubók vetrarins. Nokkrir nemendur voru með léttara námsefni s.s. Let‘s go, Picture Dictionary, Hickory, Dickory, Dock og ABC málfræðihefti. Auk þess notuðum við ýmislegt annað efni.
Við horfðum líka á DVD myndir; Christmas Vacation og Romeo og Juliet eftir að við höfðum lesið stytta útgáfu af leikritinu.
Undir vorið unnum við verkefnið Guided Tour samþætt dönskuvinnu. Nemendur unnu saman í hópum, bjuggu til ímyndaða ferðaskrifstofu og settu saman bækling með áfangastöðum á eyrinni. Munnleg skil fóru fram útidyra, bæklingur og dagbók giltu til einkunnar.
Nemendur völdu sér frjálslestrarbækur til að lesa þegar tími gafst til og fjögur sagnapróf voru tekin á vorönn.
Námsmat: Símat 60% próf 40%. Færnieinkunn, virðing, samhug, menntun og ábyrgð.

10. bekkur
Kennarar: Herdís Hübner og Monica Mackintosh.
Námsefni: Spotlight 10 og Spotlight 8 fyrir *. Auk þess notuðum við ýmislegt annað efni. Aðaláhersla var á lestur og ritun. Einnig voru nokkrir nemendur með léttara námsefni s.s. Picture Dictionary og Listen First.
Samræmt próf í ensku var í september.
Nemendur lásu skáldsögur að eigin vali og skiluðu tveimur verkefnum úr þeim. Þau lásu líka bókina Ghost stories í bekkjarsetti. Horft var á myndina King Arthur og nemendur skrifuðu um myndina. Sagnapróf voru lögð fyrir vikulega í 9 vikur á vorönn. Nemendur unnu verkefni fyrir Comeniusarverkefni og skiluðu munnlegri upptöku, glærusýningar, verkefni um löndin og ýmislegt annað.

Námsmat: Á haustönn var símat 60% og annarpróf 40%. Á vorönn var símat 60% og annarpróf 40%.
Skólaeinkunn var 50% haustönn og 50% vorönn.
Voreinkunn var færnieinkunn, virðing, samhug, menntun og ábyrgð.

Farið var yfir bókalista og pantað fyrir næsta vetur. Skoðað var námsefni fyrir enskukennsluna í skólanum í heild. Kennarar í faginu hittust vikulega og skipulögðu kennsluna. Í öllum árgöngum er unnið að því að efla orðaforða, ritun, málfræði, máltilfinningu, skilning á töluðu máli og framburð. Unnið var í nýja námskránni.

Monica Mackintosh

Fagstjórn í dönsku

7. bekkur
Dönskukennarar í 7. bekk voru Helga S Snorradóttir og Herdís Hubner
7. bekkur er á fyrsta ári í dönsku. Markmiðin þar eru að nemendur geti skilið þegar talað er á einföldu skýru máli, lesið stuttan texta og myndað einfaldan texta.

Á haustönn var hér gestakennari Julie Fleischmann og var aðaláherslan lögð á talað mál

Námsgögn Start les-og vinnubók ásamt hlustunarverkefnum.
Þemaverkefni: En rejse til Danmark er verkefni útbúið af kennurum.

Samantekt
Á haustönn unnu nemendur þemaverkefni í samvinnu við gestakennara þar sem áhersla var lögð á talað mál. Nemendur bjuggu til persónu og unnu verkefnið út frá henni. Síðan unnið í kennslubóknni Start.Á vorönn var þemaverkefni Rejsen til Danmark .Undir vor unnu nemendur ýmis verkefni úti. Nemendur horfðu á Min søsters børn, Min søsters børn i sneen, Min sösters börn på bryllupsrejse og Guldregn

8. bekkur
Dönskukennarar í 8. bekk voru Guðríður Sigurðardóttir og Kristín Ólafsdóttir.Nemendur árgangsins voru 38. Kennt var í heimastofum árgangsins.

Markmið: Geti skrifað einfaldan stuttan texta með einföldum orðaforða. Að geta lesa stuttan texta og skilið aðalatriðin. Skilji allt venjulegt talað mál í tengslum við námsefnið.

Námsgögn: Smart lesbók og vinnubók, Tænk les-og vinnubók ásamt hlustunarverkefnum og önnur verkefni útbúin af kennurum.
Nemendur lásu bækurnar Dumme sms og Sofies dagbog og unnu verkefni. Nemendur horfðu á og unnu verkefni með myndunum Mirakel, Det var en dreng og Af banen.

Á haustönn var hér gestakennari Julie Fleichmann og var aðaláherslan lögð á talað mál.

Þemaverkefni Konfirmationen

Samantekt
Kennslan á haustönn fór fram með gestakennara og var áhersla lögð á talað mál.
Á vorönn var farið í Tænk 1. Kafla og Konformationen. En film: Millie. Lesbækurnar Sofies dagbog og Nye tricks.

Konfirmationen var unnin í hópavinnu og skilin munnleg.

9. bekkur
Dönskukennarar í 9. bekk voru, Guðríður Sigurðardóttir og Kristín Ólafsdóttir. Nemendur árgangsins voru 39 og fjórir nemandur voru ekki í dönsku.. Kennt var í heimastofum árgangsins í tveimur hópum.

Markmið Að skilja aðalatriðin í töluðu máli um málefni sem þau þekkja.Geti lesið texta og leitað eftir tilteknum upplýsingum á neti og í uppflettiritum. Geti sagt frá texta frásagnir með aðstoð minnispunkta. Geti skrifað stuttan texta út frá lykilorðum.

Á haustönn var hér gestakennari Julie Fleichmann og var aðaláherslan lögð á talað mál.

Námsgögn Tænk les-og vinnubók ásamt hlustunarverkefnum. Unnið var úr kaflanum Hjemmet og Fritid,
Lesnar voru bækurnar Blodhævn, Nye triks og Onde mobilfotos og unnin verkefni.

Þemaverkefni : Ferðabæklingur (unnin í samvinnu við enskukennsluna)
Hringekjuverkefni þar sem unnin voru blönduð verkefni.

Samantekt
Kennslan á haustönn var unnin í samvinnu við gestakennara þar sem áherlsa var lögð á talaða mál.
Vorönn byrjaði á Tænk les og vinnubók í henni voru unnir kaflarnir Hjemmet og Fritid.
Hringekja með ýmsum verkefnum, í lok vorannar var unnin ferðabæklingur í samvinnu við enskukennslu.

10. bekkur
Dönskukennarar í 10. bekk voru Guðríður Sigurðardóttir og Kristín Ólafsdóttir. Nemendur árgangsins voru 50. Einn nemandi var ekki í dönsku.
Hóparnir voru tveir og kennt í tveimur blönduðum hópum. Kennt var í stofum árgangsins.

Námsgögn: Ekko, les-og vinnubók ásamt hlustunarverkefnum, Dejlige Danmark, les-og vinnubók. hringekjuverkefni með ýmsum verkefnum frá kennurum. Koldt blod, (tvær bækur) sem hóparnir lásu og unnu verkefni úr. Sagnapróf.
Litli hópur notaði mest Smart les og vinnubók.

Á haustönn var hér gestakennari Julie Fleichmann og var aðaláherslan lögð á talað mál.

Samantekt

Kennslan á haustönn var unnin í samvinnu við getstkakennara þar sem áherlsa var lögð á talaða mál.

Vorönn, sagnapróf voru lögð fyrir vikulega síðustu 12 vikur vetrarins.
Kaflinn Livstil unninn í Ekko. Hringekja var á vorönn með blönduðum verkefnum.
En film: Store drömme
Koldt blod með verkefnum.

Eins og kemur fram hér að ofan þá voru unnin þemaverkefni og hringekjuverkefni á hverju stigi. Hefur sú vinna leitt það af sér að minna er um hefðbundna les-og vinnubókarvinnu sem okkur finnst skila betri árangri.

Í dönskunni var unnið með einstaklingsmiðaðnám og í hverjum árgangi voru nokkur mismunandi verkefni í gangi og miðaðist námsmat við það.

Góð og jákvæð samvinna er í dönskukennarahópnum.

Guðríður Sigurðardóttir

Tækniráð

Í tækniráði voru 13 nemendur og fengu tvær kennslustundir á viku fyrir áramót. Flestir sem voru í tækniráði höfðu ekki verið þar áður. Verkefnin voru mismunandi, nemendur lærðu að gera upp snúrur, þrífa ljós, hengja, tengja og stilla ljós, prógramma ljósaborð og uppfæra ef með þarf. Okkur var boðið á 2 daga ljósanámskeið hjá Litla Leikklúbbnum sem nokkrir nýttu sér, en hinir fengu að sjá glærurnar sem notaðar voru þar. Farið var í hvað þarf að hafa í huga þegar lýstar eru leiksýningar annars vegar og böll hins vegar. Nemendur lærðu að tengja saman hátalara, bassabox við mixer (sem skólinn á) og mixerinn sem félagsmiðstöðin á. Í tækniráði fer fram mikil jafningjafræðsla.
Böllin voru 7 í vetur sem tækniráð sá um fyrir utan félagsmiðstöðvarböll og uppákomur, en þau sömu hafa séð um uppsetningar á báðum stöðum. Ráðið sá um lýsingu á fyrsta des, árshátíð, freestyle keppninni og uppsetningu ef eitthvað var um að vera í grunnskólanum. Nokkrir af okkar nemendum hafa verið að vinna að auki með Litla leikklúbbnum. Hópurinn var virkur fyrir áramót en eftir áramót þynntist hópurinn töluvert og lenti það alltaf á sömu nemendunum að sjá um uppákomur. Ég tel nauðsynlegt að hafa tíma hjá tækniráði allt kennsluárið.
Varðandi tækjabúnað var farið yfir snákinn og hann lagaður, hátalarar og bassabox voru löguð en Særaf sá um það fyrir okkur. Núna á vormánuðum voru keyptar mismunandi snúrur; dmx og xlr. Tækin eru komin til ára sinna og þarf að uppfæra á næstu árum. Ég fékk Önund Pálsson til að leiðbeina mér með hvað þarf að gera við í sambandi við hljóð. Núna í sumar ætla ég að kynna mér betur í sambandi við hljóð og ljós.
Tækjalisti er inni á sameign.

Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Skólaráð

Skólaráð var stofnað við GÍ í október 2009. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Fulltrúar í skólaráði eru skipaðir í tvö ár í senn, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda og skólastjóri. Fulltrúar sl. vetur voru Laufey Eyþórsdóttir kennari, Hlíf Guðmundsdóttir kennari, Alma Björk Sigurðardóttir stuðningsfulltrúi, Heiðrún Tryggvadóttir foreldri, Sigríður Kristjánsdóttir foreldri, Birta Dögg Guðnadóttir, Jóhanna María Steinþórsdóttir nemandi, Albert Högnason fulltrúi úr nærsamfélaginu og Sveinfríður Olga Veturliðadóttir skólastjóri. Ráðið fundaði fimm sinnum yfir veturinn og voru helstu verkefni að fara yfir skólanámskrá, starfsmannahandbók, starfsáætlun og skóladagatal. Einnig voru kynnt fyrir ráðinu önnur verkefni í skólanum svo sem sjálfsmat, frímínútnaskipulag, kennslustundaúthlutun,byrjendalæsi, og hvers konar skipulag.

Fjárhagsáætlun skólans

Fjárhagsáætlun grunnskóla Ísafjarðarbæjar er hluti af fjárhagsáætlun bæjarins. Framsetningin er samkvæmt fyrirmynd um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001. Áætlun þessi er svokölluð rammaáætlun þar sem tekjum og gjöldum er skipt í bundna og óbundna liði. Heimilt er að breyta upphæðum óbundinna liða þannig að ef einn útgjaldaliður hækkar verður annar að lækka á móti til að kostnaður samtals hækki ekki umfram viðmiðunarmörk áætlunarinnar. Fjárhagsár skólans er almanaksárið eins og í öllum almennum rekstri.
Endurskoðuð áætlun fyrir árið 2013 var 459.872.474 kr. Þegar upp er staðið var staðan í árslok 454.324.452 kr. eða 5.5548.022 kr.undir áætlun.
Eftirfarandi verkefni og búnað þarf að hafa í huga við næstu fjárhagsáætlunargerð; endurnýjun á nemendahúsgögnum, 2-3 kennslustofur á ári, viðgerð á gipsplötum í nýja skólanum, nýtt lyklakerfi, viðgerð og málun á allflestum kennslustofum, (þe efri hæðin í gamla gagnfræðaskólanum og allur guli skólinn), gardínur í nokkrar kennslustofur, háfar í heimilsfræðistofur, uppþvottavél í aðra heimilisfræðistofuna, skrifborðsstóll.Óskað er eftir að kaupa bekkjarsett af spjaldtölvum (ipad). Tími er kominn á gagngerar lagfæringar á hátíðarsal skólans og hefur verið óskað eftir lagfæringum á salnum áður. Ræstikompa á 2. hæð(gula skóla) þarfnast lagfæringar. Einnig þarf að smíða utan um ruslagáma við skólann.

Starfsmarkmið vetrarins

Markmið skólaárins 2013-2014 voru tíu.

1. Að efla nemendalýðræði og virkja nemendur betur til beinnar þátttöku í skipulagi ákveðinna þátta í skólastarfinu. Einnig að efla ábyrgð þeirra á eigin námsumhverfi og líðan í kennslustundum.
   Mat: Ánægja nemenda og kennara með vinnuna verður metin með stuttri spurningakönnun.
   Niðurstöður: 54% nemenda töldu þingið áhugavert, 60% að slík vinna væri líkleg til að efla áhrif nemenda í skólanum og 60% að það væri gagnlegt fyrir skólabraginn. Yngri nemendur voru almennt jákvæðari en þeir eldri.

   Kennarar voru spurðir fjögurra spurninga varðandi þingið og vinnuna sem fram fór meðal nemenda að því loknu. Allir telja vinnuna hafa skipt máli fyrir skólabraginn og 90% telja líklegt að hún verði til að efla ábyrgð nemenda á námi sínu og hegðun.

2. Að auka þátttöku foreldra og skólaráðs í stefnumótun fyrir skólann
   Mat: Skráður verður fjöldi þeirra þátttakenda í stefnumótun sem alla jafna standa utan daglegs skólastarfs.
   Niðurstöður: Alla jafna eru það aðeins kennarar sem taka þátt í stefnumótunarvinnu í skólanum því teljum við rétt að telja þá starfsmenn skólans sem ekki sinna kennslu með þeim hópi sem yfirleitt kemur ekki að slíkri skipulagsvinnu. Á skólaþingi sem haldið var haust voru 69 þátttakendur. Af þeim voru 26 kennarar ,19 aðrir starfsmenn skólans og 22 foreldrar. Því má segja að 59% þátttakenda hafi verð úr hópi þeirra sem alla jafna standa utan daglegs skólastarfs. Einnig er rétt að geta þess að í kennarahópnum sem tók þátt eru jafnframt 9 foreldrar skólabarna þannig að hlutdeild foreldra í vinnunni var jafnvel enn stærri.
3. Að ljúka við gerð kafla 1, 2, 3 og 4 í skólanámskrá.
   Mat: Skoðað í júní 2014.

Niðurstöður: Innihald kafla 1, 2 og 3 er tilbúið en ritstjórnarvinna er eftir. Í kafla 4 vantar enn markmið vegna nokkurra námsgreina og verður haldið áfram með hann næsta vetur.

4. Að vinna að samstilltum viðbrögðum starfsmanna til að kenna nemendum yngsta stigs að sinna þörfum sínum á jákvæðan hátt án þess að trufla möguleika annarra á því að gera slíkt hið sama.
   Mat: Huglægt mat starfsmanna á hvort þessar aðgerðir virki vel við bekkjarstjórnun og til að stuðla að betri leikjum í frímínútum.
   Niðurstöður: Mat kennara á yngsta stigi er að vinna með kerfið sem kallað er litahegðun virki vel. Þó má eftirfylgni af hálfu kennara vera betri.
5. Að vinna með Dægradvöl og HSV að samstilltum viðbrögðum til að kenna nemendum yngsta stigs að sinna þörfum sínum á jákvæðan hátt án þess að trufla möguleika annarra á því að gera slíkt hið sama.
   Mat: Huglægt mat starfsmanna á hvort þessar aðgerðir komi að gagni við að kenna nemendum betri samskipahætti og til að stuðla að betri leikjum í frímínútum.
   Niðurstöður: Haldið var námskeið fyrir þessa starfsmenn en að betur athuguðu máli teljum við það ekki vera okkar að meta hvort starfsmenn annarra stofnana telja þetta gagnlegt.
6. Að móta betur og efla samstarf skólans við atvinnulífið.
   Mat: Í júní 2014 á að liggja fyrir mótuð áætlun um samstarf.
   Niðurstöður: Áætlun liggur ekki fyrir en búið er að hafa samband við nokkur fyrirtæki sem hafa lýst yfir vilja til samstarfs um menntun einstakra nemenda.
7. Að koma betur til móts við þarfir nemenda yngsta stigs og foreldra þeirra með því að fella hluta af frístundadagskrá inn í skipulag skóladagsins.
   Mat: Í apríl 2014 verður kannað með spurningakönnun hvernig foreldrar meta nýtt skipulag á skóladegi yngstu nemenda.
   Niðurstöður: Foreldrar voru spurðir um viðhorf þeirra til verkefnisins á foreldraviðtalsdegi í febrúar. 94% foreldra voru ánægðir eða mjög ánægðir með verkefnið.
8. Að auka öryggi kennara á mið- og unglingastigi við stærðfræðikennslu.
   Mat: Í júní 2014 verða þátttakendur í verkefni um eflingu öryggis í stærðfræðikennslu beðnir um að leggja mat á gagnsemi verkefnisins.
   Niðurstöður: 10 kennarar við skólann tóku þátt í þessu verkefni. Verkefnið var metið af hálfu umsjónarmanna og samkvæmt því mati telja 6 kennarar að verkefnið verði til að styrkja þá í stærðfræðikennslunni og að þeir muni nýta sér efni þess við skipulagningu kennslu næsta vetrar.
9. Að veita nemendum tækifæri til að taka þátt í erlendu samstarfi.
   Mat: Umsókn um erlent samstarf liggur fyrir, í júní 2014 verður gerð grein fyrir afgreiðslu hennar og vinnslu málsins ef umsókn verður samþykkt.
   Niðurtöður: Nemendur og kennarar í núverandi 10.bekk hafa verið í samstarfi við skóla í Portúgal, Kýpur, Rúmeníu og Pólland í vetur. Verkefnið heldur áfram næsta vetur.
10. Að vinna áfram að Grænfánaverkefni.
    Mat: Í tengslum við endurskoðun skólanámskrár verður tekið skref fimm í átt að grænfána.
    Niðurstöður: Ákveðið hefur verið að hætta formlegri vinnu við Grænfána. Skólinn mun að sjálfsögðu samt sem áður taka þátt í umhverfisvernd af fullri ábyrgð.

Samræmd próf

Samræmd könnunarpróf í 10. bekk í íslensku, stærðfræði og ensku fóru fram 23.-25 september 2013. Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk fóru fram dagana 26. og 27. september 2013. Heildarniðurstöður árganganna eru eftirfarandi:

Meðaleinkunn á kvarðanum 1-10 4. bekkur

	GÍ	Landið	Mismunur
Stærðfræði	6,0	6,8	-0,8
Íslenska	5,5	5,9	-0,4

Meðaleinkunn á kvarðanum 1-10 7. bekkur

	GÍ	Landið	Mismunur
Stærðfræði	6,9	6,8	0,1
Íslenska	6,1	6,4	-0,3

Meðaleinkunn á kvarðanum 1-10 10.bekkur

	GÍ	Landið	Mismunur
Íslenska	5,6	5,9	-0,3
Enska	6,6	7,0	-0,4

Haustið 2013 er í fyrsta skipti gefið í bókstöfum í stærðfræði í samræmdum prófum í 10.bekkHlutfall nemenda með tilteknar bókstafaeinkunnir í GÍ borið saman við aðra nemendur á landinu er sem hér segir.

	landið	GÍ
A	12%	16%
B	48%	51%
C	26%	19%
D	14%	14%

Forföll nemenda

Samkvæmt því sem skráð hefur verið í mentor hefur ástundum nemenda við skólann verið sem hér segir skólaárið 2013-2014. Nemendur hafa komið 1690 sinni of seint eða að hver nemandi hafi komið 4,8 sinnum of seint. Fjarvistir úr kennslustundum hafa verið1130 eða að meðaltali 3,2 fjarvistir á hvern nemanda. Þess ber að geta að fjarvistir hjá nemendum á yngsta- og miðstigi eru undatekningatilvik. Leyfisdagar hafa verið 2341 eða að meðaltali 6,6 á hvern nemenda og veikindadagar 2759 eða að meðaltali 7,8 á hvern nemenda skólans. Miðað við árið í fyrra hefur dregið úr seinkomum og fjarvistum en leyfisdagar eru ívið fleiri á hvern nemenda nú en í fyrra. Fjöldi veikindaga er svipaður að meðaltali og í fyrra.

Forföll starfsfólks

Samkvæmt skráningum eru veikindadagar starfsmanna 763, veikindadagar vegna barna 159 og leyfisdagar 292. Alls gerir þetta 1214 fjarverudaga. Að meðaltali eru 9,1 veikindagar á

hvern starfsmann og 4,5 leyfisdagar. Búið er að draga frá veikindadaga þriggja starfsmanna sem hafa verið í veikindaleyfi allt skólaárið. Það hafa því verið að jafnaði 5,9 starfsmenn frá á hverjum degi eða 8,4%.

Um innra mat

Ekki var starfandi sjálfsmatsteymi við skólann þetta skólaár en þær kannanir sem gerðar voru meðal nemenda og foreldra byggðu á fyrri vinnu teymisins. Jóna Benediktsdóttir sá um úrvinnslu kannana og bar ábyrgð á skýrslugerð. Helstu matsverkefni þessa skólaárs voru „Nám og námsárangur“, „Upplýsingastreymi frá skóla til foreldra, ánægja foreldra með umsjónarkennara og viðhorf foreldra til skólans“ og „Líðan og þarfir nemenda“. Niðurstöður kannana varðandi þessi efni voru fyrst kynntar á kennarafundum og umbótaáætlun unnin í samræmi við umræður og tillögur kennara. Skýrslur um fyrri tvö verkefnin hafa verið sendar fræðslunefnd og skýrsla um verkefnið „Líðan og þarfir nemenda“ verður send fyrir júnílok.
Að auki er unnið með markvissum hætti að endurskoðun skólanámskrár til samræmis við nýja aðalnámskrá. Áætlanir um endurskoðun skólanámskrár hafa ekki alveg gengið eftir þar sem tímafrekara reyndist en gert var ráð fyrir að endurskoða öll námsmarkmið skólans. Á áætlun var að ljúka gerð fyrstu fimm kaflanna. Búið er að leggja drög að köflum 1,2,3 og 5 og kafli 4 er í vinnslu. Einnig á eftir að vinna talsverða ritstjórnarvinnu.

Jóna Benediktsdóttir

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl eru vettvangur fyrir skoðanaskipti og eiga að bæta tengsl starfsmanns og yfirmanns. Tilgangur með starfsmannasamtölum er að gefa stjórnendum og starfsmönnum tækifæri til að ræða starfið og gagnkvæmar væntingar. Að starfsmaður verði betur búinn undir að takast á við framtíðarverkefni. Að huga að þroska starfsmanns og þróun viðfangsefna hans til lengri tíma. Að meta þörf á fræðslu.
Allir starfsmenn skólans eiga rétt á slíku viðtali og skipta stjórnendur með sér verkum og tóku alla starfsmenn í viðtal í vetur.

Aðkeypt þjónusta

Skólinn fær sérfræðiþjónustu af Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Einnig keypti skólinn þjónustu Tungumálavers Laugalækjarskóla fyrir nemendur sem læra annað tungumál en dönsku. Skólinn er í samstarfi við Bæjar- og héraðsbókasafn Ísafjarðar og greiðir hluta kostnaðar við skráningarkerfi bókasafna. Einnig þarf stundum að kaupa þjónustu iðnaðarmanna vegna ýmissa smáverkefni.

Skrifstofa Grunnskólans á Ísafirði

Ritarar á skrifstofu skólans eru tveir í um 87% starfshlutfalli samanlagt. Það eru Svanfríður Arnórsdóttir ritari og Guðrún S. Bjarnadóttir ritari. Skrifstofan er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 7:45-15:00.
Helstu verkefnin á skrifstofunni eru símsvörun, móttaka og upplýsingagjöf bæði til nemenda, foreldra, samstarfsmanna og gesta. Ritari tekur við forföllum nemenda og starfsmanna og skráir forföll nemenda. Ritari sér hefur umsjón með skrifstofuvörum skólans, s.s. ritföngum og pappír sem og innkaupum á þeim.

Viðmiðunarstundaskrá

Í aðalnámskrá grunnskóla er svokölluð viðmiðunarstundaskrá sem sýnir áætlaða tímaskiptingu og fjölda kennslustunda í tilteknum námsgreinum/árgöngum. GÍ uppfyllir lög og reglur varðandi lágmarkstímafjölda í bekkjum. Eftirfarandi tafla sýnir áætlaða viðmiðunarstundaskrá GÍ fyrir skólaárið 2013-2014

Áætlaður fjöldi kennslustunda og skipting milli námsgreina árið 2013-2014

Námsgreinar / árg:	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Íslenska	6	6	7	6	6	6	6	6	6	6
Stærðfræði	6	6	6	5	6	6	5	6	6	6
Danska							3	4	4	4
Enska				1	2	2	2	4	4	4
Heimilisfræði	1	1	1	1	1	1	1			
Íþróttir / sund	4	4	4	4	3	3	3	3	3	3
Listir - myndmennt	2	2	1	2	1	1	1			
Listir - tónmennt	1	1	1	1	0	0				
Listir - dans	1	1	1	1	0	0	0			
Listir - textílmennt	1	1	1	1	1	1	1			
Lífsleikni - umsjón				1	1	1	1	1	1	1
Náttúrufræði	3	3	3	2	3	3	3	4	3	3
Samfélagsgr. / kristinfr. / trúfr.	3	3	3	3	4	4	3	4	3	3
Uppl. & tæknim. / smíðar	1	1	1	1	1	1	1			
Uppl. & tæknim. / tölvur+ ritv.	1	1	1	1	2	2	2			
Val nemenda								5	7	7
Val skóla	0	0	0	0	4	4	4	0	0	0
Samtals vikustundir:	**30**	**30**	**30**	**30**	**35**	**35**	**35**	**37**	**37**	**37**

Samstarf Grunnskólans og leikskólanna

Samstarf Grunnskólans og leikskólanna er í nokkuð föstum skorðum. Nemendur í væntanlegum 1. bekk koma í þrjár skólaheimsóknir. Fyrst koma þeir með kennurum sínum í leikskólanum og skoða skólann. Í næstu heimsókn fá þeir að sitja kennslustund með nemendum í 1. bekk og hafa umsjónarkennarar 1. bekkja séð um það. Í þriðju og síðustu heimsókninni sem er í lok skólaársins, koma nemendur með foreldrum sínum og hitta verðandi kennara sína. Þeir hafa unnið með þeim ákveðin verkefni og meira að segja verið sett fyrir verkefni til að vinna að sumrinu. 1. bekkingarnir fóru líka í heimsókn á báða leikskólana í haust. 7. bekkingar og verðandi 1. bekkingar áttu svo skemmtilegan dag saman í lok skólaársins.

8. Samvinna og tengsl við aðila utan skólans

Grunnskólinn á Ísafirði hefur átt gott samstarf við ýmsa aðila utan skólans. Þeir voru helstir í vetur:

Barna og unglingageðdeild Landspítala (BUGL): Nemendum með alvarleg hegðunar-vandkvæði eða tilfinningalega erfiðleika er vísað á BUGL til greiningar og/eða meðferðar.

Byggðasafn Vestfjarða: Tók á móti 3. bekk á leikjadegi. Nemendur svöruðu spurningum, fengu svala og boli.

Björgvin Sveinsson: Sér um áætlunarakstur í Önundarfjörð.

Björgunarfélag Ísafjarðar: Nemendur í 8.-10. bekk fá þátttöku sína metna sem val.

Bæjarbókasafnið: Bekkir fóru í heimsókn og kynntu sér sumarlestur bókasafnsins og skráðu sig mörg til leiks.

Dægradvöl: Nemendur í 1.-3. bekk geta sótt dægradvölina eftir að skóla lýkur. Íþrótta- og tómstundafulltrúi hefur umsjón með rekstrinum.

Elías Sveinsson: Keyrir oft nemendur skólans í ferðum á vegum hans.

Elfar Logi Hannesson: Sýndi leiksýninguna um Gísla Súrsson á ensku fyrir 10. bekk og erlenda gesti á vegum Comeniusarverkefnis. Elfar var einnig með leiksýninguna um Bjálfansbarnið fyrir yngsta stigið.

Eyarsól: Nemendur 7. bekkja hittu nemendur á Eyrarsól og áttu með þeim góðan dag. Þessir nemendur eru verðandi vinabekkir.

Fablab: Kennsla fer fram í valgreinum bæði á mið- og unglingastigi. Tók á móti erlendum gestum vegna Comeniusarverkefnis.

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf: Er eigandi alls húsnæðis og sér um viðhald og endurnýjun á því.

Ferðaþjónusta fatlaðra: Sér um akstur fyrir fatlaða nemendur skólans.

Félagsmiðstöðin Djúpið: Er rekin af íþrótta- og tómstundaráði bæjarins. Félagsmiðstöðin er opin nemendum unglingastigs á skólatíma, síðdegis og nokkur kvöld í viku. Mikið samstarf er við félagsmiðstöðina, t.d. Samfés söngvakeppnin, 1. des hátíðin og ýmislegt annað félagsstarf nemenda. Nemendaráð skólans starfar í tengslum við félagsmiðstöðina og skipuleggur starf hennar í samstarfi við forstöðumann.

Foreldrafélag G.Í.: Hefur boðið upp á námskeið fyrir foreldra og sýningar fyrir nemendur sem og styrkt skólann með góðum gjöfum.

Gídeonfélagið: Félagar heimsækja skólann og færa nemendum 5. bekkja Nýja Testamentið að gjöf.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR): Börn með alvarlega námserfiðleika og þroskafrávik fá í flestum tilvikum greiningu á GRR. Aðilar frá GRR voru með fræðsluerindi fyrir starfsfólk.

Grunnskólar Ísafjarðarbæjar: Samstarf milli grunnskóla í Ísafjarðarbæ er með ýmsum hætti. Sameiginleg námskeið fyrir kennara og starfsfólk skólanna hafa verið haldin. Skólastjórnendur funda um það bil einu sinni í mánuði ásamt sviðsstjóra skóla-og tómstundasviðs.

Grunnskóli Bolungarvíkur hélt íþróttahátíð þar sem nemendur víða af Vestfjörðum öttu kappi.

Hafrannsóknarstofnun: Nemendur í 6. bekk fóru í heimsókn.

Háskóli Íslands - menntavísindasvið: Skólinn tekur árlega á móti kennaranemum í æfingakennslu.

Háskólinn á Akureyri: Samstarf vegna byrjendalæsis.

Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar: Heilsugæsla skólans er á vegum heilbrigðisstofnunar og er hjúkrunarfræðingur í hlutastarfi við skólann alla daga vikunnar.

Hólar í Dýrafirði: tóku á móti 3.bekk í sveitaferð.

HSV: Samstarfsaðili vegna frístundar – íþróttaskólinn.

Ísfirðingafélagið í Reykjavík: Hefur í mörg ár veitt útskriftarnema peningaverðlaun fyrir lofsverða ástundun og virka þátttöku í félagsstarfi.

Ísafjarðarkirkja: Kirkjan hefur tekið á móti þeim bekkjum(árgöngum) sem þess óska og kynnt fyrir þeim starfið í kirkjunni. Skólaslit GÍ fara einnig ávallt fram í kirkjunni.

Íslandsbanki: Tók á móti nemendum í 9. bekk og fræddi þá um fjármál.

Íslandssaga og Klofningur: Nemendum í 1. bekk var boðið í heimsókn og þeim sýnd fiskvinnslan, hausþurrkunarstöðin og boðið í bátsferð. Tekið var mjög höfðinglega á móti fulltrúum G.Í. og erlendum gestum þeirra á sumardaginn fyrsta vegna Comeniusarverkefnis.

Kiwanis klúbburinn á Ísafirði: Færir 1. bekkingum reiðhjólahjálma.

Kvenfélagið Hlíf: Veitir nemendum í 10. bekk viðurkenningar fyrir verk- og listgreinar.

Kvenfélagið Hvöt í Hnífsdal: Veitti skólanum 200 þúsund króna styrk til kaupa á gögnum í Byrjendalæsi.

Landsbanki: Tók á móti nemendum í 9. bekk og fræddi þá um fjármál.

Listaskóli Rögnvaldar: Nemendur frá Listaskólanum hafa spilað á útskrift og nám við skólann fæst metið sem val í 9. og 10. bekk.

Leikskólarnir Eyrarskjól og Sólborg: Grunnskólinn og leikskólarnir hafa með sér samstarf sem miðar að því að viðhalda góðum tengslum og samvinnu á milli skólastiganna. Nemendur 1.bekkja fara í heimsóknir á leikskólana og elstu nemendur leikskólanna koma í skólaheimsóknir á vorin

Lögreglan: Hefur verið með umferðargetraun í desember í mörg ár.

Melrakkasetrið í Súðavík: Tóku á móti 9. bekk að vori

Menntaskólinn á Ísafirði:. MÍ býður 10. bekkingum í námskynningu. Námsráðgjafi og áfangastjóri M.Í. komu í heimsókn í G.Í. og kynntu skólann.

MND-samtökin komu og kynntu starfsemi sína.

Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík: 2. og 5. bekkur hafa farið mörg undanfarin ár í safnið og unnið verkefni.

Nigel Quashie leikmaður og aðstoðarþjálfari B.Í. heimsótti nemendur 10. bekkjar og ræddi við þá um lífið og tilveruna.

Orkubú Vestfjarða: Tók á móti 8. bekk í Mjólkárvirkjun, sýndi nemendum stöðvarhúsið og bauð upp á hressingu.

Rauði kross Íslands hélt námskeið fyrir nemendur 10. bekkjar. Hermann Níelsson og Auður Ólafsdóttir sáu um fræðsluna.

Rótarý – klúbbur Vestfjarða: Veitir nemendum í 8.-10. bekk viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir.

Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri: Tekur á móti 8. bekk á hverju ári.

Sigurjón Guðmundsson tannlæknir heimsótti nemendur 10. bekkjar og fræddi þá um tannheilsu.

Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar fluttu nemendur og fararstjóra til Flæðareyrar vegna haustferðar 10. bekkjar.

Skáld í skólum – Eiríkur Örn Norðdahl og Hildur Knútsdóttir kynntu sig og verk sín.

Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar: Gott samstarf er á milli skíðasvæðisins og skólans vegna skíðaferða nemenda.

Skógræktarfélag Ísafjarðar: Nemendur í 6. bekk hafa gróðursett plöntur í vorferð og sett niður um 150 plöntur frá Yrkjusjóði.

Skólabúðirnar að Reykjum Hrútafirði: Nemendur í 7. bekk hafa farið í mörg undanfarin haust í skólabúðirnar.

Skóla- og tómstundasvið: Hefur rekstrarlegt og faglegt eftirlit með starfsemi skóla Ísafjarðarbæjar. Skóladeild veitir eftirfarandi sérfræðiþjónustu; einstaklingsþjónusta - greining og úrræði. T.d. sálfræðileg og kennslufræðileg greining námsvandamála og greining samskipta og hegðunarvandamála. Sérkennsluráðgjöf og aðstoð við áætlanagerð. Handleiðsla og ráðgjöf til starfsfólks skóla og foreldra.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar: Slökkviliðsmenn heimsækja 3. bekkinga og eru með eldvarnafræðslu. Samstarf vegna rýmingaræfinga og starfskynninga. Sér um eldvarnareftirlit í skólanum. 4. bekkur fékk að fara með á rúntinn á slökkvibílnum.

Sundlaug Bolungavíkur bauð 5.bekk í sund á vordögum.

Tóbaksvarnarnefnd, Lýðheilsustöð og Krabbameinsfélagið: Nemendur í 7. og 8. bekk hafa oft tekið þátt í verkefninu *Verum reyklaus*.

Tónlist fyrir alla. Hljómsveitin Skuggamyndir frá Býzans flutti lög frá fjarlægum löndum.

Tónlistarskóli Ísafjarðar: Mikið samstarf er á milli skólanna. Tónlistarskólinn býður Grunnskólanum á nemendatónleika og nemendur frá tónlistarskólanum spila á útskrift. Grunnskólinn fær mjög oft aðgang að Hömrum, sal tónlistarskólans. Dagur íslenskrar tungu er haldinn 16. nóvember þar sem allir nemendur koma saman í hópum. Lokakeppni stóruupplestrarkeppninnar í 7. bekk er haldinn í Hömrum. Nám í skólanum er metið sem val í 8.-10. bekk. 4. bekkur og 8. bekkur héldu tónleika fyrir hvort annað í Hömrum.

VáVest: Stýrihópur um vímuefnaforvarnir. Skipulagði sjálfstyrkingarfræðslu frá foreldrahúsi. Var í miklu samstarfi vegna verkefnis í einum árgangi.

Þorgrímur Þráinsson ræddi við nemendur 10. bekkjar um að setja sér markmið í lífinu. Námskeiðið hét: Verum ástfangin af lífinu.

Vestfirskar ævintýraferðir keyrðu 10. bekk í vorferðalagi til Skagafjarðar. Einnig sáu þeir um akstur vegna heimsóknar erlendra gesta í tengslum við Comeniusarverkefni. Sjá einnig um áætlunarakstur og skólaakstur, ásamt akstri í ýmsar ferðir á vegum skólans.

Auk þess hafa mörg fyrirtæki í Ísafjarðarbæ tekið á móti nemendum í 10. bekk í starfskynningu og þökkum við fyrir það.